

BIRNA ÍRIS JÓNSDÓTTIR

Fór úr iðnhönnun yfir í hugbúnaðarhönnun

Stúfult blað af atvinnuauðgýsingum

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ARNAR JÓNSSON

Stórleikarinn dregur sig í hlé frá Bakkynjum

Gömul meidsli taka sig upp



EGGERT MAGNÚSSON

Hitti Ken Livingstone að máli í Lundúnum

Einn dagur með stjórnarformanni West Ham

SÍÐA 16



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. janúar 2007 – 20. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Vandinn að velja ný leikrit
Páll Baldvin Baldvinsson um Sælu-eyju Þjóðleikhússins
MENNING 29

Súr hrogn og hvalrengi
Auðlindir hafnsins leika stórt hlutverk í þorramatnum.
FÓLK 38




Alþjóðavæðingin
„Hnattvæðingin hefur átt mikinn þátt í því að skapa aukinn hagvöxt og velmegun, bæði í iðnríkjunum og hinum fátækari ríkjum eins og Kína,” segir Illugi Gunnarsson.
Í DAG 10

Léttur sigur
Ísland vann auðveldan sigur á Ástralíu í fyrsta leik liðsins á HM í Þýskalandi í gær.
ÍPRÓTTIR 30-32



VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR - Í dag verður hæg breytileg átt. Bjart veður syðra en stöku el norðan til. Frost 0-12 stig, kaldast inn til landsins.

Útsala
Opið 13-17 í dag
Nýtt kortatímabil
Kringlan

Mikil vonbrigði Samfylkingar

Samfylking hefur aldrei mælst minni í skoðanakönnunum Fréttablaðsins en nú. Vinstri græn hafa hins vegar aldrei mælst stærri. Aldraðir og öryrkjar myndu ná manni inn, ef landið væri eitt kjördæmi. Fylgi Sjálfstæðisflokksins, Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins breytist lítið á milli kannana.


SKOÐANAKÖNNUN „Þetta eru mikil vonbrigði, en ég bendi á að þarna eru rúm 40 prósent sem gefa ekki upp sína afstöðu,” segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, en samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins mælist flokkurinn með rúmlega 21 prósent fylgi og hefur ekki mælst minni í könnunum blaðsins. „Ég er búin að fara á fundi víðs vegar um landið og þetta er ekki í samræmi við þann baráttuhug sem ég finn.“

Formaður Vinstrihreyfingarnar - græns framboðs er nokkuð brattari og segist þrýðilega við una, en 19,4 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn og hafa vinstri græn ekki mælst stærri í könnunum Fréttablaðsins.

„Niðurstöðurnar sýna líka að nú er dúndrandi færi andstöðunnar á að fella ríkisstjórnina. Þetta er

FYLGI STJÓRN MÁLAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



þrýðilegur endir á góðri helgi hjá okkur.“

Rétt rúm 40 prósent segjast

myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður flokksins, ánægjulegt að sjá flokkinn bæta við sig milli kannana. „Það sem er að gerast hjá Samfylkingunni er líka mjög athyglisvert, það er greinilegt að fólk kann ekki að meta þetta tal um evruna. Nú geta vinstri græn og Samfylking farið að bitast um það af alvöru hver verður forsætisráðherraefni.“

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, segir niðurstöðurnar hughreystandi, en fylgi flokksins eykst um 0,6 prósentustig milli kannana og segjast 7,4 prósent myndu kjósa flokkinn. „En um leið sýnir þetta okkur að verkefnið er allt framundan.“

„Við getum ekki annað en verið sæmilega sáttir við okkar niðurstöðu,” segir Guðjón Arnar Kristj-

ánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Tíu prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn. „Við virðumst halda í fylgisaukninguna fyrir flokkinn, þó minnkum við svona aðeins. Ég veit ekki hvort það ber keim af deilunum sem hafa verið innan flokksins, að þær hafi haft áhrif á fylgið.“

1,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku sögðust myndu kjósa eitthvað annað og nær allir af þeim sögðust myndu kjósa framboð aldraðra og/ eða öryrkja.

Reynir Ingibjartsson, formaður Aðstandendafélags aldraðra, segir þetta sýna að það eru einhverjir sem taka slíkt framboð alvarlega. „Flokkarnir þurfa að átta sig á að ef það verður ekki breyting í mál-efnum aldraðra getur það endað á því að svona flokkur fái umtalsvert fylgi.“
- ss/sjá síðu 4



TEKUR VIÐ KEFLINU Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir flutti síðasta ávarp sitt sem rektor Háskólans í Reykjavík og afhenti dr. Svöfu Grönfeldt boðkefli embættisins í lok athafnarnar í Háskólabíói.

Svafa Grönfeldt tók við embætti rektors HR af Guðfinnu Bjarnadóttur:

Rektorsskipti við útskrift

MENNTUN Dr. Svafa Grönfeldt tók við embætti rektors Háskóla Reykjavíkur við brautskráningu í Háskólabíói á laugardag. Hún tekur við embættinu af dr. Guðfinnu Bjarnadóttur en eins og fram hefur komið fer Guðfinna í launalaust leyfi vegna framboðs fyrir alþingiskosningar næsta vor. Fullsetið var í Háskólabíói og voru Guðfinnu þökkúð vel unnin störf í þágu skólans, en hún hefur gegnt embætti rektors síðastliðin átta ár, frá stofnun skólans.

Brautskráðir voru 257 nemendur, 17 úr laga-deild, 129 úr viðskiptadeild, 79 úr tækni- og verkfræðideild og 32 af frumgreinasviði. Rúm 60 prósent útskrifaðra nemenda eru karlar og tæp 40 prósent konur. Elsti nemandinn sem brautskráðist er 56 ára og lauk BS-prófi í viðskiptafræði en yngsti nemandinn sem útskrifaðist með þriggja ára háskólagráðu er 22 ára. Meðalaldur útskriftarnema er tæplega 32 ár.
- rh

Elton John söng í fimmtugsafmæli

TÓNLIST Hinn heimsfrægi tónlistarmaður sir Elton John spilaði í fimmtugsafmælisveislu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, sem haldin var í Ísheimum, frystigeymslu Samskipa við Vogabakka í gærkvöld. Elton John steig á svið um klukkan níu og spilaði í klukkustund og var honum afar vel tekið af veislugestum.

Meðal annarra flytjenda í veislunni voru Björgvin Halldórsson, Bubbi Morthens og Kristjana Stefánsdóttir sem sungu með Stórsveit Reykjavíkur þegar Elton steig af sviði.
- sps



SIR ELTON JOHN



ÚTSALAN
ER Í FULLUM GANGI
NÝTT KORTATÍMABIL

Risaútsala 80%
Ellingsen

SPURNING DAGSINS



Guðríður, er engin gleði með Glæðheimi?

„Ja, sumir vilja nú kalla þetta Hlaðheimi!“

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs, segir meirihluta bæjarstjórnar hafa leynt skýrslu um neikvæð áhrif uppbyggingar í Glæðheimum á vegakerfið.

Fjarnemendur á Akureyri:

Búa flestir á Suðurlandi

MENNTUN Við Háskólann á Akureyri stunduðu 577 fjarnemendur nám skólaárið 2005 til 2006 og útskrifuðust 214 á síðustu tveimur árum. Flestir fjarnemendanna eru búsettir í Hafnarfirði, eða 204. Stórir hópar eru einnig á Selfossi, Ísafirði og í Vestmannaeyjum. „Samstarfsaðilar okkar í Hafnarfirði hafa verið duglegir að kynna námið,“ segir Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, kynningarstjóri háskólans: „Drjúgur hluti Hafnfirðinganna er í viðskiptafræði, sem er áhugavert, því hún er einnig kennd í öllum hinum háskólunum.“ - kóp



FJÖR Í ÞÝSKALANDI Íslenskir stuðningsmenn hittust fyrir leik á Hótel Ratswaage í Magdeburg í gær. Þar á meðal var fjölskylda Guðjón Vals Sigurðssonar, frá vinstri Þorsteinn Geirsson, Þóra Þorsteinsdóttir eiginkona Guðjóns, Barði Jónsson, Jóna Kristjánsdóttir og Sigurður Geirsson. Fyrir framan hópinn stendur Dagbjört Ina Guðjónsdóttir. Íslendingar unnu leikinn örugglega. Sjá síðu 30. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR.

Bruni í Þorlákshöfn: Íbúðarhús brann til kaldra kola

BRUNI Íbúðarhús í Þorlákshöfn brann til grunna snemma í gærmorgun. Þar kviknaði í öðrum helmingi parhúss við Norðurbyggð sem var mannlús. Móðir með tvö börn býr í hinum helmingi hússins og komust þau út án vandræða.

„Ég vaknaði við brothljóð og sprengingar, leit út og sá húsið brenna,“ segir Andrea Hilmarsdóttir sem býr á móti húsinu sem brann. „Sem betur fer beindist reykurinn frá húsinu okkar þannig að það var aldrei nein hætta á ferðum fyrir okkur.“

Orsakir brunans eru ekki ljósar en málið er í rannsókn. - sþs



PRÓFKJÖR Meðal annars var hægt að kjósa í Fjölbrotaskóla Suðurlands. Kjörstöðum var lokað klukkan sex í gær og koma fyrstu tölur á sama tíma í dag.

Framsókn í Suðurkjördæmi:

3.500 manns kusu í prófkjöri

PRÓFKJÖR Rúmlega þrjú þúsund og fimm hundruð manns kusu í prófkjöri framsóknarmanna í Suðurkjördæmi, sem fram fór í gær. Kjörstöðum, sem voru tuttugu og sex talsins, var lokað klukkan sex í gærkvöldi og hefst talning á hádegi í dag. Fyrstu tölur verða birtar um klukkan sex í kvöld.

„Þetta gekk alveg ljómandi vel,“ segir Skúli P. Skúlason, formaður kjörstjórnar Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi. „Nú er verið að stefna mönnum á Selfoss þar sem talið verður í fyrramálið. Við vonumst til þess að lokatölur verði komnar um sjöleytið.“ - sþs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bjargað úr bardaga við hrafn

Ketti var bjargað úr tré við Marbakka-braut í Kópavogi um fimm leytið í gær. Eigandinn hringdi á slökkvilið þegar hrafn var farinn að atast í kettinum þar sem hann sat fastur í trénu. Að sögn talsmanns slökkviliðs var kötturinn að tapa bardaganum og því feginn björguninni.

Duttu af vélsleðanum

Vélsleðaslys varð skammt frá Skíðaskálanum í Hveradölum um fjögur leytið í gær. Tveir voru fluttir á slyssadeild í Reykjavík eftir að hafa tvímennt á vélsleða, fallið af honum og runnið niður brekku. Ekki er vitað hve alvarleg meiðsl þeirra eru.

Kaldastríðsnefndin fær fullan aðgang

Utanríkisráðuneytið veitir fullan aðgang að eldri skjölum um öryggis- og varnarmál, fyrir sitt leyti. Fyrst er þörf á skrásetningu og flokkun gagnanna, því skjalasafnið er um 850 hillumetrar. Endanlegur aðgangur ákvarðast á Alþingi.

ÞJÓÐARÖRYGGI Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að skjalasafn ráðuneytisins, sem geymir gögn um öryggis- og varnarmál á árunum 1945 til 1991, megi opna fyrir almennungi og fræðimönnum.

Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins til kaldastríðsnefndarinnar svokölluðu, sem barst í gær. Þessi nefnd, sem er skipuð af forsætisráðherra, hefur því svo að segja frjálssar hendur til að semja lagafrumvarp um aðgang að þessu efni, að því er ráðuneytið varðar.

Fyrirvari er þó settur við skjöl sem geyma upplýsingar sem eru leynilegar lögum samkvæmt vegna erlendra skuldbindinga, svo sem þjóðréttarsamninga, en einnig vegna persónuverndar.

„Við erum með svo mikið af skjölum sem við eigum ekki sjálfir,“ segir Grétar Már Sigurðsson ráðuneytisstjóri og bendir á að til að veita aðgang að leynilegum viðaukum varnarsamningsins hafi þurft að fá leyfi frá Bandaríkjamönnum. Mörg NATO-skjalanna séu leynileg og þau megi einungis þeir einstaklingar handfjatta, sem hafa fengið til þess öryggisvottun frá NATO. Grétar segir að ráðuneytið muni gera sitt besta til að fá slíka vottun fyrir nefndina og þá einstaklinga sem nefndin tilnefni til aðgangs í framtíðinni.

Annar fyrirvari er sá að ekki hefur verið farið í gegnum gögnin og þau því ekki skráð með fullnægjandi hætti. Það er mat ráðuneytisins að slík skrásetning tæki þrjú ár fyrir starfsmann í fullu starfi, enda sé skjalasafnið ekkert smáræði; samtals 850 hillumetrar



MÖRG NATO-SKJÖL LEYNILEG Grétar Már Sigurðsson ráðuneytisstjóri bendir á að sum skjöl megi eingöngu þeir handfjatta sem hafa fengið vottun frá NATO.



GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON RÁÐUNEYTISSTJÓRI



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA

af skjölum sem geti varðað öryggis- og varnarmál, fyrir utan eina fimm hundruð hillumetra gagna sem koma að utan, til að mynda úr sendiráðum.

„Við erum alveg opnir gagnvart nefndinni, en nú er það í hönd-

um hennar að útfæra lagafrumvarpið,“ segir Grétar.

Í væntanlegu lagafrumvarpi verður svo endanlega ákvarðað hver og hvernig aðgangur almennings verður að gögnunum.

klemens@frettabladid.is

Margrét Sverrisdóttir:

Sverrir á nafn frjálslyndra

STJÓRNMÁL Sverrir Hermannsson tryggði réttinn á nafni Frjálslynda flokksins árið 1998, þegar fréttist af mögulegu framboði Frjálslynda lýðræðisflokksins fyrir kosningararnar 1999, segir Margrét Sverrisdóttir, einn stofnenda flokksins.

Í DV í síðustu viku voru vangaveltur um að Sverrir og Margrét hefðu tryggt sér réttinn á nafni flokksins. „Þetta eru ofboðslega gamlar fréttir,“ segir Margrét. „Við fréttum það að Valdimar Jóhannesson væri með eitthvað svipað á þrjónunum og því skráðum við þetta heiti á pabba og svo hefur verið síðan 1998.“

Aðspurð segist Margrét ekki vita um lagalega stöðu nafnsins, „en ég myndi halda að það kallaði á einhvern úrskurð ef aðrir væru að nota það í óþökk hans.“ - kóp

Norðausturkjördæmi:

Listi sjálfstæðismanna tilbúinn

STJÓRNMÁL Kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi samþykkti í gær tillögu kjörnefndar flokksins um framboðslista til alþingiskosninga sem fram fara þann 12. maí. Skipan sex efstu sæta er samhljóða úrslitum prófkjörsins sem fór fram í nóvember.

Frambjóðendur raðast svo:

1. Kristján Þór Júlíusson, Akureyri.
2. Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfirði.
3. Ólöf Nordal, Egilsstöðum.
4. Þorvaldur Ingvarsson, Akureyri.
5. Sigríður Ingvarsdóttir, Siglufirði.
6. Steinþór Þorsteinsson, Akureyri.

Halldór Blöndal alþingismaður skipar heiðursseti, tuttugusta sætið. - kóp

Einar K. Guðfinnsson gagnrýnir herferð Breta gegn hvalveiðum Íslendinga:

Mun ónýta ráðið innan frá

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir herferð Breta gegn hvalveiðum Íslendinga munu ónýta alþjóða hvalveiðiráðið innan frá. Stada þess muni veikjast og hún hafi ekki verið burðug fyrir.

„Eins og ég hef skilið þetta þá ætla þeir að fá þjóðir inn í alþjóða hvalveiðiráðið til þess að fjölga andstæðingum hvalveiða og þar með breyta hlutföllunum,“ segir Einar. „Það mun gera ráðið ótækt til að gegna því hlutverki sem því er ætlað samkvæmt lögum þess.“

Hann segist eiga von á því að hvalveiðar haldi áfram að aukast án þess að ráðið fái nokkru við komið. „Þetta leiðir til þess að ráðið mun að lokum veslast upp innan frá. Að öðru leyti er þetta sjónarmið sem maður þekkir frá Bretum og það kemur ekki á óvart að forsætisráðherrann, Tony Blair,

hafi þessa afstöðu.“

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að Bretar hygðust hefja alþjóðlega herferð gegn hvalveiðum Íslendinga um næstu mánaðamót.

Verndarar herferðarinnar eru Tony Blair og David Attenborough, náttúrufræðingur og sjónvarpsmaður.

Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður og formaður ferðamálaráðs, segir alls óvíst hvort eða hvernig ímynd Íslands breytist vegna hvalveiðanna og herferðarinnar. - sþs



EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON.



HVALUR 9 Formaður ferðamálaráðs telur alls óvíst hvernig ímynd Íslands breytist í kjölfar hvalveiðanna og herferðar Breta.



Gísli Jens Guðmundsson

mun hefja störf á Klippistofu Jörgens að Bæjarlind 1-3, Kópavogi þ. 1. febrúar n.k.

Klippistofa Jörgens býður upp á herraklippingar fyrir alla aldurshópa.



KLIPPISTOFA
JÖRGENS

Opið alla virka daga kl. 09-18 og laugardaga kl. 10-13 • S. 554-1414

HÖRKUTÓL | EÐALVAGN



FRUMSÝNING

Hann er kominn. Nýr Mitsubishi Pajero. Ný hönnun, glæsilegt útlit, aflmeiri og hljóðlátari vél. Dómarnir eru allir á einn veg. Stór og stæðilegur en á sama tíma ótrúlega lípur og þægilegur. Hörkutól og eðalvagn í senn.

Komdu og kíktu á öflugasta og glæsilegasta Pajero sem hefur verið smíðaður. Þú kemst ekki hjá því að hrífast með.

Frumskýning um helgina hjá HEKLU, Laugavegi, og hjá söluumbodum okkar á Selfossi og í Reykjanesbæ.

Opið í dag kl. 12–16.



Sýning helgina 27.–28. janúar hjá söluumbodum okkar á Akureyri, Ísafirði og Reyðarfirði.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | www.hekla.is, hekla@hekla.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	69,43 69,77
Sterlingspund	136,91 137,57
Evra	89,96 90,46
Dönsk króna	12,067 12,137
Norsk króna	10,767 10,831
Sænsk króna	9,872 9,930
Japanskt jen	0,5723 0,5757

SDR 103,62 104,24

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

123,8134

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Peir sem aðeins hafa fjármagnstekjur þurfa ekki að greiða skatta til Ríkisútvarpsins:

Auðmenn borga ekki nefskatt

STJÓRN MÁL Fólk sem eingöngu hefur fjármagnstekjur verður undanþegið nefskattinum sem greiddur verður til Ríkisútvarpsins, samkvæmt frumvarpi menntamálaráðherra um RÚV ohf. Í því er aðeins gert ráð fyrir að greiðendur tekjuskatts borgi nefskattinn.

Um 2.200 manns töldu aðeins fram fjármagnstekjur samkvæmt skattskrá frá síðastliðnum ágúst mánuði.

Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni benti á þetta í umræðum um Ríkisútvarpsfrumvarpið og hefur staðfestingu nefndasviðs Alþingis á þessum skilningi.

„Mér finnst þetta skelfilega óréttlátt. Enn einu sinni er verið að ýta undir ójöfnuðinn í samfélaginu og hygla auðmönnum,“ segir Jóhanna og bendir á að hinir sömu 2.200 séu einnig undanþegnir greiðslum í Framkvæmdasjóð aldraðra sem nema um sex þúsund krónum á ári.

Miðað er við að nefskatturinn verði rúmar 14.500 krónur á ári. Samtals eru þetta því um 20 þúsund krónur á ári.

Skattleysismörk eru um 90 þúsund krónur og segir Jóhanna að þeir sem hafi órlítið hærri tekjur, til dæmis 95 þúsund á mánuði, þurfi að greiða RÚV-



JÓHANNA SIGURÐARÐÓTTIR

skattinn sem og í Framkvæmdasjóðinn af fullu. Í þessu felist fullkomni óréttlæti. „Fyrir þetta þarf Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að svara áður en umræðum lýkur,“ segir Jóhanna.

- bps

Loðnuveiði Norðmanna: 25 skip veiða norska kvótann

SIJAVARÚTVEGUR Norðmenn mega veiða 21.255 lestri af loðnu á Íslandsmiðum fram til 15. febrúar næstkomandi. Er þetta bráðabirgðakvóti þeirra byggður á 180.000 lesta byrjunarkvóta sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út nýlega.

Mikill áhugi var fyrir veiðunum í Noregi og ákváðu norsk yfirvöld að gefa út 900 tonna kvóta á hvert skip. Alls var sótt um leyfi fyrir 68 skip til norsku fiskistofunnar en aðeins 25 fengu slíkt leyfi. Sá háttur er hafður á í Noregi við úthlutun kvótans að dregið er um hvaða skip fá loðnuveiðileyfi á Íslandsmiðum á vertíðinni.

- shá



FJÖLDAGANGA Í upphafi fundar var fjöldaganga um fátækrahverfi Nairóbí.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

World Social Forum í Kenía: Áttatíu þúsund manns mótmæla

KENÍA, AP Yfir áttatíu þúsund manns söfnuðust saman í Nairóbí, höfuðborg Kenía, í gær á World Social Forum, umræðuvettvangi fyrir jöfnuði og jafnrétti.

„Við verðum að berjast saman gegn fátækt,“ sagði fyrrverandi forseti Sambíu, Kenneth Kaunda, sem ávarpaði fjöldann í upphafi fundar. Fólk hélt á spjöldum með kröfum um kvenfrelsi og áskunum á hendur George Bush Bandaríkjaforseta.

World Social Forum var fyrst haldið í Brasilíu árið 2001 og er árlega haldið á sama tíma og World Economic Forum, sem er fundur viðskiptajöfra og stjórnmálamanna.

-sgj

LEIÐRÉTTING

Bergsteinn Sigurðsson er höfundur dóms um kvikmyndina Foreldra sem birtist á síðu 57 í Fréttablaðinu í gær. Vegna mistaka féll nafn hans niður.

Vegna mistaka í vinnslu blaðsins birtist röng tilvitnun í viðtali við Ernu Ómarsdóttur dansara í blaðinu í gær. Tilvitnunin var ekki fengin úr viðtalinu við Ernu.

Vinstri græn aldrei stærri

Sjálfstæðisflokkur hefur rúmlega 40 prósent fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi vinstri grænna eykst verulega frá síðustu könnun og hefur ekki mælst hærra frá kosningum. Fylgi Samfylkingar dalar hins vegar og hefur ekki mælst minna. Framsóknarflokkur mælist enn minnstur flokka.

SKOÐANAKÖNNUN 21,2 prósent segjast myndu kjósa Samfylkingu samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi Samfylkingar hefur ekki mælst minna í könnunum Fréttablaðsins frá síðustu alþingiskosningum, en þá hlaut flokkurinn 30,9 prósent atkvæða og 20 þingmenn kjörna. Síðan þá hefur reyndar Valdimar Leó Friðriksson orðið óháður. Í síðustu könnun, sem gerð var 7. nóvember á síðasta ári, sögðust 30,4 prósent myndu kjósa flokkinn. Hefur stuðningur við hann því dregist saman um rúm níu prósentustig. Ef þetta væru niðurstöður kosninga myndi flokkurinn fá sex þingmönnum færri kjörna, eða 14.

Sérstaklega dregur úr stuðningi við flokkinn á höfuðborgarsvæðinu þar sem fylgi við flokkinn er tæpum þrettán prósentustigum minni en í síðustu könnun. Einnig eru mun færri konur sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna en í síðustu könnun og dregst stuðningur þeirra saman um tæp ellefu prósentustig.

Fylgi við Vinstrihreyfinguna - grænt framboð hefur hins vegar aukist frá síðustu könnun. Nú segjast 19,4 prósent myndu kjósa flokkinn, en það er rúmum sex prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins þegar 13,3 prósent sögðust myndu kjósa hann. Þingmenn vinstri grænna yrðu 12, ef þetta væru niðurstöður kosninga, en þeir hafa nú fimm þingmenn eftir að hafa hlotið 8,8 prósent atkvæða í kosningunum 2003.

Konum sem segjast myndu kjósa vinstri græn hefur fjölgað frá síðustu könnun. Nú segjast 24,1 prósent kvenna myndu kjósa


flokkinn, en það voru 15,8 prósent í könnun blaðsins í nóvember. Þá eykst fylgi flokksins á höfuðborgarsvæðinu um átta prósentustig.

Ekki var spurt sérstaklega um sérframboð aldraðra og eða öryrkja en nær allir þeirra 1,7 prósent sem sögðust myndu kjósa eitthvað annað en þá flokka sem nú eru á þingi sögðust myndu kjósa slíkt framboð. Ef landið væri eitt kjördæmi fengi framboð aldraðra og öryrkja einn mann kjörinn samkvæmt því, en þar sem dreifingin er mjög jöfn verður að teljast ólíklegt að slíkt framboð fengi kjördæmasæti, sem nauðsynlegt er til að fá upp-bótarpingmann kjörinn.

Fylgi Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokksins telst allt innan skekkjumarke miðað við breytingar frá síðustu könnun.

Sjálfstæðisflokkur er sem áður sá flokkur sem mest hefur fylgið. 40,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku sögðust myndu kjósa þann flokk og fengi Sjálfstæðisflokkurinn samkvæmt því 26 þingmenn kjörna. Fylgi flokksins eykst um tæplega tvö prósentustig frá síðustu könnun þegar 38,5 prósent sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og er 6,5 prósentustigum meira en í kosningunum 2003, þegar 33,7 prósent kjósenda greiddu honum atkvæði sitt. Flokkurinn hlaut þá 22 þingmenn, en einn bættist við á kjörtímabilinu þegar Gunnar Örlygsson skipti um flokk.

Fylgi Frjálslynda flokksins dregst saman um eitt prósentustig frá síðustu könnun og segjast 10,0 prósent þeirra sem afstöðu tóku nú myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því yrðu



þingmenn Frjálslynda flokksins sex, en eru nú þrír. Flokkurinn hlaut fjóra menn kjörna eftir síðustu kosningar þegar hann hlaut 7,4 prósent atkvæða.

Framsóknarflokkurinn mælist aftur minnstur flokka á Íslandi og sögðust 7,4 prósent myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú. Það er 0,6 prósentustigum meira fylgi en flokkurinn naut í síðustu könnun Fréttablaðsins. Samkvæmt því fengi Framsóknarflokkurinn fjóra þingmenn kjörna. Það er átta þingmönnum minna en Framsóknarflokkurinn hefur nú, en hann hlaut 12 þingmenn kjörna í kosningunum 2003 þegar 17,7 prósent greiddu flokknum atkvæði sitt.

Samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokka tveggja, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, er því 47,6 prósent og fengu flokkarnir samkvæmt því alls 30 þingmenn kjörna. Það myndi ekki duga til áframhaldandi meirihlutasamstarfs.

Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 20. janúar og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til alþingiskosninga nú? 57,3 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar, sem er aðeins minna hlutfall en í síðustu könnun þegar 59,1 prósent tók afstöðu.

svanborg@frettabladid.is

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C skúrir	London	9°C alskýjað
Þórshöfn	3°C slydda	Paris	10°C skúrir
Oslo	-2°C snjóél	Frankfurt	10°C skúrir
Stokkholmur	1°C snjóél	Friedrichshafen	4°C skúrir
Gautaborg	5°C skúrir	Berlin	8°C skúrir

» á morgun

» þriðjudagur

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Tilboð til Vörðufélaga:

Nú kemstu lengra á Vildarpunktunum þínum

**Vörðufélögum býðst 50% punktaafsláttur á ferðum til
New York, Glasgow, Stokkhólms og Parísar***

Með því að bóka á www.vildarklubbur.is sparast 2000 kr. þjónustugjald.
Þú getur líka bókað í síma 5050 100 gegn 2000 kr. þjónustugjaldi.
Nánari upplýsingar á www.landsbanki.is og www.vildarklubbur.is

Sölutímabil er frá 21. til 26. janúar.

Ferðatímabilið er frá 21. janúar til 15. mars.

*Ath. Flugvallaskattar eru ekki innifaldir.

Aðild að Vörðu Landsbankans margborgar sig

Í Vörðunni nýtur þú ávinnings af því að vera með heildarviðskipti þín hjá Landsbankanum, færð betri yfirsýn yfir fjármálin, persónulegri ráðgjöf og þjónustu. Auk þess getur þú safnað Vildarpunktum með debet- og kreditkortinu þínu.

Vinnur þú ferð fyrir tvo til Evrópu?

Skráðu þig í netklúbb Vörðunnar fyrir 1. febrúar og þá kemstu í pott og gætir unnið gjafabréf fyrir tvo til Evrópu með Icelandair.

Með aðild að netklúbbi Vörðunnar færðu reglulega sendar fréttir af nýjungum í þjónustu bankans og spennandi tilboð. Það er einfalt að skrá sig á www.landsbanki.is undir Varðan eða að hringja í Ráðgjafa- og þjónustuver Landsbankans í síma 410-4000.



VEISTU SVARIÐ?



Eiga þingmenn að hafa ótakmarkaðan ræðutíma?

Já 38%
Nei 62%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Drekkur þú kaffi?

Segðu skoðun þína á visir.is

Árekstur á Vesturlandsvegi:

Fór mun betur en á horfðist

UMFERÐ Árekstur varð milli tveggja bíla á Vesturlandsvegi við Víkurveg upp úr hádegi í gær. Lögregla og sjúkrabíll fóru á vettvang en lítil slys urðu á fólki. Nokkrar umferðartafir urðu á veginum vegna slyssins.

Á sögn varðstjóra lögreglu leit upphaflega út fyrir að um mun alvarlegra slys væri að ræða, en sem betur fer var ekki svo.

Hann segir fimm hafa verið flutta á slysideild og voru allir mjög lítið slasaðir.

Búið var að leysa umferðarhnút á svæðinu upp úr klukkan þrjú.



Á SLYSSTAÐ Jeppinn var á leið vestur þegar hann fór yfir á hinn vegarhelminginn og rakst á fólkabílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Tillaga um 45 prósentu arð:

Hagnaður Nýherja fjórfaldast

VIÐSKIPTI Nýherji hagnaðist um tæpar 306 milljónir króna á síðasta ári sem er fjórfalt betri árangur en árið 2005. Á fjórða ársfjórðungi skilaði félagið 68 milljónum króna í hús.

Tekjur námu 8.646 milljónum króna samanborið við 6.293 milljónir króna árið 2005. Þetta er um 37,6 prósentu aukning á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam um 683 milljónum króna sem var um 7,9 prósent af tekjum.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að hluthöfum verði greiddur 45 prósentu arður fyrir árið 2006.

- eþa



FRUMSKÓGARKONAN Þorpsbúar telja að Rochom P'ngiang hafi búið eini í skóginum í tvo áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Týnd kona kemur í leitarnar:

Frumskógarkona heillar þorpsbúa

KAMBÓDÍA, AP Kona sem ráfaði nakin um frumskóga Kambódíu hefur heillað þorpsbúa, sem telja hana löngu týnda dóttur einnar af fjölskyldum þorpsins.

Þorpsbúar kalla konuna „frumskógarkonuna“, en hún gengur um bogin í baki og tjáir sig eingöngu á táknmáli. Foreldrar hennar segja að hún sé hin 27 ára gamla Rochom P'ngiang, sem týndist átta ára gömul þegar hún sinnti vísundahjörð árið 1988.

Konan er hrifin af karóki-myndböndum og horfir á þau löngum stundum. Þorpsbúar eru hissa á að hún hafi lifað af í tuttugu ár, nakin í næturkulda, án fæðu og í hættu á að fá malaríu, sem er algeng á svæðinu. - sþj

BANDARÍKIN

Í mál vegna vatnseitrunar

Fjölskylda konu, sem lést vegna vatnseitrunar eftir þátttöku í vatnsþamskeppni hjá útvarpsstöð, hyggst lögsækja útvarpsstöðina. Segist fjölskyldan stefna útvarpsstöðinni til þess að draga úr óábyrgum útvarpsleikjum.

Ritstjóramorð áfall og skömm

Yfirvöld í Istanbul hafa mann grunaðan um morðið á tyrknesk-armenska ritstjóranum Hrant Dink. Sá myrti hafði hlotið dóm fyrir að „móðga þjóðarsál Tyrkja“. Morðið yfir upp sár vegna þjóðarmorðs á Armenum í fyrri heimsstyrjöldinni. Yfirvöld segjast hafa veitt Drink næga vernd.

TYRKLAND, AP Fjölmíðlar í Tyrklandi lýstu áfalli og skömm meðal íbúa landsins vegna morðsins á Hrant Dink á föstudag. „Morðinginn er svikari við þjóð sína,“ sagði í dagblaðinu Hurriyet.

Dink var ritstjóri tyrknesk-armenska dagblaðsins Agos og var einn helsti talsmaður armenska minnihlutans í landinu.

Morðinginn var ófundinn í gær og var enginn í haldi vegna málsins. Borgarstjóri Istanbul birti ljósmyndir úr öryggismyndavél af manni á þrútsaldri sem talið er að hafi framíð ódæðið.

Ríkisstjórnin, Muammer Guler, vísaði á bug á sökunum um að lögregla hefði ekki gert nóg til að vernda Dink og sagði hann ekki hafa beðið um lögregluvernd. Algennt er að þekktir tyrkneskir blaðamenn hljóti lögregluvernd á ferðum sínum um Istanbul.

Líklegt er talið að ástæða morðsins hafi verið yfirlýsingar Dinks þess efnis að fjöldamorðin á armenskum íbúum Tyrklands á tímum Ottómanveldisins í fyrri heimsstyrjöldinni hefðu verið þjóðarmorð. Dink hefði hlotið sex mánaða óskilorðsbundinn dóm fyrir þessar yfirlýsingar samkvæmt umdeildum lögum þess efnis að ólöglegt sé að „móðga þjóðarsál Tyrkja“.

Samskipti Tyrkja og Armena hafa lengi verið stírf. Tyrkland og Armenía eiga landamæri hvort að öðru, en þau eru lokuð og engin formleg samskipti eru milli ríkjanna.

steindor@frettabladid.is



HINN GRUNAÐI Yfirvöld birtu þessa mynd af manningnum sem grunaður er um morðið.



MÓTMÆLI VEGNA MORÐSINS „Hrant Dink var myrtur!“ og „Lengi lifi bræðralagið!“ stendur á skilti sem tyrkneskur maður ber við mótmæli vegna morðsins á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HIÐ GLEYMDA ÞJÓÐARMORÐ Á ARMENUM

Armenska þjóðarmorðið átti sér stað á árunum 1915 til 1917 þegar tyrkneska Ottómanveldið stóð enn og fyrri heimsstyrjöldin geisaði. Talið er að allt frá hundrað þúsund upp í rúma milljón armenskra íbúa Ottómanveldisins hafi verið dreppir með skipulögðum aðgerðum.


Tyrknesk yfirvöld hafna því að atburðirnir hafi verið þjóðarmorð og segja dauðsföllin hafa orsakast af þjóðflokkadeilum, sjúkdómum og hungursneyð vegna heimsstyrjaldarinnar. Flestir vestrænir, armenskir og rússneskir fræðimenn segja þó morðin hafa verið þaulskipulögð af stjórnvöldum til að stuðla að útrýmingu armenska minnihlutans. Tuttugu og eitt land hefur viðurkennt atburðina opinberlega sem þjóðarmorð.

MÓÐGUN VIÐ TYRKNESKA ÞJÓÐARSÁL

Grein 301 í tyrkneskum hegningarlögum tók gildi 1. júní árið 2005. Mannréttindasamtök innan og utan Tyrklands hafa gagnrýnt hana harkalega síðan hún tók gildi og segja hana skerða málfrelsi.

Grein 301 fjallar um eftirfarandi:

1. Einstaklingur sem móðgar þjóðarsál Tyrkja, lýðveldið eða þingið, skal sæta fangelsisvist í hálf tilið minnsta, þrjú ár hið mesta.
2. Einstaklingur sem móðgar ríkisstjórn Tyrklands, dómsvaldið, herinn eða öryggisstofnanir skal sæta fangelsisvist í hálf tilið minnsta, tvö ár hið mesta.
3. Þegar tyrkneskur ríkisborgari búsettur erlendis móðgar tyrkneska þjóðarsál eykst refsibýngd um þriðjung.
4. Gagnrýni telst ekki vera glæpur.



Viltu leggja lið í 3-12 tíma á mánuði?

Við óskum eftir sjálfboðaliðum!

Verkefni m.a:

- **Konukot**, næturathvarf fyrir heimilislausar konur: Kl. 19:00-23:00
- **Heimsóknarþjónusta**: Samvera í 1 og ½ tíma á viku
- **1717 Hjálparsíminn**: Símtöl við fólk í vanda
- **Söluþjóni á sjúkráhusum**: 2-4 tíma vaktir, á daginn, kvöldin eða um helgar

Starf Rauða krossins um heim allan byggir fyrst og fremst á starfi sjálfboðaliða. Þú ert velkomin / velkominn í hápin.

Nánari upplýsingar í síma 545 0408 (sjalfbodamidlun@redcross.is)

og á www.redcross.is/reykjavik

Margt smátt gerir eitt stórt!



OPÍÐ Á NÝ Í BLÁFJÖLLUM EFTIR RAFMAGNSLEYSI FÖSTUDAGSINS Góð aðsókn var í Bláfjöll í gær enda gott skíðafæri þótt snjór væri víða í lágmarki. Ágætis veðurspá liggur fyrir og verður opíð í dag. Í Hlíðarfjalli á Akureyri fór Íslandsgangan fram í gær, þar er sömuleiðis gott færi en þó eru skíðamenn beðnir að fara varlega utan troðinna skíðaleiða sökum púðursnjós. Á Dalvík fór fram carving-námskeið þrátt fyrir að veðurguðir væru aðeins að stríða í Böggvisstaðarfjalli og aðsókn var almennt ágæt. Á Ísafirði er skíðasvæðið opíð en göngusvæðið þó lokað vegna skafrennings og ófærðar. Á Siglufirði hefur skíðasvæðið verið lokað vegna eljagangs og sömu sögu er að segja um svæði Tindastóls við Sauðárkrók. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

REYKJAVIK



TM Software



Til hamingju!

TM Software óskar Icelandair innilega til hamingju með viðurkenningarnar besta íslenski vefurinn og besta fyrirtækisvefurinn

TM Software endursmiðaði vefsvæði Icelandair frá grunni árið 2006 í Vyre Unify vefkerfinu frá Vyre Ltd. í London. Vyre Unify er fullbúið vefkerfi fyrir fyrirtæki sem krefjast þess að veflausnir þeirra séu í takt við auknar kröfur og hraðar breytingar í viðskiptaumhverfinu.

TM Software er leiðandi í þróun sérhæfðra hugbúnaðarkerfa og veflausna. Starfsmenn okkar búa yfir sérþekkingu á uppbyggingu flókinna gagnagrunnskerfa, samþættingu og viðskiptalausna fyrir Internetið.

Við erum kraftmikill þjónustuaðili og augljós valkostur til að fylgja fyrirtækjum inn í framtíðina.

TM Software er eitt af öflugustu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi. Fyrirtækið rekur starfsstöðvar í 11 löndum og þjónar fjölda viðskiptavina um allan heim. TM Software er í fremstu röð við ráðgjöf, þróun hugbúnaðar, rekstur tölvukerfa og býður upp á fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við helstu upplýsingatækniyrirtæki heims. Á undanförunum árum hefur TM Software fimm sinnum hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.



■■■ VYRE Origo

TM Software

Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001

www.tm-software.com

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvers konar bíll sleit rafmagnslínu í Bláfjöllum í fyrradag?
- 2 Hverjir eru verndarar alþjóðlegrar herferðar gegn hvalveiðum?
- 3 Hvaða íslenska kvikmynd var frumsýnd um helgina?

SVÖR Á BLS. 38

Hillary Clinton sækist eftir að verða forsetaframbjóðandi demókrata 2008:

Vill verða forseti fyrst kvenna

BANDARÍKIN, AP Hillary Rodham Clinton tilkynnti í gær að hún myndi sækjast eftir því að verða forsetaframbjóðandi demókrata í bandarísku forsetakosningunum á næsta ári.

Hillary, sem er eiginkona Bills Clinton, sem var forseti Bandaríkjanna á árunum 1993 til 2001, stefnir á að verða fyrsta konan í forsetastól í Bandaríkjunum.

Tilkynningin kom aðeins nokkrum dögum eftir að öldungadeildarþingmaðurinn Barack Obama tilkynnti um framboð sitt. Hann yrði fyrsti blökkumaðurinn til að verða forseti Bandaríkjanna og Bill Richardson, ríkisstjóri New

Mexíkó, yrði fyrsti maðurinn af mexíkóskum uppruna á forsetastóli, en hann mun að öllum líkindum tilkynna framboð sitt í dag. John Edwards, sem áður var varaforsetaefni Johns Kerry, sækist einnig eftir forsetaembætti.

Hin 59 ára gamla Hillary hefur verið öldungadeildarþingmaður New York ríkis síðan árið 2000. Hún hefur helst verið gagnrýnd fyrir að styðja innrásina í Írak, en hefur síðar meir tekið harðari afstöðu gegn hernaðinum. - sji

HILLARY CLINTON Sækist eftir því að búa í Hvíta húsinu á nýjan leik.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Gjaldskrárbreyting hjá Strætó: Fargjald hækkar í 280 krónur

SAMGÖNGUR Stakt strætófargjald fullorðinna hækkar úr 250 krónum í 280 krónur. Hækkunin er hluti af nýrri gjaldskrá Strætó sem tekur gildi næsta mánudag. Í flestum tilvikum er um hækkun að ræða, en einstaka verðflokkar lækka eða standa í stað.

Veruleg breyting verður á fargjöldum ungmenna frá 12 til 18 ára aldurs. Þau munu greiða aðeins 100 krónur fyrir farið, en áður þurftu þau að greiða fullorðingsgjald fyrir staka ferð. Rauða kortið, sem gildir í þrjá mánuði, hækkar úr 11.500 krónum í 12.700. - sjs

Mikil hálka norðan heiða: Þrír á slysadeild eftir árekstur

UMFERÐ Fimm bíla árekstur varð á gatnamótum Þórunnarstrætis og Glerárgötu á Akureyri í gær. Þrír voru fluttir á slysadeild til skoðunar en meisl þeirra voru ekki talin alvarleg.

Slysið atvikaðist þannig að ökuður vöruflytningabifreiðar með festivagn missti stjórn á bílnum í hálku og lenti aftan á fólksbíl og jeppa sem voru kyrrstæðir við gatnamót. Jeppinn rann síðan á annan bíl sem rann á enn annan. - sjs

KÍNA

Hnöttur skotinn niður

Að sögn Bandaríkjamanna skutu Kínverjar niður veðurhnött og gerðu þannig tilraun með varnarbúnað gegn gervihnöttum. Nágrannar Kínverja hafa lýst áhyggjum sínum vegna þessa.

Mokveiði af síld í Grundarfirði:

Fylltu síldarbátana í fáum köstum

SJÁVARÚTVEGUR Síldarbátarnir Jóna Eðvalds SF og Krossey SF voru við veiðar inni á Grundarfirði



JÓNA EÐVALDS SF Fyllti sig í tveimur köstum inni á Grundarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SVERRIR

aðfaranótt fimmtudags og fylltu sig báðir á stuttum tíma. Jóna Eðvalds fékk 700 lestir í tveimur köstum og Krossey 600 lestir í einu kasti.

„Það er hellingur af síld í firðinum og dreifðari en fyrir viku. Við veiðum á dýpsta vatninu og höfum því ekki farið um allan fjörðinn því við þurfum þess ekki. Það er þess vegna erfitt að átta sig á magninu,“ segir Sigurður Bjarnason, skipstjóri á Krossey.

Síldargengd í Grundarfirði hefur verið í fréttum að undanförunu í tengslum við fiskdaða í firðinum. Síldargangan er talin hafa valdið súrefnisskortri í sjónum sem olli fiskdaðunum. - shá



STJÓRN NÝSTOFNAÐS VELGERÐARSJÓÐS Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, og Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, eru í stjórn nýstofnaðs velgerðarsjóðs ásamt Ingibjörgu Kristjánsdóttur og Ólafi Ólafssyni, stjórnarformanni Samskipa.
Mynd/Hreinn Magnússon

Gefa milljarð í velgerðarsjóð

Ýmis verkefni í þróunarlöndum munu njóta góðs af styrkjum úr nýstofnuðum sjóði hjónanna Ingibjargar Kristjánsdóttur og Ólafs Ólafssonar.

VELGERÐARMÁL „Við berum öll samfélagslega ábyrgð og þegar vel gengur finnst okkur sjálfsagt að láta eitthvað af hendi rakna. Auk þess höfum við mikinn áhuga og ánægju af þessu starfi,“ sagði Ingibjörg Kristjánsdóttir landslagsarkitekt í samtali við Fréttablaðið.

Hún og eiginmaður hennar, Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa, greindu frá því í gær að þau hefðu lagt einn milljarð króna í nýstofnaðan velgerðarsjóð.

Hjónin hafa um nokkurt skeið unnið að skólaverkefnum í Síerra Leóne á vegum Barnahjálpar Sam-einuðu þjóðanna, UNICEF og við Landnámssetrið í Borgarfirði. Ingibjörg segir stofnun sjóðsins vera eðlilegt framhald af því starfi.

Sjóðurinn mun styðja ýmis verkefni í þróunarlöndum auk þess að styðja íslensk verkefni á sviði menningar, mennta og lista. „Markmiðið er að styrkja fá stór verkefni frekar en mörg smá og fylgja þeim vel eftir. Þar er skólaverkefnið í Síerra Leóne ofarlega á lista. Möguleiki á menntun, sérstaklega fyrir stúlkur, hefur verið aðalatriðið í Síerra Leóne verkefninu. Næst sjáum við fyrir okkur að bæta aðstöðu, bókaost og kennaramenntun,“ segir Ingibjörg.

Hún segir jafnframt að þau hjónin leggi mikla áherslu á að stuðningurinn skili sér út í samfélagið. „Mikilvægast finnst okkur að verkefnið verði að veruleika. Þess vegna höfum við fylgst vel með verkefninu í Síerra Leóne og athugum stöðuna,“ segir Ingibjörg.

Ramminn fyrir íslensku verkefni er að sögn Ingibjargar mjög



Í SIERRA LEÓNE Skólaverkefni þar er á forgangslista velgerðarsjóðsins þar sem bæta á aðstöðu, bókaost og menntun kennara á næstunni.

viður og búist er við fjölda umsækjenda. „Markmiðið er að styrkja mannbætandi verkefni á Íslandi sem geta orðið samfélaginu til góðs og Landnámssetrið í Borgarfirði finnst mér gott dæmi um verðugt verkefni,“ segir Ingibjörg. Fimm manna stjórn ber ábyrgð á stefnumörkun og rekstri sjóðsins. Í henni sitja, auk Ingibjargar og Ólafs, Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, Sigurður Guðmundsson landlæknir, sem nú sinnir hjálparstörfum í Malaví á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, og Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík og stjórnarformaður í UNICEF á Íslandi.

Ætla má að sjóðurinn hafi 100-150 milljónir til ráðstöfunar árlega sem er arður og vaxtatekur af stofnfé. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum verður í ársbyrjun 2008. - rh

120 1886 2006

SÖGUSÝNING Landsbankinn — 120 ára —



Dagskráin í dag

Sögusýningin spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar og er skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Til leiðsagnar í dag:

Sveinbjörn Guðbjarnarson verður á staðnum, leiðbeinir gestum og svarar spurningum.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM)
Sími: 410 4300
Opíð virka daga kl. 11:00–17:00
og um helgar kl. 13:00–17:00
Enginn aðgangseyrir





**25%
afsláttur**

682 kr/kg. áður 909 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt blandað



**30%
afsláttur**

KEA

2.064 kr/kg. áður 2.949 kr/kg.
KEA hangiframpartur soðinn

2.232 kr/kg. áður 3.189 kr/kg.
KEA hangilæri soðið



Þú sparar 310 kr/kg

**50%
afsláttur**

GODI

310 kr/kg. áður 619 kr/kg.
Goða lambasvið



Þorrasíldin 2007

199 kr/ds.
Skinney síld 800 ml.



Þú sparar 938 kr/kg

**35%
afsláttur**

Matfugl

1.741 kr/kg. áður 2.679 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur



2 fyrir 1
Chicago Town pizza



Frábært verð

**50%
afsláttur**

49 kr/kg. áður 99 kr/kg.
Pripps léttöl 0.5 ltr. í dós

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 20. janúar til 21. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

skoðun

greinar@frettabladid.is

Leikreglur stjórnar og stjórnarandstöðu:

Í tilefni málpófs

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna vörðu allri síðustu viku í málpófi á Alþingi um Ríkisútvarpsfrumvarpið. Öll sú hättsemi er í samræmi við þingsköp og hefðbundnar leikreglur á Alþingi. Allir flokkar eiga sér einhverja sögu um pólitískan vopnaburð af því tagi. Fáir eiga því innistæðu til hneykslunar.

Hitt er annað að málpófsorðaskak á sjaldnast nokkuð skylt við uppbyggilega rökræðu. Oftast kemur það að litlu haldi við að koma málefnalegum skilaboðum út til almennings. Í mörgum tilvikum setur málpóf aukheldur leiðinlegan svip á störf þingsins. Það er eðli lýðræðisins að meirihlutinn ráði niðurstöðu mála.

Til hvers eru refirnir þá skornir? Stundum stendur þannig á að stjórnarandstaða getur knúið fram frestun á málum með þessu móti. Það á þó helst við ef ríkisstjórn er síðbúin með mál og störf þingsins eru komin í tímabróng. Í stöku tilviki getur málpóf þjónað þeim tilgangi að draga fram veikleika í stjórnarsamtarfi ef stjórnarflokkar eru ekki fyllilega samstíga.

Pegar þannig stendur á er eðlilegt að stjórnarandstaða hafi tækifæri til þess að hafa áhrif af þessu tagi og nýti sér þau ef þurfa þykir. Hennar hlutverk á hverjum tíma er að draga fram veikleika stjórnarinnar. Séu þessar aðstæður hins vegar ekki fyrir hendi er vandséð að málpófi þjóni pólitískum tilgangi.

Eðlilegt er að stjórnarmeirihluti víki til hliðar öðrum dagskrárum meðan á málpófi stendur. Það eina sem gagnrýna má stjórn þingsins fyrir í þessu tilviki er að fella niður venjubundinn fyrirsprungatíma því að hann byggist á stjórnarskrár-vörðum rétti einstakra þingmanna.

Réttilega vekur þessi umræða enn einu sinni upp spurningar um nýja starfshætti Alþingis. Ýmislegt hefur að vísu færst til betri vegar í þeim efnunum á liðnum einum og hálfum áratug. Mörgu má þó skipa betur.

Gild rök má til að mynda færa fram fyrir því að takmarka ræðutíma þingmanna. Alltént á það við um aðra þingmenn en aðaltalsmenn flokka í hverju einstöku máli. Með engu móti verður sýnt fram á að slík breyting sniði eðlilegri rökræðu og gagnrýni of þröngan stakk.

Á hinn bóginn þarf að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar til þess að framfylgja því stjórnskipulega hlutverki að veita framkvæmdavaldinu aðhald. Það er lýðræðinu nauðsynlegt. Hér skal vikið að tveimur úrbótahugmyndum af því tagi.

Önnur er sú að gefa þingnefndum færi á að kalla ráðherra til samráðs eða pólitískrar yfirheyrslu um tiltekin mál á opnum fundum. Slíkur háttur tíðkast í ýmsum þjóðþingum. Þetta myndi auka svigrúm þingmanna til þess að gegna stjórnskipulegu aðhaldshlutverki sínu.

Hin hugmyndin lýtur að stjórn þingsins. Hún er nú að öllu jöfnu í höndum meirihluta framkvæmdavaldsins. Í þeirri skipan mála er fólgið ákveðið ójafnvægi milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er sök kerfisins en ekki þeirra sem því mikilvæga starfi hafa gegnt í gegnum tíðina.

Dennan vanda mætti leysa með því að fela forseta Íslands með virkum hætti æðstu stjórn Alþingis til viðbótar því hlutverki sem hann hefur. Það myndi auka stjórnskipulegt vægi forsetaembættisins. Um leið mætti með því móti tryggja betur skaplegt jafnvægi milli hefðbundinna fylkinga í þinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinn Stefánsson **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

JANÚARTILBOÐ
Á vetrar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla!

TOYO TIRES

Bestu dekkín átta ár í röð!*

TOYO

Bíla- og Hjúkna
BENNA
Vagnhóli 23 - S: 590 2000

NESDEKK
Suðurlindun 4
Sími 561 4110

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vinstri hægr snú

Mikilvægi eignarréttarins hefur löngum verið ítrekað hjá hægrsinnuðum stjórnmalámönnum, eignarréttur beinlínis talinn heilagur hjá þeim hördustu. Vinstrimenn hafa hins vegar umgengist hann af meira frjálslyndi sé lítið til sögunnar. Hefðbundnum viðmiðum er snúið við í úmmælum fulltrúa stjórnmalá-flokkanna íslensku í Fréttablaðinu í gær. Í frétt um eignarnám í tengslum við virkjanir í Þjórsá bregður svo við að Atli Gíslason vinstrigrænn segir eignarnám óréttlætanlegt en Árni Mathiesen fjármálaráðherra og sjálfstæðismaður bendir á réttmæti eignarnáms. Skemmtilegur viðsúningur þar.



Engin Gróska?

Haldið var upp á tíu ára afmæli Grósku með viðamikilli ráðstefnu í gær. Gróska var stofnuð með því markmiði að hvetja vinstrimenn til að sameinast í einum flokki og var þar með fyrsti vísir að stofnun Samfylkingarinnar. Þó að vinstrimönnum hafi ekki tekist að sameinast í einn flokk var vissulega hrist upp í flokka-kerfinu og ágætt að halda upp á það. Gróska var stofnuð á Bifröst, glöggir hafa hins vegar bent á að Samfylkingunni veitti ekki af því að gera sig sýnilegri í kjördæmi Bifrastar, Norðvesturkjördæminu, þar mælist hún minnst flokka um þessar mundir. Svo mikið er víst að ærinn starfi bíður Gunnars Sigurðssonar, nýráðins kosningastjóra í kjördæminu.

Reykfyllt

Orð Valgerðar Sværissdóttur um að í utanríkisþjónustunni ráði karllæg viðhorf ríkjum og hún ætli að afhjúpa óþarfa leynd í kringum utanríkisþjónustuna hafa vakið mikla athygli. Margir hafa séð ástæðu til þess að fagna þessari stefnubreytingu ráðherra sem sannarlega er að takast að hrista upp í ráðuneyti sínu. Feministar sem halda uppi miklum umræðum á spjallrás sinni fagna yfirlýsingu um en hefðu viljað sjá sömu ummæli í tíð Valgerðar í viðskiptaráðuneytinu. En Valgerður hefur kannski ekki upplifað sama þukrið í viðskiptalífnum og utanríkisráðuneytinu?



sigridur@frettabladid.is

Vandi alþjóðavæðingarinnar

Valdataka demókrata á bandaríska þinginu mun án efa breyta þróun mála í bandaríska efnahagslífi. Margt kemur til, ekki síst að staða Bush forseta er frekar veik og því kann að verða erfitt fyrir hann að standa gegn ýmsum þeim málum sem demókratar vilja hrinda í framkvæmd. Eitt af þeim málum sem rétt er að fylgjast með er hvort og þá hvernig demókratar muni taka á þeirri stöðu sem endurspeglast í því að hlutdeild launa í þjóðarframléiðslunni stendur nú í 56,3% en hlutdeild fjármagns er 12,4%. Hlutdeild launa hefur ekki verið svona lítil síðan í kring um 1960. Johnson, Carter og Clinton beittu sér allir fyrir aðgerðum sem ætlað var að auka hlut launþega og minnka hlut fjármagnseignenda og voru mestu breytingarnar hjá þeim tveimur fyrirnefndu en minni hjá Clinton.

Hnattvæðingin hefur átt mikinn þátt í því að skapa aukinn hagvöxt og velmegun, bæði í iðnríkjunum og hinum fátækari ríkjum eins og Kína. En skipting auðsins á Vesturlöndum hefur víða markast af því að launþegar hafa í auknum mæli þurft að keppa við ódyrt vinnuafli frá Asíu og Austur-Evrópu. Því má sjá sömu þróun víðast í Evrópu eins og í Bandaríkjunum þegar mælt er hver hlutur fjármagns og launa er í þjóðarframléiðslunni. Störf hafa verið að flytjast austur á bóginn og það er aukin pressa á þau störf sem eftir eru því þau þurfa líka að keppa við ódyrt vinnuafli í formi innfluttrar vöru frá láglauvalöndum. Fjármagnnið er aftur á móti alþjóðlegt og það virðist vera sem svo að í þess hlut hafi fallið mikið af þeirri framleiðniaukningu sem átt hefur sér stað á undanförmum árum.

Við þessa þróun bætist að verkalýðsfélag á Vesturlöndum eru mun veikari nú en á undanförmum áratugum. Hlutfall vinnuafis sem er í verkalýðsfélag-

um hefur lækkað jafnt og þétt frá um 1970 og á það jafnt við um Bandaríkinn, Japan, Bretland og flest önnur Evrópuríki. Auk þess hefur það gerst að starfsmenn hins opinbera eru í ríkari mæli í verkalýðsfélagum heldur en þeir sem vinna á almenna markaðinum. Til dæmis eru 56% starfsmanna hins opinbera í Þýskalandi í verkalýðsfélagum en 22% þeirra sem starfa á almenna markaðin-



ILLUGI GUNNARSSON

Í DAG | Alþjóðavæðing

um, sambærileg hlutföll fyrir Bretland eru 58% hjá hinu opinbera og 17% á markaði og í Bandaríkjunum er þessi hlutföll þannig að 36% af starfsmönnum hins opinbera eru í verkalýðsfélagum en 8% af þeim sem starfa í einkageiranum.

Hnattvæðingin hefur átt mikinn þátt í því að skapa aukinn hagvöxt og velmegun, bæði í iðnríkjunum og hinum fátækari ríkjum eins og Kína.

Verkafólk á Vesturlöndum sem ekki vinnur hjá hinu opinbera er því í harðri samkeppni við ódyrt vinnuafli að austan á sama tíma og verkalýðsfélög hafa minna vægi í samningum um kaup og kjör. Það er því víst að búast að þrýstingur aukist á stjórnmalámen þessara landa að tryggja hag þessa stóra hóps. Það kemur því í raun ekki á óvart að Bandaríkþing ákvað með 315 atkvæðum gegn 116 að

samþykkja 41% hækkun á lágmarkslaunum og á hækkunin að koma til framkvæmda á tveimur árum. Vandinn er bara sá að kínversk stjórnvöld eru ekki líkleg til að gera hið sama og því ekki víst að þessi aðgerð skili sér í bættum kjörum þegar upp er staðið. En meiru skiptir að það eykst stanslaust þrýstingur í Bandaríkjunum og þarlanda stjórnmalámen að settar verði skorður á viðskipti við Kína. Viðskiptahallinn í Bandaríkjunum er gríðarlegur, mikil aukning neyslu hvílir á hækkun á verði húsnæðis sem virðist sjá fyrir endann á og sparnaður er lítill. Í raun hafa bandarískir neytendur verið helsta hreyfiafl hagvaxtar í heiminum undanfarin ár. Viðskiptahindranir á milli Kína og Bandaríkjanna myndu án efa hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir heimsviðskiptin og þar með stöðva tímabundið þann vöxt sem hefur verið óslittinn undanfarin ár.

Það mun því reyna mjög á stjórnmalámen á næstu árum að eyðileggja ekki þau gríðarlegu tækifæri sem alþjóðavæðing viðskiptalífisins hefur í för með sér. Viðskiptahindranir, tollar og aðrar slíkar hindranir kunna að hljóma sem einhver lausn til skamms tíma. En þegar til lengri tíma er lítið þá er það hagur bæði ríkra landa og fátækra að viðskipti séu sem frjálust, þannig verða framfarir hraðastar og mestar. Lausnir sem stjórnmalámen geta beitt sér fyrir felst miklu heldur í því að tryggja öllum góða menntun án tillits til efnahags ásamt góðri almennri heilsugæslu og úrræðum til að hjálpa þeim sem höllum fæti standa. Frjáls viðskipti, lágir skattar og frumkvæði sem helst í hendur við óflugl mennta- og heilbrigðiskerfi er eina raunhæfa svárið sem við eigum við þeim áskorunum sem alþjóðavæðingunni fylgja.

Lexía kvótaeigandans

UMRÆÐAN

Sjávarútvegsmál

Saga kvótakerfisins geymir marga Lexíuna fyrir almenning. Lexían er að kvótahafinn ræður og hefur engar skyldur við aðra en sjálfan sig.

Enn sviður Vestfirðingum undan þeirri lexíu sem Samherjinn veitti þeim. Til þess að sætta Vestfirðinga við yfirtöku Samherja á flaggskipi þeirra, Guðbjörginni ÍS 46, ásamt kvóta var sagt að breytingin skipti Vestfirðinga engu máli, Guðbjörgin yrði áfram gul, yrði áfram ÍS og yrði áfram gerð út frá Ísafirði. Annað kom á daginn, þetta voru bara blekkingar.

Nú eru Akureyringar í sömu stöðu og Vestfirðingar forðum. Búið er að færa allan kvóta Brims frá Akureyri til Reykjavíkur. Togarar fyrirtækisins eru nú RE en ekki EA. Eigandi Brims segir við Akureyringa nú það sama og eigandi Samherja sagði við Vestfirðinga forðum, það verða engar breytingar vinnulega séð og rekstrarlega. Ég ráðlegg Akureyringum að trúa varlega þessum fagurgala. Reynslan sýnir annað, samkvæmt henni



KRISTINN H. GUNNARSSON

munu störfing og umsvifin fara á eftir kvótanum.

Alvarlegasta lexían í Brimálinu á Akureyri er sú að eigandi fyrirtækisins og handhafi kvótans er að refsá Eyfirðingum fyrir forystumenn Sjómannafélags Eyjafjarðar samkvæmt því sem skýrt kemur fram í viðtölum við hann, t.d. í Morgunblaðinu og á Stöð 2 þann 10. janúar. Það má skilja fyrir en skellur algerlega í tönnun, hótunina sem vofir yfir. Ef sjómennirnir koma sér ekki í sjómannafélagið fyrir sunnan eða skipta um forystu í Eyjafjarðarfélaginu þarf ekki

að velkjast í vafa um hvað gerist, starfsemin verður færð á eftir kvótanum og skipunum. Utgerðarmaðurinn setur kostina, aðilar máls eru ekki lengur samningsaðilar. Það getur hann gert vegna þess að kvótakerfið færir honum ótímabundinn umráðarétt yfir veiðiheimildunum sem hann getur ráðstafað eða nýtt án nokkurs tillits til starfsmanna eða byggðarlaganna sem í hlut eiga. Utgerðarmaðurinn er húsbóndinn og beitir hikklaust valdi sínu. Sjómennirnir og heimamenn eru hjúin. Það er lexían.

Höfundur er alþingismaður.

ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!



20-90% AFSLÁTTUR!

VERÐDÆMI 1:
70%AFSLÁTTUR!

Rúmgaflasett 140*200 með tveimur náttborðum,
mjög vandað, með góðri kiropraktor heilsudýnu
verð áður kr. 273.900

verð nú **kr. 136.500**

VERÐDÆMI 2:
50%AFSLÁTTUR!

Viscocomfort þrýstijöfnunardýnan með mjög góðri yfirdýnu
stærð 160*200cm
verð áður kr. 409.550

verð nú **kr. 122.865**

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is

JACK NICKLAUS ER 67 ÁRA Í DAG

„Ég trúí því að fólk sé best í því sem það hefur virkilega gaman af. Það er erfitt að skara fram úr í einhverju sem maður hefur enga ánægju af.“
Bandaríski kylfingurinn fæddist þennan dag árið 1940.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 21. JANÚAR 1950

George Orwell deyr af völdum berkla

Breski rithöfundurinn George Orwell lést þennan dag fyrir 57 árum eftir þriggja ára baráttu við berkla.

Prátt fyrir veikindi sín tókst Orwell að ljúka við síðustu skáldsögu sína, 1984, skömmu áður en hann lést. Hin umdeilda bók, var rétt eins og bók hans Animal Farm, talin vera ádeila á kommúnismann. Bókin fékk góða dóma gagnrýnenda og jók hróður Orwells enn frekar.

Orwell, sem hét réttu nafni Eric Arthur Blair, fæddist árið 1903. Störfuðu foreldrar hans á Indlandi fyrir breska heimsveldið. Ákvað hann að taka upp dulnefni sitt eftir ánni Orwell sem rann skammt frá húsi fjölskyldu



GEORGE ORWELL Breski rithöfundurinn lést þennan dag fyrir 57 árum.

hans í Suffolk á Englandi.

Fyrstu verks Orwell fjölluðu mikið um fátækt, sem er nokkuð óvenjulegt því hann átti vel stæða foreldra og hafði það ágætt þegar hann var yngri. Hann lifði um tíma rónalífi í austurhluta London og vann sem uppvasari í París. Varð þessi reynsla mikill innblástur að fyrsta verki hans, Down and Out in London and Paris, sem kom út 1933.

Eftir vinsældir Animal Farm, sem kom út 1945, fluttist Orwell til eyjunnar Jura undan ströndum Skotlands.

Þar versnaði honum mjög af berklunum sem hann hafði fengið er hann bjó á Spáni.

MERKISATBURÐIR

- 1918 Mesta frost í Reykjavík, -24° C, mælist þennan dag.
- 1924 Rússneski byltingarmaðurinn Vladimir Ilyich Lenín deyr 54 ára gamall.
- 1954 USS Nautilus, fyrsti kjarnorkukafbáturinn í heiminum, fer í sína fyrstu ferð.
- 1976 Atli Heimir Sveinsson hlýtur tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga.
- 1977 Jimmy Carter, forseti Bandaríkjanna, gefur flestum þeim sem komu sér undan herþjónustu í Víetnam upp sakir.
- 1998 Bill Clinton, forseti Bandaríkjanna, hafnar öllum sögusögnum um að hafa átt í kynlífsbandi við Monicu Lewinsky.

SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON: 160 ÁR FRÁ FÆÐINGU HÖFUNDAR ÞJÓÐSÖNGSINS

Merkilegur frumkvöðull

Á tvennum tónleikum var í gær minnst 160 ára tíðar Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds. Sveinbjörn átti öll verkin á tónleikum dagsins en um þessar mundir eru liðin 160 ár frá fæðingu hans. Öllum er kunn hin erfiða tónsmíð sem hann vann við sálmafersið sem spratt fram í huga Matthíasar Jochumssonar og skáldið átti síðan nokkuð erfitt með að klára. Sálmurinn sá var gerður að þjóðsöng. Færri eru kunnugir öðrum tónverkum tónskáldsins. Í gær voru pianóverk hans leikin en til stendur að hljóðrita þau síðar á árinu.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson var af embættismannaættum: faðir hans var Þórður Sveinbjörnsson dómari við landsréttinn. Sveinbjörn fæddist 28. júní 1847 á Nesi við Seltjörn og ætti því að vera í nokkrum metum á Nesinu. Móðir hans var seinni kona Þórðar en fyrri eiginkona hans var fyrst allra jarðsett í Hólavallakirkjugarði. Móðir Sveinbjarnar var af ætt Knudsen kaupmanns en af honum óx mikill ættbogi fólks sem lagðist í listir.

Sveinbjörn var settur til

mennta í Lærða skólanum og síðar í tónlistarnám í Kaupmannahöfn 1868. Hann hafði lært á slaghörpu hjá Pétri Guðjónsseni, þeim mikla aflvaka í íslenskri tónlist, og Ástríði Melsteð biskupsfrú. Nú stefndi hann á að verða atvinnamaður í pianóleik. Dvölin varð tvö ár í Höfn en þaðan fór Sveinbjörn til Edinborgar, var þar um kyrrt í tvö ár en hélt síðan til náms til Leipzig. Tónlistarmaðurinn ungi sótti sér nám til fremstu manna, af nafntogudum mönnum var hann við nám hjá Gade í Höfn en Reincke í Leipzig.

Hann sneri aftur til Edinborgar 1874 og bjó þar lengst af, ef frá eru talin tvö ár sem hann flutti hingað heim, 1922-1924, en eftir það bjó hann í Höfn til dauðadags 1927. Hann kom aðeins í þriggja gang til Íslands: hann var heiðursgestur í konungsheimsókninni 1907, merkum tímamótum í sögu síðustu aldar, aftur 1914 og síðan 1922. Sveinbjörn naut því fjarlægðarinnar en samtímamenn hans litu ævinlega mikið upp til hans og sáu hann í glæstum ljóma. Í Edinborg komst Sveinbjörn í álnir. Hann lifði mest á

kennslu, kvæntist þar ungri konu 1890, Elenor Christie, og eignuðust þau tvö börn. Á efri árum komst hann í efna-hagslegar þrengingar sem skýra síðari ferðalög hans til Kanada, Íslands og loks Danmerkur.

Sveinbjörn samdi alfarið fyrir enskan markað. Enginn markaður var fyrir verk hans Íslandi enda voru öll verk hans fyrir rödd samín við ensk ljóð. Það var ekki fyrr en Matthías leitaði til hans að hann tók að sinna sönglagasmíð við íslensk ljóð og samdi þá margt sem lifað hefur góðu lífi með þjóðinni: Ó, blessuð vertu sumarsól, Ó, fögur er vor fósturjörð, Sverri konung og Sprett. Ef flett er upp í útgefnum hljóðritunum kemur í ljós að feikimargt sönglaga hans er hljóðritað af ýmsum.

Margt af þeim kom líka út á síðustu öld og fór víða í nútímum, einkum fyrir karla-kóra. Minna hefur öðrum tónsmíðum hans verið flaggað þó þær finnist í hljóðritunum innan um annað. Hann samdi bæði fyrir pianó og fiölu, útsetti þjóðlög sem nutu vinsælda. Þá samdi hann Konungskantötuna fyrir heimsókn konungs 1907.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson var merkilegur frumkvöðull í íslenskri tónlistarsköpun og tónlistarlífi. Hann fór erlendis til að sækja sér



SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON

TÍMAMÓT Jón Þórarinnsson tók saman ævisögu Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar tónskálds og kom hún út 1969. Þá er kaffi um ævi hans og verk á síðu tónskáldafélagsins í samantekt Baldurs Andressonar: www.musik.is.

menntun, burt úr reykviska smábænum og þeirri embættismannamenningu sem skóp hann og var þegar allt kom til alls sá kultúr sem hleypti íslenskri tónlist af stað. Sveinbjörn vann innan allra þeirra forma tónlistar sem honum voru tiltæk. Það væri gaman fyrir sem flesta Íslendinga að hafa smá hugmynd um tónheiminn sem hann skóp – svona í bland við aðra almenna þekkingu um íslensk tónskáld – en það gerist ekki nema öll verk hans verði tiltæk á hljóðritunum.

pbb@frettabladid.is



Minn ástkæri eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Halldór Jón Vigfússon

atvinnurekandi og smiður,

lést föstudaginn 19. janúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Gróa Magnúsdóttir, Jón Trausti, Katrín, Soffía Dröfn, Jóhann Kristján, Hjalti Þór, tengdabörn og barnabörn.



Þökkum auðsýnda samúð og hlýðug við fráfall og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, föstur föður, tengdafaður, afi, langafa og bróður,

Ólafur Sveinssonar

Brunnum 19, Patreksfirði.

Guð blessi ykkur öll.

Hulda Ólafsdóttir
Ingvaldur Hafðís Ólafsdóttir
Sveinn Ólafsson
Aðalsteinn Már Ólafsson
Ellen Ólafsdóttir
Birna Jóhanna Ólafsdóttir
Haraldur Ólafsson
Sesselja Guðrún Arthúrsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Klara Sveinsdóttir
Valgerður Sveinsdóttir

Steindór Tómas Halldórsson
Steinunn Sturludóttir
Ingibjörg Rósa Guðmundsdóttir
Vilhjálmur Ólafsson
Arnbjörg Pétursdóttir
Þórir Bjarnason



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar móður okkar, ömmu og langömmu,

Kristjónu Ragnheiðar Ágústsdóttur

frá Búdardal.

Elisabet Magnúsdóttir
Íris Hrund Grettisdóttir
Magnús Þór Guðmundsson.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Þóra Kristín Eiríksdóttir

Efstaleiti 12, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 14. janúar verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. janúar kl. 15.

Tómas Árnason
Eiríkur Tómasson
Árni Tómasson
Tómas Þór Tómasson
Gunnar Guðni Tómasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórhildur Lindal
Margrét Birna Skúladóttir
Helga Jónasdóttir
Sigríður Hulda Njálisdóttir



Ástkæri eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ari Huynh

veitingamaður,

sem andaðist 15. janúar sl. verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 24. janúar nk. og hefst athöfnin kl. 13.

Margrét Huynh
Anna Aradóttir
Torfi Arason
Bogi Arason
Stefán Arason
Hákon Arason
og barnabörn.

Borghildur F. Kristjánsdóttir
Eyrún Jónsdóttir



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Fyrir hinstu kveðju

Búum vel að ástvinum okkar.
Dúnsængur
og damask áklæði.

DÚN & FIÐUR

Laugavegur 87
sími 511 2004

TASTE OF NEW YORK

I'LL TAKE MANHATTAN



KOMDU Á FRIDAY'S - BRAGÐAÐU Á NEW YORK OG TAKTU GÓMSÆTAN BITA AF STÓRA EPLINU!



**BROADWAY
LEMON CHICKEN**



**CHINATOWN
IMPERIAL RIBS**



**WALL STREET
PEPPERCORN STEAK**



**5TH AVENUE
COFFEE MOUSSE**

T.G.I. FRIDAY'S • SMÁRALIND • s: 570 4400 • www.fridays.is
T.G.I. FRIDAY'S ER REYKLAUS STAÐUR



Gleðilegt ferðasu

Opið í

Beint leiguflug Heimsferða með íslensku flugfélagi í allt sumar.
Betri þjónusta og betri flugtímar – fyrir þig!

Sumar 2007

Sumarbæklingurinn 2007 er kominn út

Costa del Sol 26.995 kr.	Mallorca 28.590 kr.	Fuerteventura 26.995 kr.	Barcelona 23.990 kr.
Króaía 26.995 kr.	Rhodos 30.990 kr.	Benidorm 20.995 kr.	Lloret de Mar frá 42.995 kr.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Opið í dag, sunnudag í Skógarhlíðinni

frá kl. 13 til 16

einnig á Akureyri í umboðinu okkar, Geislagötu 12

Komdu og fáðu eintak af sumarþæklingnum

Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Heimsferða í sumar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap. Frábærar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á hreint ótrúlegu verði.

Starfsfólk Heimsferða óskar þér og þínum gleðilegs ferðasumars!

mar!

dag frá 13-16

Bestu gististaðirnir og lægsta verðið.
Bókaðu núna og tryggðu þér
10.000 kr.
afslátt á mann!

Gríska perlan – eyja sólarinnar



Rhodos

frá 39.990 kr.

Heitasti áfangastaður Evrópu



Króatía

frá 26.995 kr.

Nú kemstu beint til Kanada!



Montreal – Kanada

frá 29.990 kr.

Vinsælasti sólarstaður Evrópu



Costa del Sol

frá 26.995 kr.

Perla Miðjarðarhafsins



Mallorca

frá 28.590 kr.

Fegurstu strendur heims



Fuerteventura

frá 26.995 kr.

Borgin sem allir elska!



Barcelona

frá 23.990 kr.

Perlan á Costa Brava



Lloret de Mar

frá 42.995 kr.

Hvíta ströndin



Benidorm

frá 20.995 kr.

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is





Á FUND BORGARSTJÓRA Eggert Magnússon og Nick Igoe, fjármálastjóri West Ham United, eru hér í Upton Park neðanjarðarlestarstöðinni á leið sinni á fund með borgarstjóra Lundúna, Ken Livingstone. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dagur í lífi Eggerts Magnússonar

Fráfarandi formaður KSÍ, Eggert Magnússon, hefur tekið við stjórn enska úrvalsdeildarfélagins West Ham United. Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með daglegu amstri stjórnarformannsins.

Eggert Magnússon hefur tekið við stjórnarformennsku í enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham United. Síðastliðinn fimmtudagur var annasamur í meira lagi hjá Eggerti.

Meðal verkefna hans þann daginn var að taka á mót hertoganum af Jórvík, Andrew, prins bresku konungsfjölskyldunnar, og fara á fund borgarstjóra Lundúna, Ken Livingstone.

Sjálfur segir Eggert að honum finnst ekkert skemmtilegra en að standa í þessum stóra slag í heimi knattspyrnunnar þótt honum fylgi oft langur vinnudagur, erfið ferðalög og krefjandi verkefni.

Hann elskar fótbolta eins og hann orðar það sjálfur og stundar sína vinnu af ástríðu.



AÐ FUNDI LOKNUM Árangursríkum fundi með Ken Livingstone borgarstjóra London er lokið og Eggert getur haldið heim á leið, glaður í bragði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VEGLEG SKRIFSTOFA Eggert á stjórnarformannsskrifstofunni á Boleyn Ground. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ÖLLUM HNÚTUM KUNNUGUR Dagar Eggerts fara í að leysa og binda hnúta og hann yfirgefur heimili sitt í Kensington því alltaf í toppformi.



HÁDEGISVERÐUR MEÐ HERTOGA Prins Albert, hertoginn af Jórvík, situr á milli Eggerts og Guðlaugar Nönnu Ólafsdóttur eiginkonu hans í hádegisverðarboði West Ham United.



ALDREI FRÍÐUR Á þeim tólf klukkutímum sem ljósmyndari Fréttablaðsins fylgdist með Eggerti var hann nánast alltaf að tala í báða símana sína í einu! FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LÍTIL BÖRN

FRUMSÝND 26 JANÚAR

SÝND Í LAUGARÁSBÍÓI OG REGNBOGANUM



“Besta mynd ársins. Kate Winslet og Patrick Wilson eru stórbrotin.”

- Leonard Maltin, ET

“Sláandi áhrifarík, innihaldsrík og það sem meira er, stórskemmtileg mynd.”

- David Denby, The New Yorker

“Meistaraverk. Einstök og óviðjafnanleg frá upphafi til enda.”

- Michael Phillips, Chicago Tribune

“Ógleymanleg. Todd Field er leikstjóri af guðs náð.”

- Joe Morgenstern, The Wall Street Journal

“Fullt hús. Kate Winslet er stórkostleg.”

- Leah Rozen, People Magazine

Kate Winslet · Jennifer Connelly · Patrick Wilson

Little Children



✂ KLIPPIÐ HÉRI!

Gullnu reglur Græna ljóssins

1

Ekkert hlé

Myndin sýnd í einum rykk

2

Minna af auglýsingum

Sýning myndarinnar byrjar fyrir

3

Engin truflun

Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

græna
ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölu til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

* Rökkrið klæðir þig vel, alltaf það

Steinunn Sigurðardóttir

* Áskorun Hemingways

Rithöfundurinn Ernest Hemingway var eitt sinn beðinn um að semja sex orða skáldsögu. Hann varð við þeirri áskorun og taldi hana síðar með sínum bestu verkum. Sagan hans hljóðaði svo: „Baby shoes, for sale, never used.“

Staða skáldsögunnar

Fréttablaðið tekur púlsinn á íslensku skáldsögunni og kannar stöðu hennar í sem víðustu samhengi. Greinarnar verða einnig aðgengilegar á heimasíðu Vísis þar sem lesendur eru hvattir til að leggja sitt til málanna.



STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR ER BÚSETT Á ÍSLANDI OG Í MONTELLIER Í FRAKKLANDI. „Til þess að þess að öðlast einhverja mynd af því sem er í gangi þurfa bæði karlar og konur að taka þátt í að teikna hana.“

MYND/PORSTEINN HAUSSON

Frelsandandi fyrirmyndaskortur

Steinunn deilir tíma sínum milli Íslands og Frakklands og hefur því kærkomna fjarlægð á bókmenntaumræðu hérlendis auk þess að hafa fylgst með henni lengi. Hún segir að íslenska skáldsagan haldi áfram að þroskast í allar áttir og á henni má merkja bjartsýni í garð bókmenntanna og erindi þeirra við lesendur.

Ferill Steinunnar spannar nú tæpa fjóra áratugi en síðast gaf hún út skáldsöguna Sólskinshest sem varð ein af metsölubókum ársins 2005 og fyrsta íslenska skáldverkið í formi hljóðbókar sem hægt var nálgast endurgjaldslaut á netinu.

„Það er dýrmætt fyrir skáldsagnahöfunda að eiga öfluga lesendur eins og ennþá eru á Íslandi,“ segir Steinunn. „Fólk er endalaust að ræða um bækur sín á milli, það tekur þær persónulega inn á sig, og hér er líka keypt mikið af bókum. Mér hefur samt lengi fundist einkennilegt að fjölmiðlar svara ekki þorsta almenningis í umfjöllun um bókmenntir. Þetta er verulega skrytið því hér er um að ræða efni sem rakið væri að yrði lesið, horft og hlustað á.“ Steinunn bætir við

að ljósvakamiðlar aðrir en Rás 1 standi sig ekki í þessum efnun og umfjöllun og gagnrýni í öðrum fjölmiðlum sé snubbótt og handahófskennd. „Það þurfa að vera mun vandaðri og lengri bókaðómar um valdar bækur. Það er til svo mikið af kláru og vel menntuðu bókmenntafólki á Íslandi að það ætti líka skilið betri og fleiri tækifæri til þess að sinna bókaumfjöllun í fjölmiðlum,“ segir hún.

„Hluti af vandamálinu er auðvitað það að útgáfutíminn er stuttur. Gallinn er líka sá að það er líkt og þeir sem taka ákvarðanir séu skoðanaleysingjar. Þó má auðvitað segja að það sé skoðun út af fyrir sig að gera öllum bókum jafn lágt undir höfði, en mér finnst það ógreiði við lesendur og virðingar-

leysi við bókmenntina.“ Steinunn segist hreinlega ergileg yfir þeirri staðreynd að skáldsaga eftir hana fái meira pláss í Süddeutsche Zeitung en í íslensku dagblaði. „Bækurnar mínar eru nú einu sinni skrifaðar á íslensku. Ég er vel að merkja á sama báti og aðrir íslenskir höfundar með þetta, en ég þekki sem sagt ekkert land þar sem þessi skoðanaleysisstefna er ríkjandi.“

Áhlaup og uppgjör

Nú að loknu árlegu flóði er uppgjörstemning í bókmenntaumræðu auk þess sem klassísk umræða um þetta útgáfufyrirkomulag skýtur upp kollinum. Steinunn tekur undir þau orð og segir að allir hefðu gott af því að teygja úr „vertíðinni“, höfundar, útgefendur, gagnrýnendur, lesendur og bóksalar. „Þó er þetta svoltið sjarmerandi og sérís-

alls ekki allir höfundar en mér finnst reglulega gaman að sjá hvernig þeirri bókmenntagrein hefur vaxið fiskur um hrygg, á tilförlulega stuttum tíma,“ segir hún. Steinunn bendir líka á að það þurfi að gera greinarmun á bókmenntagreinum því bækur séu jú skrifaðar í mismunandi tilgangi. „Ég get vel unnt reyfarahöfundi að seljast eins og heitar lummur því hann er einfaldlega að róa á önnur mið heldur en til dæmis ljóðrænt innstilltur skáldsagnahöfundur, sem vinnur með myndmál og stíl frekar en fléttaðan söguþráð. Reyfarar eru öðru jöfnu auðlesnar bækur og þá á ég ekki við að allir reyfarar séu ómerkilegir heldur gera þeir aðrar kröfur til lesenda en til dæmis samsett skáldsaga án hefðbundins söguþráðar, og án endalaufu.“ Steinunn áréttar að hún beri ekki síður virðingu fyrir reyf-

tengslum við sín skáldsögukskrif heldur bendir fremur á þá staðreynd að þegar hún byrjaði að skrifa hafi hún verið „um það bil gjörneysydd af fyrirmyndum“. „Þegar ég byrjaði að fást við skriftir í kringum 1969 voru ótrúlega fáir íslenskir kvenrithöfundar sem nutu virðingar,“ útskýrir hún og nefnir þar til dæmis Svövu Jakobsdóttur, Nínu Björk Árnadóttur og Vilborgu Dagbjartsdóttur. „Svo var gjá milli þeirra og Guðrúnar frá Lundi og kerlingabókanna svokölluðu sem intellektúalarnir gerðu mest grín að og ég stíg mín fyrstu skref á tímum þessa undarlega klofnings,“ útskýrir Steinunn og segist ekki geta metið sjálf hvers konar áhrif þetta hafði á hana. „Ekki leiddi ég hugann að því þá. Það var hins vegar óhugsandi að mér dytti í hug að verða rithöfundur þegar ég var lítil. Skólabræður mínir voru margir ákveðnir í þessu frá upphafi, það var eðlilegt og sjálfsagt. Ég var í tómarúmi, og kosturinn við það náttúrulega að enginn flæktist fyrir – Halldór Laxness flæktist ekkert fyrir mér því ég leit svo á að það sem hann var að gera væri algjörlega fyrir utan mitt svið – þetta var aðskilin iðja.“

Áhrifavald er afstæð hugmynd og Steinunn áréttar að krökaleiðirnar séu margar. Hún hafi hins vegar á seinni stigum gert sér grein fyrir áhrifum Málfríðar Einarssdóttur og líkir henni við lærimeistara. „Ég kynntist verkum hennar árið 1977 en sá ekki fyrir en löngu síðar hversu mikil áhrif hún hafði, til dæmis á Tímahjöf-inn, fyrstu skáldsöguna mína, sem kom út árið 1986. Ég veit ekki hvort nokkrum hefur dottið þetta í hug en ég er viss um að þar var loksins kominn rithöfundur sem ég hef ómeðvitað lært mjög mikið af.“

Kolskókk mynd

Skáldsagnagerð virðist þó enn ekki vera kvennastarfi til jafns við karlaðjobb ef marka má hlutfall stallsystra Steinunnar í nýjstu bókaföndum. Nýliðun er hæg í þessari atvinnugrein og þar hallar mikið á konur. Steinunn segist „grúttánægð“ með það ástand og segir það gefa kolskakka hugmynd af veruleikanum. „Til þess að öðlast einhverja mynd af því sem er í gangi þurfa bæði karlar og konur að taka þátt í að teikna hana,“ segir hún.

„Það veitir ekkert að því að skrifa um ástandið hér því Ísland er ógnvekjandi þjóðfélag,“

lenskt fyrirbæri þessi aflahrota – þjóðin er náttúrulega manísk,“ segir Steinunn og kímur. „Allt er tekið með svo miklu áhlaupi.“ Hún segir að skáldsagnahöfundar geti ágætlega við unað miðað við höfundu í öðrum bókmenntagreinum en allir glíma þó höfundarnir við þá hættu að efni þeirra verði einnota í þessu flæði. Áherslan á jóla-skáldsöguna og ævisögu ársins tekur athygli frá öðrum verkum og Steinunn nefnir til að mynda ljóðið, en sjálf segist hún vera ljóðskáld að minnsta kosti til hálf: „Reyndar eiga ljóð alls staðar undir högg að sækja í sambandi við athygli. Eitt sem ég hef aldrei skilið við ljóðin er að fólk virðist lesa þau og þekkir til þess sem þessi og hinn er að skrifa en kaupir samt ekki bækurnar. Þetta er í raun svoltið leyndardómsfullt því ljóðabók lestu aftur og aftur en skáldsögur yfirleitt bara einu sinni.“

Reyfarakennd áhrif

Steinunn nefnir að hérlendis megi finna flestar þær tegundir skáldsagna sem skrifaðar séu úti í hinum stóra heimi og segir það gleðiefni að flóran sé að aukast þegar horft er til framsetningar, efniviðs og stíls.

„Ég les reyfara. Það gera það

urum en öðrum bókum, ef þær eru góðar, og að hún líti á reyfarahöfundinn John le Carré sem einn af helstu skáldsagnamönnum samtímans.

Þegar við tölum áfram um reyfarana nefnir Steinunn bók Stefáns Mána, Svartur á leik, sem eina áhugaverðustu tilraun síðari ára. „Hún er auðvitað ekki hefðbundin reyfari, en þetta er bók sem ég gleypiti í mig. Þarna er nýr tónn, og höfundur ófeiminn í frásögninni. Ég vil ekki að rithöfundar séu feimnir við að skrifa – stundum skín það í gegn að þeir eru hálf feimnir eða í einhverjum stellingum,“ segir Steinunn og kveðst fremur vilja lesa brokkgenga bók þar sem látið er vaða heldur en bók þar sem allt sé slétt og fellt. „Afsakið – en það er bara það erfðasta sem hægt er að imynda sér, það er hreinlega ekki bók,“ segir hún og hlær við.

Undarlegur klofningur

Í verkum sínum hefur Steinunn gert ítrekaðar tilraunir með skáldsöguformið en hún segist trúa því að hvert efni þurfi sitt form. „Það er erfitt að skrifa þannig því þú ert stöðugt að byrja upp á nýtt. En ég kann ekkert annað.“

Hún kveðst ekki hafa upplifað takmarkanir eða hefðarklafa í

„Konur hafa allt aðra möguleika til að fjalla um hluti heldur en karlar. Þær hafa aðra möguleika til að fjalla um sömu hluti og karlmenn og líka möguleika til að fjalla um aðra hluti en karlmenn. Þetta sannast til dæmis á einum allra fremsta skáldsagnahöfundum nútímans, Toni Morrison. Af íslenskum dæmum um þetta mætti taka Lygasögu eftir Lindu Vilhjálmssdóttur, bók um samannlegt efni, alkóhólisma og lífslygi, með efnistöfum sem væri óhugsandi að karlhöfundur gæti beitt, eða haft sömu sort af pínlegum húmor. Þá er það athyglisvert, að eftir því sem ég best veit er Auður Jónsdóttir eini íslenski skáldsagnahöfundurinn sem fjallar um nýbúa að einhverju marki. Þetta er orðinn svo stór hópur Íslendinga að það er merkilegt að sá veruleiki sé úr sjónmáli í skáldsögunum. Svo er ég að biða eftir því að nýbúar fari að skrifa skáldsögur á íslensku.“

Steinunn segist sjálf ekki hafa átt erfitt uppdráttar kyns síns vegna en bendir á að enn sé staðan sú að karlmenn eigi mun auðveldara með að draga til sín athygli og karlmenn séu duglegir að sjá um sína. „Þetta er ekki af neinum illvilja í garð kvenna heldur er þetta gamalgróid munstur, hluti af vandnum er síðan tengdur því að konur nenna ekki eins að trana sér fram,“ segir hún og bætir við að mál sé að bæði útgefendur, fjölmiðlafólk og aðrir líti í eigin barm og skoði ástæður þess að íslenskum bókmenntum haldist ekki betur á kven-skáldum en raun ber vitni.

Duglegir að þegja

Höfundar eru jafn ólíkir og þeir eru margir en viðhorf þeirra og úrvinnsla á því samfélagi gefur ákveðinn þverskurð af gildismati þjóðarinnar. Steinunn nefnir að Ísland sé að breytast hratt og nokkrir höfundar stundi grimma samfélagsskoðun í verkum sínum.

„Það veitir ekkert af því að skrifa um ástandið hér því Ísland er ógnvekjandi þjóðfélag,“ segir hún, „hvað er annað hægt að segja um þjóðfélag sem leyfir jafn illa ígrundaða eyðileggingarmaskínu eins og Kárahnjúkavirkjun sem eyðir ekki aðeins náttúrunni heldur mannlífum og limum líka.“

Hún segir allt of algengt að ákvarðanatataka hérlendis einkennist af skammtímasjónarmiðum og yfirgangi og nefnir einnig þá þöggun sem einkennir ákveðin umræðuefni hérlendis. „Er Ísland svo ógurlega saklaust eins og margir virðast enn halda?“ spyr hún á móti og vísar til nýlegra fréttu af kynferðisbrotum gegn heyrnarlausum börnum.

Steinunn segir að íslenskir fjölmiðlar séu allt of duglegir við að þegja. Miðað við tilefnið hafi þeir til dæmis fjallað lítið um metsölu-bók síðasta árs, Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason. „Það er því stórmerkilegt hversu vel hún seldist og mér finnst viðtökurnar hjá almenningi með því gleðilegra sem gerst hefur á Íslandi undanfarið. Ástæðan fyrir vinsældunum er ekki framsetningin eða að bókin sé „sensational“ heldur sú að hann er að skrifa um hluti sem brenna á fólki, hluti sem fjölmiðlarnir vanrækja,“ segir Steinunn og bætir við að viðtökurnar veiti einnig ástæðu til bjartsýni um mátt bókarinnar og áhrif hins ritada orðs – þau áhrif hafi til dæmis sést í þátttöku fólks í Laugavegsgöngunni þar sem 15 þúsund landsmenn mótmæltu stóriðjustefnu stjórnvalda. „Það var ekkert fjallað um þá göngu í sjónvarpsannál ársins 2006. Að mínu mati er það staðfesting þess að á Íslandi eru rithöfundar ennþá þýðingarmeiri persónur en í löndum þar sem fjölmiðlar „virka“ – í slíkum löndum yrði frétt ársins ekki sleppt úr annálum.“

Hugur og hjarta

Hlutverk rithöfunda og verka þeirra í sköpun sjálfsmyndar þjóðarinnar er skilgreint af þeim sem á eftir koma. Þegar rætt er um eilífðarmál á borð við listir og hugsjónir vakna einnig spurningar um tilgang og ásetning. Steinunn segir að einn vandi rithöfunda sé fólgin í því að þeir geti ekki alltaf skrifað um hugðarefni sín þótt þeir þrái ekkert heitar. „Rithöfundur á ekki að reyna sig við hvaða efni sem er.

Hann verður að finna út hvað hann er maður til að skrifa og reyna síðan að teygja sig eins langt og hægt er – en ef efnið sem maður tekur fyrir verður þvingað er hætta á að allt tapist. Það er skilyrði í þessu starfi að hjarta og höfuð fylgist að.“

Steinunn vitnar til orða Nóbelskaldsins sem sagði á gamals aldri að það þyrfti stórfelldan masókisma til þess að standa í því að skrifa. „Rithöfundarstarfið er fullt af þversögnum. Á köflum verður maður að þjást til þess að afraksturinn sé góður en um leið eru forréttindi að fá að vinna við það sem maður vill helst gera. Milljón manns langar til þess að skrifa en geta ekki með nokkru móti komið því við. Svo er algengt að fólk láti ekki reyna á það í alvörinni – er ekki nógu galið til þess. Það er reyndar fullkomlega afsakanlegt frá mínum bæjardyrum séð.“

Frá útgefanda ...

Skáldsagan er eilíft umfjöllunarefni, þökkadís og þrætu-epli – eftirlæti okkar á ákveðnum árstímum en olnbogabarn á öðrum. Í jölabókaflóðinu er fáum listamönnum gert jafn hátt undir höfði í fjölmiðlum og íslenskum skáldsagnahöfundum og engar bækur fá eins mikla athygli. Því miður eru þó margar þeirra skáldsagna sem mest var látið með farnar að safna ryki uppi í hillu strax á útmánuðum. Eftir jólin snúa menn sér að sjálfshjálparbókum, handbókum og hagnýtum fróðleik, megrun og markaðsfræðum. Það vill gleymast að fáar bækur geyma dýpri og hagnýtari sjálfshjálpar en góðar skáldsögur. Þær endurspeglar lítróf mannlífsins, sálarháskaga og ódrepani sjálfsbjargarviðleitni. Góð skáldsaga getur dregið lesanda sinn ofan í dýpstu dali og lyft honum í hæstu hæðir – þangað sem svo gott er að dýfa sér og fljúga stöku sinnum. Þær hrífa okkur burt úr hversdagsleikanum og gefa ímyndunaraffinu rými. Aldrei fer þó hjá því að fáeinar skáldsögur bjargist úr flóðinu og haldi áfram að lifa á vörum manna. Á meðan svo er getur skáldsagan varla talist dauð eins og slegið var föstu fyrir nokkrum

árum. Skáldsagan er í fullu fjöri meðan fólk nennir að eyða löngum stundum og miklum pappír í að fjalla um inntak hennar og boðskap og hnakkristfast um margra ára gamla ritdóma. Endalaust er deilt um myndina sem þær birta, um stráka-bækur, stelpubækur, kerlingabækur, karleg viðhorf og kvenleg sjónarmið. Þótt „bókmenntastofnunin“ hafi löngum hafið karlskaldin til skjáanna mjakast sem betur fer í rétta átt og hinum kvenlegu gildum vex ásmegin. Það leyfi ég mér að minnsta kosti að vona eftir síðustu vertíð þar sem á topp tíu listanum voru tvær íslenskar skáldögur – ein eftir konu og ein eftir karl. Þetta er allt að koma.

Hildur Hermósdóttir



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



Í BEINNI ALLA FÖSTUDAGA

Úrslitin hefjast 26. janúar í Vetrargarðinum

Komdu að hvetja þitt uppahald!
MÍBASALA ER HAFIN!
Nesti, Ártúnshöfða og Fossvogi



JÁ



TINNA



JÓGVAN



ALAN



HARA



JOHANNA



GUÐBJÖRG



INGA SÆLAND



GÍS



FJÓRFLÉTTA



GYLFI



SIGURÐUR

Heiður að taka þátt í sjónvarps-sögunni

Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir leikkona er annar umsjónarmanna Stundarinnar okkar. Hún nam leiklist í London en hefur nú verið hér heima í tæp þrjú ár við ýmis verkefni. **Sigríður Hjálmarsson** heimsótti leikkonuna og spjallaði við hana yfir tebolla.

Ég ætlaði alltaf að verða tungumálafræðingur, segir Ísgerður Elfa hlæjandi, spurð hvort hún hafi alltaf ætlað að verða leikkona. „Ég veit reyndar ekki hvort tungumálafræðingar eru til en ég bjó þetta til sjálf þegar ég flutti til Bandaríkjanna níu ára gömul. Mér fannst svo skemmtilegt hvernig fólk talaði með mismunandi hreimi eftir stöðum og ákvað þá að tungumál væru eitthvað sem ég gæti lagt fyrir mig,“ bætir hún við en fjölskyldan bjó í Bandaríkjunum í fjögur ár.

„Það var svolítið fyndið þegar ég byrjaði síðan að læra leiklist úti í London og var þá með bandaríska hreiminn enda er ég eiginlega tvítyngd eftir dvölinna þar. Ég hafði því engar áhyggjur af enskunni þegar ég flutti til Englands en komst fljótlega að því að hreimurinn er svo margvíslegur þar að ég átti í mestu vandræðum með að skilja sumt fólk. Ég velti því stundum fyrir mér þegar ég hlustaði á fólk tala hvort við værum virkilega að tala sama tungumálið,“ segir Ísgerður og brosir.

Ísgerður segir að leiklistaráhugi sé til staðar í ættinni þó þar



ÍSGERÐUR ELFA GUNNARSDÓTTIR
Lærði leiklist í London. Hún sneri heim eftir svíplegan vinarmissi en stjórna nú Stundinni okkar sæl og glöð.

séu engir þekktir leikarar. „Ég held að það hafi reyndar alveg blundað í mér að leika þegar ég var lítil því ég var alltaf að búa til leikrit með systur minni og frændsystkinum. Ég fékk líka oft að fara með æskuvinkonu minni, Álfrúnu Örnólfs, í leikhúsið þegar hún var að leika. Stundum fékk ég að fara baksviðs og sjá hvernig var þar. Mér fannst það alveg ótrúlega merkilegt,“ segir Ísgerður. „Amma gaf okkur frændsystkininum líka alltaf leikhúsfæri í staðinn fyrir páskaegg auk þess sem foreldrar mínir voru duglegir að fara með okkur systurnar í leikhús. Þannig að ég ólst upp við að fara þó nokkuð á leiksyningar.“

Kom öllum á óvart

Ísgerður Elfa er Vesturbæingur í húð og háir. Hún ólst upp við Drafnarstíginn í Reykjavík þannig að Vesturbærinn er æskulóðirnar. „Eftir grunnskólann fór ég í Verslunarskólann og var mikið í kringum leiklistina þar þó ég hafi ekki tekið þátt í leiksýningunum,“ segir Ísgerður sem var eitthvað feimin við að reyna sig á þeim vettvangi. „Ég var alltaf bara bak við tjöldin. Í sjötta bekk var ég formaður leiklistarfélagssins og setti upp leikritið þann vetur. Réð leikstjóra og allt það en var ekki með í leikritinu sjálfu. Ég fór reyndar á leiklistarnámskeiðin og fór einu sinni í prufu fyrir leikritið. Þá komst ég í lokahópinn en ekki í leikritið. Þá ákvað ég bara að þetta væri örugglega ekkert fyrir mig,“ segir Ísgerður og hlær að minningunni.

Þar sem Ísgerður var formaður leiklistarfélagss Verslunarskólans hafði breski leiklistarskólann, Arts Educational School of Acting, samband við hana til að auglýsa fyrir sig inntökupróf í Verslunarskólann. „Ég sá um að auglýsa prófin en ætlaði ekki að fara í inntökupróf sjálf. Óli Þorvaldz, sem var síðan með mér í bekk í London, sparkaði mér eiginlega inn í prufuna því hann vissi að mig dauðlangaði. Hann dró mig inn í tölvustofuna, lét mig finna mér atriði úr leikriti og sagði mér að æfa mig. Svo dreif ég mig í prufuna og gekk svona glimrandi vel.“

Ísgerður segir alla hafa orðið rosalega hissa á að hún færi út í leiklistina. „Það var skemmtilegt hvað þetta kom öllum á óvart. Ég fékk bréf um að ég hefði komist inn í skólann á tvítugsafmælinu mínu í apríl og var svo bara farin út nokkrum mánuðum síðar. Það var enginn búinn að sjá mig leika þannig að allir voru rosalega hissa,“ segir hún og hlær.

Kærastinn lést

Eftir útskrift úr leiklistarskólannum árið 2003 var Ísgerður áfram í London, í harkinu, eins og það kallast. „Ég fór í prufur, lék í heimildamynd og í leikriti sem vinur

minn setti upp auk alls konar talsetninga. Síðan vann ég við að kynna ilmvatn í Harrods, það var alveg skelfilegt starf og hentaði mér mjög illa,“ segir Ísgerður og hlær. „Ég þurfti að vera stífmáluð og í dragt á hverjum degi. Síðan angaði ég af tíu mismunandi ilm-vötum á leiðinni heim í lestinni eftir vinnu. Enda entist ég ekki lengi í þessu heldur fór að vinna á bar. Þar var viðkunnanlegra fólk og starfið átti mun betur við mig.“

Ísgerður hefur nú verið heima frá því snemma árs 2004. „Ég þurfti að koma heim því ég var að ganga í gegnum erfiðan tíma þarna úti,“ segir Ísgerður sorgmædd. „Ég hafði verið að hitta strákr úti sem lést. Þess vegna langaði mig bara að koma heim og vera nálægt fjölskyldunni meðan ég var að ná mér. Við höfðum mælt okkur mót kvöldið sem hann dó en hann mætti náttúrlega ekki. Ég frétti það síðan að hann hefði látist þetta kvöld.“

Morguninn eftir að Ísgerður fékk fréttirnar sýndi hún Shakespeare leikrit í skóla og segir hún það vera það erfiðasta sem hún hafi gert. „Við vorum tvö í leikritinu sem höfðum verið mjög nán Toby, sem dó. Við vorum náttúrlega alveg eyðilögð þennan dag, grétum baksviðs og settum svo upp grímuna þegar við komum á sviðið. Þetta var alveg ofboðslega erfitt en eftir á sé ég að fyrst mér tókst að komast í gegnum þetta þá hljóti ég að geta sýnt undir hvaða kringumstæðum sem er.“

Heiður að vera í Stundinni okkar

Þegar Ísgerður kom heim frá London þekkti hún lítið til í leiklistarbransanum hér á landi. „Ég þekkti Ólaf Darra og Agnar Jón því þeir höfðu leikstýrt fyrir okkur í Verslunarskólann. Ég vissi ekki alveg hvert ég átti að snúa mér og ákvað þess vegna að gera bara eitthvað sjálf. Þegar það var auglýst eftir samstarfsverkefni í Borgarleikhúsinu sótti ég um það og fékk Agnar til að leikstýra fyrir mig Saumastofunni,“ segir Ísgerður en þau ákváðu að uppfæra verkið til nútímans og gerðu Saumastofuna – þrjátíu árum síðar. „Kjartan Ragnarsson sem skrifaði Saumastofuna gaf okkur frjálsar hendur með verkið. Ég setti þetta síðan upp ásamt systur minni, Gunnhildi, og við stofnuðum fyrirtæki, sem við nefndum Tobias, eftir vini mínum sem lést í London.“

Meðal þeirra sem hafa séð um Stundina okkar eru:

Bryndís Schram
Ása Finnsdóttir
Rannveig og
Krummi
Helga Steffen-
sen og Brúdu-
bíllinn



Gunni og Felix
Ásta og Keli
Birta og Bárður
Stígur
og
Snæ-
fríður



**ÓDÝRI
STÓRÚTSÖLU
MARKAÐURINN**

**Flott fót, gjafavörur
og búsaðhöld**

Ótrúlegt verð!

250 – 500 – 750 – 1.000

1.250 – 1.500 – 1.750 – 2.000

Opið 10-18

í Fellsmúla 28

(gamla World Class húsið)



SAMSKIPTI MANNS OG TÖLVU

Birna Íris Jónsdóttir fór úr iðnhönnun yfir í hugbúnaðarhönnun og starfar nú hjá Skýrr.

ATVINNA 12

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



Fjármálastjóri

Óskum eftir að ráða fjármálastjóra í nýtt starf hjá Smáratorgi International

Fjármálastjóri hefur m.a. umsjón með áætlanagerð, uppgjörsmálum, lánasamningum og endurfjármögnunarverkefnum svo eitthvað sé nefnt. Hann kemur að arðsemisútreikningum og utanumhaldi verkferla m.a. vegna lóðakaupa og byggingaframkvæmda hérlendis, sem og erlendis, auk annarra fjölbreytilegra verkefna. Starfinu fylgir mikil erlend samskipti, sem og ferðalög.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegum störfum, en háskólamenntun á sviði viðskipta- og reksturs er skilyrði. Góð enskukunnátta í tali og riti er nauðsynleg. Áhersla er lögð á fagleg og skipuleg vinnubrögð, hæfni í samningagerð og mannlegum samskiptum og metnað til árangurs í starfi.

Í boði er áhugavert starf hjá öflugum og metnaðarfullu félagi, sem er í útrás á alþjóðavettvangi. Um er að ræða afar eftirsóknarvert tækifæri fyrir ungan og metnaðarfullan einstakling, sem hefur áhuga á að vaxa í ört vaxandi og lifandi starfsumhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 29. janúar nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. **Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

Guðný Harðardóttir veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum.



Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Eignarhaldsfélagið Smáratorg International er í eigu sömu aðila og Rúmfatlagerinn ehf.

Smáratorg International er fasteignafélag með starfsemi m.a. í Lettlandi, Litháen, Rúmeníu, Búlgaríu, Færeyjum og á Íslandi.



INNANHÚSSARKITEKTAR GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

T.ark leitar að innanhússarkitektum og grafískum hönnuði
Boðið er upp á fjölbreytt starf með samhentum hópi.

Skila skal umsóknum ásamt starfsferilskrám á skrifstofuna, Brautarholti 6, 3. hæð, eða á netfangið bjarni@tark.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



TEKNISTOFAN ehf. ARKITEKTAR
BRAUTARHOLT 6 105 REYKJAVÍK
teknistofan@tark.is www.tark.is

T.ark vinnur að fjölbreyttum hönnunarverkefnum bæði innan- og utanlands. Hjá T.ark starfa 26 manns

Pípulagningar

Óskum eftir að ráða pípulagningamann.

Áhugasamir hafi samband við Sigmar Arnar Steingrímsson, s: 820 6148

Stafnás ehf. er bygginga- og verkfræðifyrirtæki. Við leggjum metnað okkar í fagleg vinnubrögð, gott starfsumhverfi og góðan aðbúnað á vinnustöðum.

Stafnás

Bygginga- & verkfræðifyrirtæki



Framkvæmdastjóri SSNV

Óskum eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV, eru landshlutasamtök sveitarfélaga og er markmið þeirra að vinna að hagsmunum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

SSNV sér um að reka atvinnuþróunarstarfsemi á Norðurlandi vestra undir heitinu SSNV atvinnuþróun.

SSNV hefur yfirumsjón með málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra auk þess að vinna að hverjum þeim verkefnum, sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kann að fela þeim. SSNV hefur það jafnframt að markmiði að styrkja þjóðfélagslega stöðu landshlutans.

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri s.s. fjármálum, bókhaldi, samningagerð, stjórnun atvinnuráðgjafar (með fjórum skrifstofum víðsvegar um landshlutann) ásamt umsjón og eftirliti með verkefnum málefna fatlaðra. Hann sér um áætlanagerð fyrir einingar samtakanna s.s. á sviði fjárhags og reksturs auk eftirfylgni jafnframt því að annast öll samskipti við landshlutasamtök sveitarfélaga, opinberar stofnanir og stjórnsýslu.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs og/ eða marktæka reynslu af stjórnun og rekstri, en þekking á sveitarstjórnarmálum er kostur. Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti er nauðsynleg, kunnátta í ensku og einu öðru Norðurlandamáli er kostur. Áhersla er lögð á skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum, styrk í mannlegum samskiptum og faglegan metnað til árangurs í starfi.

Í boði er áhugavert og krefjandi starf hjá metnaðarfullum samtökum. Höfuðstöðvar SSNV eru á Hvammstanga. Á Norðurlandi vestra er náttúrufergurð mikil og þar að finna ýmsar fegurstu náttúruperlur landsins í afar fjölskylduvænu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Atvinna óskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

UPPLÝSINGAFULLTRÚI

Staða upplýsingafulltrúa á skrifstofu vegamálastjóra í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Starfssvið

- Umsjón almannatengsla
- Samskipti við fjölmiðla
- Útbúa fréttir til birtingar á heimasíðu og í fréttablöðum
- Útgáfa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á fjölmiðlaumhverfi
- Góð enskukunnátta
- Mikil færni í Norðurlandtungumáli
- Æskileg reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Leitað er að kröftugum og metnaðarfullum einstaklingi með jákvætt hugafer og ríka þjónustulund. Viðkomandi verður að geta hafið störf eigi síðar en 1. mars nk. Um framtíðarstarf er að ræða.

SKRIFSTOFU- OG AFGREIÐSLUSTÖRF

Byggingafélag námsmanna (BN) óskar að ráða starfsmann til skrifstofu- og afgreiðslustarfa.

Starfssvið

- Símsvörun
- Þjónusta og samskipti við leigjendur
- Almenn skrifstofustörf
- Tölvuskráning og gerð skilgreina
- Úrvinnsla umsókna og úthlutun leiguinga
- Önnur tilfallandi verkefni sem ákvörðuð eru af stjórnendum félagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á Microsoft Office forritum
- Reynsla og færni í almennum skrifstofustörfum
FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY
Frumssýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun. 11. feb. kl. 20 - 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

FRÁBÆRISÖNGVARAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Hulda Björk, Gunnar, Ágúst, Jóhann Smári, Sigríður, Ingvaldur Ýr og Eyjólfur

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Landsvirkjun
ÍSLENSKA ÓPÉRAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA
Í 25 ÁR

Brilljantín kynnr POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)

Verkið er aðeins sýnt í viku.
Sun 21. jan kl. 20 **Síðasta sýning**

Children Of Loki kynnr 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER

Frumssýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 /
Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

AUSTURBÆR
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 4. sýning Græn kort Fös 26/1 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 28/1 kl. 20 Lau 3/2 kl. 20	Í kvöld kl. 20 UPPSELT Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT Sun 4/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
Fim 25/1 kl. 20 Fös 2/2 kl. 20 Lau 10/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20	FOOTLOOSE
SAN FRANCISCO BALLETTINN	Lau 27/1 kl. 20 UPPSELT Allra síðasta sýning
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800	Í dag kl. 14 Sun 28/1 kl. 14 Sun 4/2 kl. 14 Sun 11/2 kl. 14
MEIN KAMPF	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar	Fim 25/1 kl. 20 Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar
EILÍF HAMINGJA	KARÍUS OG BAKTUS
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús	Forsala miða hefst á miðvikudag.
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT Fös 2/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20	Sun 4. feb kl. 13 Sun 4. feb kl. 14 Sun 4 feb kl. 15 Sun 11. feb kl. 13 Sun 11. feb kl. 14 Sun 11. feb kl. 15
Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is	BORGARLEIKHÚSIÐ

Stórfengleg!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLEG! eftir Peter Quilter.
Lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2. Fáar sýningar eftir.

SITJI GUDS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Í dag, sun. 21/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.

BAKKYNJUR eftir Evripides.
Fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19:00 fyrir sýningararnar. Enginn aðgangseyrir.
Aðeins tvær sýningar eftir!

Smiðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Mið. 24/1 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 örfá sæti laus, fös. 2/2, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kassinn kl. 20:00 forsala hafin

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus, fös. 2/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Sun. 21/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 uppselt og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogronniks eftir verki Prokofiev
Frumssýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13:30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.
Leikhúskjallarin opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.



Kl. 17.00

Trió Björns Thoroddsen flytur eigin útsetningar á gömlum sálum kirkjunnar úr fórum Marteins Lúthers á þriðju tónleikumum í sálmadagskrá Listvinafélags Hallgrímskirkju á afmælisári, 25. starfsári félagsins. Miðasala er í Hallgrímskirkju.

> Ekki missa af...

Myrkum músikdögum í Reykjavík. Næstu daga stendur íslenskt tónlistarlíf í blóma og þá gefst áhugasömum einstakt tækifæri til að heyra **nýja tónlist**, flutta af framúrskarandi listamönnum.

sýningu **Kristins E. Hrafnssonar** í gallerí i8 við Klapparstíg.

leiksýningunni **Ófögru veröld** í Borgarleikhúsinu. Nútímaleg **Lisa í Sundralandi** á erfitt með að fóta sig í annarlegum heimi. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson.

menning

menning@frettabladid.is

Þýðingar, vandi og viðtökur

Það verður rætt um þýðingar í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag. Þar stendur tímaritið Jón á Bægisá fyrir málþingi ásamt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undir yfirskriftinni „Frá kölska til kynlífs“.

Gauti Kristmannsson lektor í þýðingafraeðum við Háskóla Íslands situr í ritstjórn tímaritsins Jón á Bægisá en það er eina tímaritið hér á landi sem alfarið er helgað þýðingum. Gauti segir að menningarmiðstöðin í Gerðubergi hafi haft frumkvæði að því að halda sameiginlegt málþing í tengslum við Ritþing Ingibjargar Haraldsdóttur sem haldið var í gær en Ingibjörg er einn ötulasti þýðandi landsins auk þess að vera virt ljóðskáld. „Það var leitað til okkar og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um samstarf og við tókum vel í það. Þýðendur hafa vitanlega áhuga á slíku og það verða mjög áhugaverð erindi í boði,“ útskýrir Gauti.

Ingibjörg hefur setið í ritstjórn tímaritsins með hléum en hún er einn frummælenda dagsins. „Hún er þekkt sem Dostojevskij-þýðandi og í dag mun hún fjalla sérstaklega um ljóða- og leikritabýðingar sínar. Auk þess að starfa við þýðingar hafa verk hennar einnig verið þýdd svo hún þekkir málið frá öllum hliðum,“ útskýrir Gauti.

Þá mun Ástráður Eysteinnsson, prófessor í almennri bókmenntafræði við HÍ, fjalla um stöðu og vægi þýðinga með hliðsjón af nútíðarminni bókmenntasögu, Kendra Jean Willson, doktorsnemi



GAUTI KRISTMANSSON, FORMAÐUR BANDALAGS ÞÝÐENDA OG TÚLKA Þýðingar verða sífellt mikilvægara viðfangsefni.

í norrænum fræðum, heldur erindi um ljóðstafi og viðtökur ljóðabýðinga og spyr meðal annars hvort stuðlun sé einkenni texta, bragarháttar, tungumáls, þjóðmenningar eða alþjóðlegs skáldskaparmáls. Berglind Guðmundsdóttir þýðandi heldur svo spennandi erindi um íslenskar þýðingar á bókinni Lady Chatterley's Lover eftir D.H. Lawrence.

Gauti tekur undir það að í vetur hafi verið meira um að vera en oft áður í tengslum við þýðingar og nefnir þar til dæmis nýstofnað Bandalag þýðenda og túlka þar sem hann gegnir nú formennsku en félagið hefur staðið fyrir viðburðum tengdum þýðingum og þýðingafraeðum. „Það er margt að gerast í þýðingum almennt - alls staðar í samfélaginu,“ áreittar Gauti. „Áhrif hnattvæðingarinnar

eru augljós en þar eru þýðingar mjög mikilvægt viðfangsefni.“

Hann bætir við að fólk taki líka betur eftir þeim þýddu bókum sem koma út en bendir á að erfitt sé að meta fjölda þeirra milli ára. „Það er tilviljanakennt hversu mikið kemur út ár hvert. Titlum hefur fjölgað en hlutfall þýddra verka rokkar talsvert. Mér finnst markaðssetning forlaganna þó betri en oft áður - þau auglýstu sum verkanna meira og þau fengu einnig betri umfjöllun í fjölmiðlum.“

Meðvitund fólks um mikilvægi þýðinga virðist því fara vaxandi en Gauti segir að ef vel tekst til í dag verði mögulega haldin fleiri sambærileg málþing enda sé áhuginn til staðar. „Við verðum að sjá hvernig reynslan verður. Menntuðu fólki sem hefur þekkingu á þessu sviði fer fjölgandi, til dæmis með tilkomu meistaranáms í þýðingafraeðum við Háskóla Íslands. Þar með fjölga þeim sem geta tjáð sig um þessi mál út frá meira en áhuganum einum. Það er eins með þetta og annað sem mannfólki tekur sér fyrir hendur - þegar fræðileg þekking eykst verður til orðræða og umræða um fagið sem hjálpar okkur að gera hlutina betur, öðruvísi og á nýjan hátt.“



ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON



INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR

Forvitnileg verk í vinnslu

Aðstandendur sýningaraðarinnar 108 Prototype taka upp þráðinn að nýju í kvöld og skipuleggja kvölddagskrá í húsi Klassíska listdanskólans á Grensásvegi 14. Dagskrá þeirra er skipulögð sem vettvangur fyrir listafólk sem vill kynna verk í vinnslu.

Aðstandendur sýninganna, danshöfundurinn Steinunn Ketilsdóttir og vídeolistamaðurinn Andreas Constantinou, skipuleggja þær að erlendra fyrirmynd en víða þekktist að listafólk sýni verk sín á vinnslustigi þar sem áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft og opnað er fyrir nýjar hugmyndir, skoðanaskipti og uppbyggilega gagnrýni.

Þátttakendur í kvöld verða Pei Jen Tsai butoh-dansari, Sveinn

Ólafur Gunnarsson leikari, Unnur Pétursdóttir söngkona, Bjarki Bragason sjónlistamaður og nemendur frá Klassíska listdanskólannum.

Sambræðsla listgreina er víða um lönd að verða meiri og eru tilraunir þeirra í Prototype-hópnum til marks um það.

Guðjón Pedersen leikhússtjóri Borgarleikhússins stjórnar umræðum í lok sýningarinnar sem áhorfendur eru hvattir til þess að taka virkan þátt í.

Sýningin hefst kl. 20 en húsið opnar kl. 19.30, aðgangseyrir er litlar 250 krónur.

SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON LEIKARI

Tekur þátt í 108 Prototype.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HVAD? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

18 19 20 21 22 23 24

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

20.00 Hinir árlegu nýárstónleikar **Triós Reykjavíkur** verða haldnir í **Hafnarborg**. Sérstakur gestur tónleikanna er **Elin Ósk Óskarsdóttir**. Efnisskrá fyrri hluta tónleikanna verður að mestu helguð **Edvard Grieg** en seinni hluta tónleikanna verður fjörið allsráðandi, dansar, polkar og glæsjarúr úr óperettum eftir Nico Dostal, Franz Lehar, Ernesto de Curtis og Emmerich Kálmán.

20.00 Tónleikar til minningar um **Manuel Wiesler** flautuleikara. Á tónleikunum verða leikin verk eftir íslensk tónskáld sem mörg hver voru samín sérstaklega fyrir Manuelu. Fram koma **Íslenski flautukórinn**, ásamt **Hallfríði Ólafsdóttur**, **Melkorku Ólafsdóttur**, **Guðrúnu Birgisdóttur**, **Martial Nardeau**, **Örnu Kristínu Einarsson**, **Berglinni Stefánsdóttur**, **Dagnýju Marinósóttur**, **Magneu Árnadóttur**, **Pamelu De Sensi** og **Kolbeini Bjarnasyni**. Aðgangseyrir er 1.500 kr. og rennur allur til góðgerðarmála.

FYRIRLESTRAR

15.00 Listamannspjall **Hlyns Helgasonar** í **Listasafni ASÍ** en þar stendur yfir sýning hans **63 dyr Landspítala við Hringbraut**. Á sama stað sýnir **Jóhann Ludvig Torfasen** verk sín á sýningu sem ber yfirskriftina **Ný leikföng**.

SÝNINGAR

11.00 Sýningin **Frelsun lítarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des Beaux-Arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. **Dr. Ólafur Kvaran** safnstjóri leiðir gesti um sýningu **Jóns Stefánssonar** listmálara sem var nemandi **Matisse** en verk hans er einnig að finna í safninu um þessar mundir.

11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Lúinh**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjörn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningar- miðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni, Einsýna list, eru að mörgu leyti ólíkir en þeir eiga það sameiginlegt að vera óhræddir við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

13.00 **Melkorka Huldudóttir** sýnir á **Vesturvegg** menningarmiðstöðvarinnar **Skaftfells** á **Seyðisfirði**. Sýningin **Beinin mín brotin** verður opin um helgar út janúarmánuð milli kl. 13-18 eða eftir samkomu- lagi. Þar stendur einnig yfir sýning á innsetningu **Haralds Jónssonar**, **Framköllun**.

14.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Híð óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.

17.00 **Hekla Dögg Jónsdóttir**, **Daniel Björnsson**, **Sirra Sigrún Sigurðardóttir** og **Ásdís Sif Gunnarsdóttir** taka þátt í sam- sýningu í **Gallerí Klíng & bang** á Laugavegi. Sýningin heitir **Ljósaskipti - Jólasyning Klíng & Bang**.

15.00 Í **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Batemans ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur**, **Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjórnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrích Obrist** og **Daniel Birnbaum**. Sýningunni lýkur í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Á löngu kunnuglegum slóðum



LEIKLIST

Sælueyjan

Jacob Hirdwall, leikgerð eftir Maríu Ellingsen og Grétu Maríu Bergsdóttur

Þjóðleikhúsið

Leikmynd og búningar: Snorri Freyr Hilmarsson. **Ljós- og myndbandshönnun:** Björn Bergsteinn Guðmundsson og Gideon Kiers. **Þýðandi:** Salvör Aradóttir. **Tónlist:** Ólafur Björn Ólafsson. **Leikstjóri:** María Ellingsen.



Klisjukennt og einfaldningslegt verk í snoturri sviðsetningu.

leikgerð Maríu og Grétu Maríu Bergsdóttur dramatúrgs – og jafnvel fyrir, er ósköp lítilvægt, flétta fyrirsjáanleg og klisju- kenn, átakasvæðin þröng og grunn. Verkið er einfaldlega ekki böðlegt stofnun á borð við Þjóðleikhúsið.

Þetta er þess sorglegra að hér eru margir finir kraftar að verki: Hjálmar Hjálmarsson, Sólveig Arnarsdóttir, Atli Rafn, Kristján Franklín, Elma Lís og eru þá ekki allir upp taldir. Allt saman kraftar sem eiga það skilið að þeir fái í hendur brýn og áriðandi verkefni til að takast á við og sýna hvers þau eru megnug. Sumt af þessu fólki verður við reyndar að fara að sjá takast á við eitthvað verulega bitastætt: hvað eigum við að bíða lengi eftir að við fáum Sólveigu Arnarsdóttur takast á við hlutverk sem markar mæri hennar sem listamanns? Ævin-

lega er henni hent í hlutverk ungrar konu sem virðist sterk en reynist veik? Hér er ung listakona á glæsilegasta aldri sínum til stórataka, því ekki að nýta það sóknarfæri?

Um alla álfuna er verið að skrifa verk sem með einum eða öðrum hætti eru í jaðri og miðju okkar eigin reynslu. Þau heimta skýra verkstjórn, hugmynda- auði umsjónarmanna í útliti, ferska aðkomu listamanna sem bíða þess að segja okkur sögur úr djúpunum. Það er á þá mælistiku sem verður að leggja verk eins og Sælueyjuna. Það er raunar til marks um verkið að það hefur enn ekki verið tekið til sýninga í heimalandi höfundar, þó það sé reyndar ekki algilt um mikilvægi höfunda að þeir fái fyrst fram- gang í sinni heimabyggð.

Nú skal það ítrekað að listrænum stjórnendum leikhúsa er alla jafna þrautin þyngst að setja saman verkefnaskrá: hér á landi búa öll leikhús við heldur þröngan kost, jafnvel Þjóðleikhúsið sjálft. Hræringar á leikaramarkaði eru miklar og samkeppni um áhorfendur hörd og þörf. Verkefnaval reynist oft algert glópa- lán – við höfum samt á þessu hausti séð nokkur vindhögg hjá stjórnendum Þjóðleikhússins og þetta er eitt þeirra. Glæsilega útfærð sýning á Bakkynjunum vakti spurningar um erindi verkefnsins við íslenska áhorfendur og þessi skrifari uppskar mikla for- agt: gat verið að hin forngríska menning ætti ekki erindi – þvílíkt og annað eins! Spaug eins og Stór- fengleg! reyndist ekki ná neinni þeirri hylli meðal áhorfenda sem stefnt var að – á endanum er það orðspor sýninga sem öllu ræður um hylli þeirra. Leikhúsgestir hafa smekk og sterkan vilja þó þeim verði oft hnikað úr sínu fasta fari.

Sælueyja Þjóðleikhússins er því miður harkaleg áminning til forráðamanna að þeir þurfa að vanda sig betur við val verkefna hússins.

Páll Baldvín Baldvínsson

NÝJAR BÆKUR

Nýtt hefti Sögu er komið út og gætir í því ýmissa grasa. Kristín Ástgeirsdóttir gerir upp kvennaáratug- inn 1976-1985 og færir rök fyrir að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna hafi haft mikil áhrif á íslenska jafnréttis- baráttu á síðustu þremur áratugum. Í grein Svans Kristjánssonar er síðan fjallað um sambyli beins lýðræðis og fulltrúalýðræðis kringum aldamótin 1900. Beint lýðræði kemur einnig við sögu í grein eftir Ingólfur Ásgeir Jóhannesson þar sem hann greinir nýlega orðræðu um umhverfismál og álbræðslu- ur og færir rök fyrir að í umræð- unni beiti allir þjóðern- islegum rökum.

Frá því að sjálfstæð- isbar- áttunni lauk hafa umræður um samskipti Íslendinga og Dana sjaldan verið jafn fyrirferðarmiklar í fréttum og síðustu misserin. Tvær greinar tengjast þessum samskiptum. Annars vegar ritar Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir um merka íslenska miðaldagrip í vörslu Þjóðminjasafns Danmerkur. Hins vegar skrifar Guð- mundur Jónsson grein um endalok dönsku Íslandskaupmannanna, en á árunum 1910-1930 hurfu mörg umsvifamikil verslunarfyrtæki þeirra af sjónarsviðinu. Einnig er í heftinu grein eftir Magnús Svein Helgason um áherslubreytingar sem orðið hafa á sviði neyðslusöguransókna á síðustu árum. Þá ræðir Sigurjón Páll Ísaksson um uppruna Qualicumque descriptio Islandiae, sem oft er kölluð Íslandslýsing Odds biskups Einarssonar, og veltir einkum fyrir sér möguleg- um ritunartíma verkefnsins og höfundu þess. Þá eru í heftinu átta ritdómar. og minningarorð um Bergstein Jóns- son prófessor eftir Einar Laxness. Ritstjórar eru Hrefna Róbertsdóttir og Páll Björnsson.



Viltu vinna mikilvægt starf

heima hjá þér?

Velkomin í hópinn!

Grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra í Reykjavík hefst í húsakynnum

Námsflokka Hafnarfjarðar við Skólalbraut þann 1. mars 2007 (70 klst.).

Umsóknarfrestur er til 12. febrúar nk.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar fást á þjónustumiðstöðvum borgarinnar:

• Vesturgarði, þjónustumiðstöð Vesturbæjar
Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700

• Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða
Skúlagötu 21, sími 411-1600

• Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis
Síðumúla 39, sími 411-1500

• Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Langaríma 21, sími 411-1400

• Þjónustumiðstöð Breiðholts
Álfabakka 12, sími 411-1300

• Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Bæjarhálsi 1, sími 411-1200

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar veitir leyfi til daggæslu í heimahúsum, www.leikskolar.is. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita foreldrum upplýsingar og dagforeldrum ráðgjöf og stuðning. Þjónustusími Reykjavíkurborgar er 4 11 11 11.



Nýtt í bíó

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
MED BEN STILLER OG ROBIN WILLIAMS

BEN STILLER
NIGHT AT THE MUSEUM

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
 3 VIKUR A TOPPNUM Í USA!

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Sími 553 2075

FYRSTA STORMYND ÁRSINS
 Ótrúleg ævintýramynd sem var 3 vikur á toppnum í USA!

Coca-Cola

L

LUXUS

MESTARAVERK EFTIR
MEL GIBSON
APOCALYPTO

Toppmyndin á Íslandi í dag!

MESTARAVERK EFTIR
MEL GIBSON
APOCALYPTO

SÍGVALDI SVALLI KALDALÓNS
 DAGSKRÁRSTJÓRI
 FM957/MORGUNPÁTTURINN ZÜBER

ENGIN FÆR FLÚID ÖRLÖG SIN

★★★★
 PÓRARINN ÞÓRARINSSON -
 FRÉTTABLAÐIÐ

16

D.Ö.J. Kvikmyndir.com

★★★★
 VJV TOPPSÍS

Gagnrýni: boggalundur.is

★★★★
 Ég var mjög ánægð með þessari mynd. Þetta er einfaldlega góð spennusaga, handritið er gott, þátt flötta með óvennum smáningum, blanda af spennu reimleikum og rómantík. Ekki missa af henni. Rökkiand á rás 2

KAUPPING FRÉTTABLAÐIÐ

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kauppingis ef greitt er með korti frá Kauppingi

ERAGON

S.V. MBL

ARTUR

H.J. MBL

MYRIN

FRÉTTABLAÐIÐ

14

LITTLE MISS SUNSHINE

H.J. MBL

FRÉTTABLAÐIÐ

7 græna ljósið

Ath: Ekkert hlé á myndum Græna ljósið.

the Black Dahlia

JOSH HARTNETT SCARLETT JOHANSSON
 AARON ECKHART og HILARY SWANK

Sýnd kl. 6 og 8

Employee of the Month

Ólafur Ólafsson, Jónas Ólafsson, Ólafur Ólafsson

Sýnd kl. 5, 8 og 10, 15

Jack Black - KYLE GIBB
THE PICK OF SLOTT

JACK BLACK - KYLE GIBB
THE PICK OF SLOTT

Sýnd kl. 5, 4S, 8 og 10, 15 bl. 16

GEGGJUD TÓNLIST

Sýnd kl. 2 og 4 ISL TAL

Sýnd kl. 4 og 10, 15 bl. 12

SMÁRABÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Borgarbíó Sími 462 3500

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 1, 3, 20, 5, 40, 8 og 10, 20
SÝND Í LUXUS	kl. 1, 3, 20, 5, 40, 8 og 10, 20
APOCALYPTO	kl. 2, 5, 8 og 10, 5S bl. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 5, 4S, 8 og 10, 15 bl. 7 ÁRA
KÖLD SLÖÐ	kl. 5, 4S, 8 og 10, 15 bl. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 1, 20 og 3, 40
ERAGON	kl. 1, 20 og 3, 40 bl. 10 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 10, 10 bl. 14 ÁRA
MÝRIN	kl. 8 bl. 12 ÁRA

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3, 6, 8, 20 og 10, 40
APOCALYPTO	kl. 3, 6 og 9 bl. 16 ÁRA
KÖLD SLÖÐ	kl. 5, 50 og 8 bl. 12 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 3, 5, 50, 8 og 10, 10 bl. 7 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 10, 10 bl. 14 ÁRA
MÝRIN	kl. 3 bl. 12 ÁRA

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5, 50, 8 og 10, 10
APOCALYPTO	kl. 8 bl. 16 ÁRA
KÖLD SLÖÐ	kl. 8 bl. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 4
ERAGON	kl. 4 bl. 10 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBÖGANN Á **mid.is**

450 kr. í bíó!
 Gildir á allar sýningar í Regnbögninni og Smárabíó

450 kr. í bíó!
 Gildir á allar sýningar í Borgarbíó

mid.is **L** **Dolby** **7.1** **7.1** **7.1** **7.1** **7.1** **7.1**

BÍÓ.IS - allt á einum stað

Coca-Cola

FRUMSÝND 19. JANÚAR

NIGHT AT THE MUSEUM

9
 HVER VINNUR

SENDU SMS JA NMF Á NÚMERIÐ 1900
 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ!

VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR OG MARGT FLÉIRA!

W
SMS LEIKUR

NIGHT AT THE MUSEUM
BÍOMÍÐI

FYRSTA STORMYND ÁRSINS!

3 VIKUR A TOPPNUM Í USA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt í SMS leiknum. 99 kr./skreyting.

Stór samningur

Pete Doherty og félagar í bresku hljómsveitinni Babyshambles hafa gert útgáfusamning við plötufrýr-tækið Parlophone. Talið er að samningurinn hljóði upp á tæpar 140 milljónir króna.

„Við erum mjög ánægð með að hafa skrifað undir þennan samning og hlökkum til langs og gifturíks samstarfs við Parlophone,“ sagði í yfirlýsingu frá Babyshambles. Hljómsveitin gaf á síðasta ári út EP-plötuna The Blinding undir merkjum Parlophone.

„Parlophone hefur í mörg ár unnið með bestu hljómsveitunum í Bretlandi, þar á meðal Radiohead, Blur og Coldplay, og við sjáum fyrir okkur að Babyshambles muni einnig halda merki fyrirtækisins á lofti.“

BABYSHAMBLES Pete Doherty og félagar í Babyshambles hafa gert útgáfusamning við Parlophone.



Vélrænt listaverk Ben Frost

Hin íslenska plötuútgáfa Bedroom Community hefur farið einstaklega vel af stað. Fyrsta plata útgáfunnar var plata strengjasmillingsins Nicos Muhly og í byrjun desember kom út plata Ástralans Bens Frost. Því er löngu kominn tími til að gagnrýna þá plötu hér í Fréttablaðinu.

Ben Frost hefur verið búsettur í nokkurn tíma hérlendis og unnið með fjöldanum öllum af íslenskum sveitum. Hann hefur meðal annars unnið mikið með Valgeiri Sigurðssyni, upptökustjóra og aðalstjórnanda Gróðurhússins, og Bedroom Community.

Strax við fyrstu tóna Theory of Machines finnur maður fyrir þeirri vélrænu dulúð sem einkennir plötuna. Uppbyggingin er línuleg en tempóið helst yfirleitt alltaf það sama. Við rafræna tóna fléttast áttánlegur trommutaktur sem er hrikalega hrár og skítugur. Svipuð lína helst síðan út plötuna fyrir utan að dulúðin og tortryggnin eykst og nær



TÓNLIST
Theory of Machines
 Ben Frost

★★★★

Afar frambærileg rafplata þar sem ýmis dulúð blæbrigði fléttast við vélræna trommutakta.

hámarki í loklaginu Forgetting You is Like Breathing Water. Nafnið segir reyndar allt sem segja þarf.

Blæbrigði plötunnar eru þó fjölbreytt og nærri því sjáanleg. Ýmiss konar myndir koma upp í huga manns við hlustun og því líkast platan að þessu leyti helst formfögru listaverki. Á köflum er það sóðalegt (look We Love You Micheal Gira) en á tímum yfirgengilega fallgett. Sem dæmi má nefna að þrátt fyrir óbærilegan tilfinningaþunga lagsins Forgetting You is Like Breathing Water þá er lokahluti lagsins ótrúlega kyrrlátur og yfir honum ríkir fallgett ró.

Af lýsingarorðunum að dæma má sjá að Theory of Machines er plata sem vekur upp ýmsar kenndir, afbragðs plata sem hrærir við manni. Að lokum fá Bedroom Community menn sérstakt lof fyrir frábæra vinnslu á plötuumslaginu og textanum frá Daniel Johnson sem með fylgir. Steinþór Helgi Arnsteinsson

Sími: 553 2075

Ódýrt í bíó

ATH. SÝND KL. 2

NIGHT AT THE MUSEUM

ARTUR OG MÍNIMOARNIR

ERAGON

LAUGARÁS BÍÓ 450 kr. á 2 sýningar

Auglýsir á Super Bowl

Kevin Federline leikur í auglýsingu tryggingafyrirtækisins Nationwide Insurance, sem sýnd verður í auglýsingahléi á Super Bowl, úrslitaleiknum í bandarískum rúðungi, í febrúar. Auglýsingin hefst eins og dæmigert hip-hop myndband, þar sem Federline er umkringdur fáklæddum þokkadís-um og peningabúnt-um. Persónan er þó ekki svo lánsöm, því hún er í raun starfsmaður á skyndibitastað sem lætur sig dreyma um betra líf yfir djúpsteikingarpottinum. Þetta er ekki laust við kaldhæðni,

þar sem rappferill Federlines sjálfs þykir tiltölulega misheppnaður.

Federline segir auglýsinguna vera til marks um „nýjan Kevin“ á nýju ári. Hann vilji sýna að hann taki sjálfan sig ekki of alvarlega og hafi húmor fyrir lífinu. Í viðtali við tímaritið People á miðvikudag sagði Federline að árið 2007 væri ný byrjun fyrir sig. Hann sagði jafnframt að forgangsverkefni hans á nýju ári væri að breyta ímynd sinni til hins betra.



HÚMOR FYRIR LÍFINU
 Federline vill sýna fólki að hann taki sjálfan sig ekki of alvarlega.

SPARBIÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnugögum

SAMBÍÓIN

BABEL ★★★★★ **TOPPS.IS** ★★★★★ **PANAMAJS** ★★★★★

EF ÞÚ VILT FÁ SKILNING ÞARFTU AÐ HLUSTA

FORELDRAR 1000 KR. MIDAVERÐ

FRÁ PEIM SÖMU OG GERÐU VERÐLAUNAMYNDINA BÖRN

ADALLEIKARARNIR FARA Á KOSTUM

THE PRESTIGE HUGH JACKMAN CHRISTIAN BALE SCARLETT JOHANSSON MICHAEL CAINE

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO

THE PRESTIGE MÖGNUG OG TÖFRANDI SPENNA SEM HELDUR ÞÉR Í HELJARGREIPUM

Háskólabíó

FORELDRAR	kl. 4 - 6 - 8 - 10	Leyfð	FLAGS OF OUR FA...	kl. 3 - 5:30 - 8	Bl.16
BABEL	kl. 3 - 6 - 9 - 10:30	Bl.16	DÉJÁ VU	kl. 10:30	Bl.12
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8	Bl.12	THE DEPARTED	kl. 3 - 10:30	Bl.16
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:50	Bl.16	FRÁIR FÆTUR M/-Ísl tal.	kl. 3	Leyfð
THE HOLIDAY	kl. 8	Bl.7			

Háskólabíó

FORELDRAR	kl. 4 - 6 - 8 - 10	Leyfð	THE CHILDREN...VIP	kl. 5:30	
BABEL VIP	kl. 2 - 8 - 10:50		FRÁIR FÆTUR M/-Ísl tal.	kl. 1 - 2:10 - 3:20 - 5:40	Leyfð
FORELDRAR	kl. 4 - 6 - 8 - 10		HAPPY FEET M/-Ensk tal.	kl. 3:20	Leyfð
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	Bl.12	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl tal.	kl. 1:30 - 3:20	Leyfð
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:30	Leyfð	BÆJARHLADID M/-Ísl tal.	kl. 1:30	Leyfð
THE CHILDREN OF MEN	kl. 8:30 - 10:30	Bl.16	ÖBYGGDIRNAR M/-Ísl tal.	kl. 1:30	Leyfð

ÁLFABAKKA

BABEL	kl. 5:30 - 8 - 10:50	Bl.16	THE CHILDREN...VIP	kl. 5:30	
BABEL VIP	kl. 2 - 8 - 10:50		FRÁIR FÆTUR M/-Ísl tal.	kl. 1 - 2:10 - 3:20 - 5:40	Leyfð
FORELDRAR	kl. 4 - 6 - 8 - 10		HAPPY FEET M/-Ensk tal.	kl. 3:20	Leyfð
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	Bl.12	SKOLAD Í BURTU M/-Ísl tal.	kl. 1:30 - 3:20	Leyfð
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:30	Leyfð	BÆJARHLADID M/-Ísl tal.	kl. 1:30	Leyfð
THE CHILDREN OF MEN	kl. 8:30 - 10:30	Bl.16	ÖBYGGDIRNAR M/-Ísl tal.	kl. 1:30	Leyfð

KRINGLUNNI

FORELDRAR	kl. 8:30 - 10:30	Leyfð			
THE PRESTIGE	kl. 6 - 8:15 - 10:40	Bl.12			
STRANGER THAN FICTION	kl. 10:30	Leyfð			
FRÁIR FÆTUR M/-Ísl tal.	kl. 1:20 - 3:40 - 6	Leyfð	DIGITAL		
HAPPY FEET M/-Ensk tal.	kl. 3:40 - 5:50 - 8:10	Leyfð	DIGITAL		
SKOLAD Í BURTU M/-Ísl tal.	kl. 1:30 - 3:50	Leyfð	DIGITAL		

KEFLAVÍK

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:15	Leyfð			
THE PRESTIGE	kl. 10:15	Bl.12			
KÖLD SLÓÐ	kl. 8	Bl.12			
HAPPY FEET M/-Ísl tal.	kl. 2	Leyfð			
EMPLOYEE OF THE...	kl. 5:50	Bl.12			
ARTHUR OG... M/-Ensk tal.	kl. 4	Leyfð			

AKUREYRI

BABEL	kl. 8 - 10:40	Bl.16			
THE PRESTIGE	kl. 8	Bl.12			
THE CHILDREN OF MEN	kl. 10:20	Bl.16			
HAPPY FEET M/-Ísl tal.	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð			
HAPPY FEET M/-Ensk tal.	kl. 4	Leyfð			
SKOLAD Í BURTU M/-Ísl tal.	kl. 2	Leyfð			
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:40	Bl.16			

www.SAMBIO.is 575 8900 www.SAMBIO.is

Missti barn 14 ára gömul

Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey kemur aðdænum sínum mjög á nýjasta tölublaði af viðlesnu tímariti sínu, Oprah. Þar greinir hún frá því að hún missti barn þegar hún var táníngur, aðeins 14 ára gömul. Oprah var misnotuð um árabíl þegar hún var ung og á táningsárunum var hún mjög „frjálslynd í ástámálum“ eins og hún orðar það sjálf.

„Hún vissi í raun ekki hver pabbi þessa barns var,“ segir Gayle King, ritstjóri tímaritsins og besti vinur Oprah. „Hún faldi meira að segja þungunina lengi vel.“

Í tímaritinu upplýsir Oprah að barnið hafi fæðst fyrir tímann og dáði skömmu eftir að það kom í heiminn. „Hún skammaðist sín



svo mikið að hún þagði mjög lengi yfir þessu,“ segir King ennfremur.

Ástæða þess að Oprah greinir nú frá þessu leyndarmáli sínu er að ónefndur ættingi hennar seldi söguna um barnið sem lést til slúðurtímaritsins National Enquirer. King segir að svik þessa ættingja hafi fengið svo á Oprah að hún lá í rúminu í viku og grét.

GÖMUL LEYNDARMÁL UPPLÝST
Spjallþáttadrottningin Oprah Winfrey hefur upplýst að 14 ára gömul eignaðist hún barn 1 sem lést skömmu eftir fæðingu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



AFTUR HEIM Cameron Diaz ku vera flutt út frá Justin Timberlake og í faðm foreldra sinna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heim til mömmu

Cameron Diaz, sem er eins og kunnugt er nýhætt með Justin Timberlake, er snúin aftur í foreldrahús. Leikkonan er flutt út af heimili sínu og Timberlakes og til foreldra sinna sem búa í nágrenninu. Heimildir herma að þó að sambandslitin hafi ekki komið til í illu séu turtildúfurnar fyrrverandi eins og gefur að skilja ekki hrifnar af því að búa saman lengur en þörf krefur. Diaz pakkaði sínu hafurtaski því niður og hélt aftur til mömmu og pabba. Hún ku áforma að búa hjá þeim þangað til hún hefur áttað sig og veit hvað hún vill.



NÁM Í ÍTALSKRI HÖNNUN OG TÍZKU

MILANO • TORINO • ROMA • BARCELONA • MADRID

KENNT ER Á ENSKU, ÍTÖLSKU, EDA SPÆNSKU

Istituto Europeo di Design hefur í 40 ár verið í fararbroddi hönnunarskóla í Evrópu. Námi hjá IED hentar vel nemum sem hafa lokið grunnnámi á lista- og hönnunarsviði, svo og þeim sem lokið hafa BA námi tengdu tízku- og hönnun. Námi hjá IED er einstakt tækifæri til að upplifa af eigin raun óvæðjanlegt umhverfi ítalísku og spænsks hönnunarheims.



KYNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

Útsala
Opið í dag 13-16

Verðdæmi:
Vandaðir hvíldarstólar m/leðri aðeins kr.59.000.-
- með slitsterku áklæði aðeins kr. 39.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is
Rölu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**

Skráðu þig á **SAMBIO.is**

SparBíó* — 450kr

HAPPY FEET MÖNGUASÆLUND ER HAFIÐ!

FRÁIR FÆTUR M/-ÍSL TAL. KL. 1 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Í KEF. OG Á AK.

SKOLAD Í BURTU SKOLAD Í BURTU M/-ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AKUREYRI

BÆJARHLADID BÆJARHLADID M/-ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

ÖBYGGDIRNAR ÖBYGGDIRNAR M/-ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIDAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

> KSÍ jafnar dagpeningagreiðslur

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum fyrir rúmri viku að jafna dagpeningagreiðslur til landsliðsmanna karla og kvenna. Nú fá landsliðsmenn 5000 krónur fyrir hvern dag sem þeir eru á vegum landsliðsins. Þá var ákveðið að veita landsliði kvenna 10 milljóna króna afreksstyrk sem leikmenn skipta á milli sín ef þeir komast inn á Evrópumót kvenna í Finnlandi árið 2009.



sport
sport@frettabladid.is

60 MEÐ TINNU HELGADÓTTUR

SEKÚNDUR

Badminton er... frábært.

Ef ekki badminton þá... fótbolti.

TBR-braggarnir eru... flottustu hús bæjarins.

Uppáhaldshljómsveit? U2.

Valentína eða Bold? Bæði!

Yonex er... besta íþróttavörumerki í bransanum.

Uppáhalds skyndibiti? Kínverskur matur.

Besti badmintonspilari Íslands frá upphafi? Broddi Kris.

Uppáhaldsdrykkur? Mix.

Hvar endar Ísland á HM í handbolta? Segjum topp sex.

Uppáhaldsliði í enska? United.



HM Í PÝSKALANDI

HM Í HANDBOLTA

A-RÍÐILL

SLÓVENÍA-GRÆNLAND	35-21
TÚNÍS-KÚVÆT	34-23

B-RÍÐILL

ÍSLAND-ÁSTRALÍA	45-20
-----------------	-------

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 15/1 (16/1), Alexander Petersson 8 (12), Ásgeir Örn Hallgrímsson 5 (7), Logi Geirsson 5 (9), Sverre Andreas Jakobsson 2 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 2/1 (3/1), Vignir Svavarsson 1 (2), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Ólafur Stefánsson 1/1 (1/1), Ragnar Óskarsson 1/1 (3/1), Róbert Gunnarsson 1 (1).

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 15/1, Hreiðar Guðmundsson 11.

Hraðauppplau: 24 (Guðjón 8, Alexander 7, Logi 4, Sverre 2, Ásgeir 2, Sigfús).

Fiskuð víti: 4 (Ásgeir Örn 3, Róbert).

Utan vallar: 10 mínútur.

TÚNÍS-KÚVÆT	34-23
-------------	-------

C-RÍÐILL

PÝSKALAND-BRASÍLÍA	27-22
PÓLLAND-ARGENTÍNA	29-15

D-RÍÐILL

TÉKKLAND-KATAR	37-23
SPÁNN-EGYPTALAND	33-29

E-RÍÐILL

NOREGUR-ANGÓLA	41-13
DANMÖRK-UNGVERJALAND	29-30

F-RÍÐILL

KRÓATÍA-MAROKKÓ	35-22
RÚSSLAND-SUÐUR-KÓREA	32-32



ÓTRÚLEGUR SIGUR Gyula Gal skorar hér eitt marka Ungverja gegn Dönnum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HM í handbolta:

Reiðarslag fyrir Danmörku

HANDBOLTI Ungverjar unnu Dani 30-29 í fyrsta leik þjóðanna á HM í handbolta en Norðmenn unnu 28 marka sigur á Angóla, 41-13, í hinum leik E-riðilsins.

Leikur danska landsliðsins hrundi í lok beggja hálfleikja. Danir voru 7-3 yfir í fyrri hálfleik en Ungverjar voru komnir yfir, 11-13, fyrir hlé.

Í seinni hálfleik voru Danir 28-24 yfir en fimm mörk Ungverja í röð færðu þeim forystuna og lögðu grunninn að eins marks sigri. Lars Christiansen skoraði 10 mörk en klikkaði á algjöru dauðafæri á úrslitastundu í lokin sem og Joachim Boldsen sem brenndi þá af víti.

Í F-riðli gerðu Rússar og Suður-Kóreumenn jafntefli, 32-32, en annars voru úrslit gærdagsins nokkurn veginn eftir bókinni. Tólf leikir eru á dagskrá í dag, tveir leikir í öllum sex riðlumunum.

- 66j



GUÐJÓN VALUR Skoraði fimmtán mörk í gær og bætti þar með eigið HM-met.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Yfirburðir Íslands algerir

Íslenska landsliðið lauk skylduverkefni gegn Ástralíu með sóma í gær. Yfirburðir Íslands voru algjörir og leiknum lauk með 25 marka sigri Íslands, 45-20.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið hóf leik á heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi í gær með leik gegn Ástralíu. Leikurinn var aðeins létt æfing fyrir liðið, eins og búist var við, og honum lyktaði með 25 marka sigri Íslands, 45-20.

Íslenska liðið fékk frábærar móttökur frá rúmlega 7.000 áhorfendum sem troðfylltu hina glæsilegu íþróttahöll, Bördelandhalle. Þegar fyrrum leikmenn Magdeburgar – Ólafur Stefánsson, Arnór Atlason og Sigfús Sigurðsson – voru kynntir til leiks tóku áhorfendur vel undir og augljóslega ekki búnir að gleyma Íslendingunum. Allt ætlaði síðan um koll að keyra þegar Alfreð Gíslason lands-

liðspjálvari var kynntur til leiks en hann byggði upp handboltastöðveldi í Magdeburg.

Alfreð byrjaði leikinn með sitt sterkasta lið og lék 6/0 vörn með þá Sverre Jakobsson og Sigfús í hjarta varnarinnar. Liðið keyrði leikinn í gang af fullri alvöru og skoraði fljótt fimm mörk úr hraðauppplauum. Fyrsta mark Ástrala kom ekki fyrr en eftir átta mínútur en skot Ástralans fór í varnarmann og inn. Staðan 7-1.

Íslenska liðið hélt áfram að refsa Áströlum miskunnarlaust og þess utan varði Birkir Ívar eins og berserkur en hann lauk keppni í leikhli með 15 varða bolta. Hálfleikstölur voru 26-9 og dagskránni

löngu lokið.

Síðari hálfleikur byrjaði illa en strákarnir rifu sig svo aftur upp og luku leik með sæmd. Allir útleikmenn liðsins náðu að skora og hraðauppplauin gengu hreint út sagt frábærlega. Þessi leikur segir samt nákvæmlega ekki neitt og alvaran byrjar ekki fyrr en í dag þegar liðið mætir Úkraínumönnum í nánast úrslitaleik um áframhaldandi þátttöku í mótnu.



HM Í PÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Magdeburg
henry@frettabladid.is



SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

Eins og létt æfing

Leikur Íslands og Ástralíu var í raun alveg eins og við mátti búast. Ástralal eru orðnir snöggt um skárr frá því við mættum þeim síðast. Íslenska liðið, með sína sjö sterkustu leikmenn í byrjunarliðinu, byrjaði leikinn ljómandi vel og var einbeiting leikmanna klárlega til staðar.

Hraðauppplauin voru aðalsmerki liðsins í fyrri hálfleik enda skoraði liðið um 65 prósent markanna úr slíkum sóknunum. Í raun er fátt hægt að setja út á leikinn í fyrri hálfleik. Helst þó að fullmikið hafi verið slakað á síðustu fimm mínúturnar.

Seinni hálfleikur var síðri enda alveg ljóst í hvað stefndi og erfitt

ad halda uppi dampi. Engu að síður hefðum við getað gert ögn betur og þá sérstaklega fyrstu fimmtán mínútur hálfleiksins. Hafa ber þó í huga að lykilmenn liðsins voru meira og minna allir hvíldir og þeir sem af bekknum komu fengu tækifæri á að sanna sig.

Frammistaða leikmanna var til fyrirmyndar og skiluðu flestir því sem til var ætlast í þessum leik. Markverðirnir skiluðu sínu og þá sérstaklega Birkir Ívar. Arnór nýtti sitt tækifæri einnig ágætlega.

Sterkustu innkomuna átti hins vegar Ásgeir Örn og var ég virkilega ánægður með hans framlag. Hann var áræðinn og þótt allt hafi

ekki gengið upp hjá honum hélt hann ótraudur áfram og uppskar eftir því.

Allir leikmenn íslenska liðsins fengu að spreya sig og allir útleikmenn komust á blað. Alfreð lét liðið rúlla vel og hafði leikurinn ekki meiri áhrif á leikmenn en ein góð æfing.

Fyrstu stigin eru því í húsi sem er auðvitað hið besta mál. Hafa ber þó í huga að himinn og haf skilur á milli þessara liða í getu. Engu að síður gefur þessi frammistaða, sér í lagi í fyrri hálfleik, ágætis fyrirheit um það sem koma skal.

Í dag mun virkilega reyna á liðið þegar það mætir Úkraínu. Leikurinn er gríðarlega mikilvæg-

Ólafur Stefánsson:

Allt undir gegn Úkraínu

HANDBOLTI „Þetta var fínt en ég var samt bara að hugsa um Úkraínuleikinn og er búinn að gera það í nokkurn tíma. Það er allt undir í þeim leik,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson eftir leikinn en hann fékk mjög hlýjar móttökur fyrir leik.

„Það er best að fara í leikinn eins og þeir séu heimsmeistarar. Maður á að fara í alla leiki þannig. Fyrir mér er Úkraína heimsmeistari og ég fer þannig í leikinn og ég ætlast til að hinir strákarnir geri það líka. Við höfum ekki efni á að þykjast vera betri en einhver annar,“ sagði Ólafur.

- hbg



SVIAGRÝLAN ER DAUÐ „Alfreð drap Sviagrýluna“ voru skilaboðin sem þessir stuðningsmenn vildu koma á framfæri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

HM í handbolta:

Öruggur sigur Frakka

HANDBOLTI Frakkar unnu öruggan 11 marka sigur á Úkraínumönnum, 32-21, í hinum leik íslenska riðilsins á HM í handbolta. Frakkar höfðu níu marka forskot í hálfleik, 17-8.

Nikola Karabatic skoraði 6 mörk fyrir Frakka og Luc Abalo var með fimm en sex leikmenn liðsins skoruðu þrjú mörk eða meira. Línunennirnir Nat (6 mörk) og Gurkovsky (4 mörk) nýttu öll skotin sín í leiknum en aðrir leikmenn liðsins klikkuðu á 25 af 37 skotum sínum.

- 66j

ur og mun mjög líklega ráða úrslitum um hvort liðið fylgir Frökkum áfram í milliriðilinn.

Það er ljóst að liðið þarf að spila lungann úr leiknum eins og það gerði í fyrri hálfleik í gær. Það má fastlega búast við því að Alfreð geti engan veginn leyft sér að skipta út leikmönnum jafn mikið og gegn Áströlum.

Vörn og markvarsla þarf að vera í lagi í dag. Þessir þættir skópu sigur Íslands í gær. Ef Birkir Ívar nær sams konar markvörslu mun það hjálpa liðinu gríðarlega mikið. En hann getur búist við því að skot Úkraínumanna verði erfðari en þau sem hann fékk á sig í gær.



BYLGJAN TEKIN Það var mikil stemning á leik Íslands og Ástralíu í gær. Fjölmargir Íslendingar voru í Börderlandhalle og studdu strákana okkar dyggilega sem og fjöldi heimamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Á KUNNUM SLÓÐUM Alfreð Gíslason hefur mörgum leikjum stýrt á hliðarlínunni í Börderlandhalle í Magdeburg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Alfreð Gíslason fékk ótrúlegar móttökur:

Stórkostleg stund

HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari fékk höfðinglegar móttökur frá áhorfendum í Magdeburg fyrir leik og ætlaði allt um koll að keyra er hann var kynntur til leiks. „Þetta var alveg stórkostleg stund fyrir mig. Verulega gaman,“ sagði Alfreð glaðbeittur.

„Annars var ég ánægður með hvernig við byrjuðum leikinn. Það var engin taugaveiklun og við keyrðum yfir þá strax. Fyrir vikið gat ég byrjað að skipta, allir spiluðu sem var mjög gott. Óli átti bara að spila hálf tíma og þess

vegna kom hann ekki við sögu í síðari hálfleik. Byrjunin í seinni hálfleik var ekki góð en þá voru strákarnir sem stóðu á vellinum of taugaveiklaðir. Við fengum ódýr mörk og en þeir unnu sig út úr því aftur og ég er sáttur,“ sagði Alfreð en finnst honum gott að byrja stórmót með svona léttri æfingu?

„Já, mér finnst það en við vitum að mótstaðan gegn Úkraínu verður önnur. Ég hef ekki talað um annað en Úkraínu í tvær vikur og við vitum mikið um það lið sem verður skodað núna með strákunum,“ sagði Alfreð. - hbg



MAÐUR LEIKSINS Guðjón Valur Sigurðsson var valinn maður leiksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðjón Valur Sigurðsson:

Fín æfing

HANDBOLTI „Nú, gerði ég það? Já, gaman að heyra það. Ég var ekki meðvitaður um þessa stöðu,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson sem setti nýtt markamet á HM er hann skoraði 15 mörk í leiknum gegn Áströllum og það í 16 skotum.

„Við náðum að keyra yfir þá í byrjun og svo var bara að klára þetta. Það er ágætt að vera búinn með þetta verkefni og ekki síður mikilvægt að allir hafi komist heilir frá leiknum. Úrslitaleikurinn er fram undan og þá verða menn að vera á tánum. Það var fínt að fá smá æfingu fyrir þann leik,“ sagði Guðjón. - hbg

LEIKIR DAGSINS

A- RIÐILL

GRÆNLAND - TÚNIS	15.00
KÚVEIT - SLÓVENÍA	17.00

B- RIÐILL

ÁSTRALÍA - FRAKKLAND	15.00
ÚKRAÍNA - ÍSLAND	17.00

C- RIÐILL

BRASILÍA - PÓLLAND	14.30
ARGENTÍNA - ÞÝSKALAND	16.30

D- RIÐILL

KATAR - SPÁNN	14.45
EGYPTALAND - TÉKKLAND	17.00

E- RIÐILL

ANGÓLA - DANMÖRK	17.15
UNGVERJALAND - NOREGUR	19.15

F- RIÐILL

MAROKKÓ - RÚSSLAND	15.00
S-KÓREA - KRÓATÍA	17.00

TUCSON SPORT

Hvað gerir góðan sportjeppa markvissan? Er hann með sjálfvirk aldrif, stöðugleikastýringu, spólvörn, rafstýrða læsingu, mikið rými og framúrskarandi aksturseginnleika? Eða er það kannski hönnunin, öryggið eða **gæðin** sem ræður úrslitum? Eða staðalbúnaðurinn, loftkæling, leðurstýri og þannig? Vissulega, en þó vantar enn herslumuninn. Markviss sportjeppi hefur nefnilega allt þetta og getur að auki gert einmitt það sem þig langar til. Hefurðu prófað íshokki?

Veldu markvissst. Vertu á nýjum Tucson Sport

NÝR MARKVISS HYUNDAI
TUCSON
SPORT
VERÐ KR. 2.790.000



BÍLL Á MYND: TUCSON SPORT

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



Með bílinn handa þér



RAGNA STERK Ragna Ingólfssdóttir vann tvo gríðarlega mikilvægra sigra í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Evrópumót B-þjóða:

Ísland komið í flokk A-þjóða

BADMINTON Íslenska landsliðið í badminton vann í gær frækinn sigur á Sviss á Evrópumóti B-þjóða sem fer fram í Laugardalshöll þessa dagana. Með sigrinum er liðið komið í sjálfan úrslitaleik mótsins og er því öruggt um eitt af þremur efstu sætum mótsins sem veitir þátttökurétt í keppni þeirra bestu í álfunni.

Tinna Helgadóttir og Helgi Jóhannesson byrjuðu daginn með því að sigra í tvenndarleik, 2-1. Magnús Ingi Helgason tapaði næst sínum leik en Ragna Ingólfssdóttir kom Íslendingum aftur yfir með sterkum sigri á Jaaniene Cicognini. Magnús Ingi og Helgi töpuðu svo viðureign sinni í tvíliðaleik karla en þær Ragna og Tinna tryggðu Íslandi sigur í viðureigninni með því að vinna sinn leik í tvíliðaleik kvenna.

Andstæðingar þeirra unnu fyrstu lotuna en Ragna og Tinna unnu næstu tvær, 22-20 og 21-19, með mikilli þrautseigju í æsi-spennandi viðureign.

Úrslitaviðureignin verður leikin í dag en Ísland keppir næst í flokki A-þjóða á Evrópumótinu í Danmörku á næsta ári.

- esá



FYRIRLIÐINN Ólafur Stefánsson er á sínu ellefta stórmóti með íslenska landsliðinu. Fyrst spilaði hann á HM á Íslandi árið 1995.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Gerir miklar væntingar til sjálfs míns

Ólafur Stefánsson er bjartsýnn á góða frammistöðu Íslands á HM og segir möguleika liðsins á mótinu góða. Hann segir gott að koma aftur í Bördelandhalle sem var heimavöllur hans til margra ára.

HANDBOLTI „Það er frábært að vera kominn hingað aftur,“ sagði Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði en hann lék með Magdeburg í fjölda

ára og varð meðal annars Evrópu-meistari með liðinu. Hann þekkir sig því vel á gólfinu í Bördelandhalle sem og alla starfsmenn í húsinu sem kepptust við að kasta kveðju á kappann.

„Ég er búinn að bíða eftir þessu síðan við lögðum Sviana og þetta verður mjög gaman enda verður þetta stærsta HM frá upphafi,“ sagði Ólafur sem setur markið hátt eins og venjulega.

„Það eru alltaf miklar væntingar og ég geri miklar væntingar til sjálfs mín sem og til liðsins. Við eigum góða möguleika á að gera góða hluti á þessu móti. Það er ekkert verkefni á þessu móti óvinnandi. Það eru helst Frakkarnir sem virðast vera ógnarsterkir en við getum vel unnið þá á góðum degi. Ef við komumst í milliriðilinn þá eru það allt leikir sem geta farið á báða vegu en við eigum vel að geta unnið þá leiki. Þetta er eins og að kasta krónu-peningi upp í loftið og fiskurinn þarf alltaf að koma upp,“ sagði Ólafur sem hefur áður talað um að hann ætli sér að vinna til verðlauna á stórmóti. Er komið að því núna? „Það er alltaf möguleiki og það á við í þessu móti eins og öðrum.“

Það hefur verið mikið talað um axlarmeisli Ólafs og hefur ekki farið fram hjá neinum að Ólafur hefur talsvert verið að hlífa öxlinni í síðustu leikjum en hann hefur verið meiddur í eina þrjá mánuði. Sjálfur hefur hann talað

um að þetta væri bara væll en það getur varla verið svo einfalt.

„Nei, kannski ekki. Eftir þrjá mánuði er ljóst að málið er aðeins flóknara. Við verðum að sjá til en ég er betri núna en ég hef verið í talsvert langan tíma. Svo á ég inni bólgueyðandi töflurnar sem ég hef verið að reyna að forðast að nota. Vonandi verð ég síðan ekki tekinn í gegn þegar ég kem aftur til félagsins. Það verður kýlt á það og látið á reyna hversu mikið öxlin þolir,“ sagði Ólafur sem mun væntanlega gangast undir aðgerð næsta sumar vegna meiðslanna.

„Það er lykilatriði að byrja þetta mót vel og við vitum í raun lítið um styrkleika úkraínska liðsins en það kemur í ljós hversu gott það er gegn Frökkum,“ sagði Ólafur sem býst við því að Ísland fái mikinn stuðning.

„Fólkið hér er mjög ánæggt að fá að taka þátt í mótinu og er einnig kátt með að hafa fengið þennan riðil hingað. Það verður mikil stemning. Mér finnst gott að spila hérna og ég „fíla“ þennan völl mjög vel. Héðan á ég góðar minningar en það eru bara minningar og hjálpa mér ekkert í leikjum sem eru fram undan,“ sagði Ólafur Stefánsson.



HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Magdeburg
henry@frettabladid.is




Takk fyrir vatnið.

Okkur langar að þakka landsmönnum fyrir mjög góðar viðtökur í jólasöfnun okkar vegna vatnsverkefna í Afríku. Féð verður notað til að byggja nýja brunna og áveitur sem breyta öllu fyrir íbúana.

Við erum flutt.

Um leið viljum við benda á að skrifstofa Hjálparstarfs kirkjunnar hefur flutt starfsemi sína í Grensáskirkju. Inngangur er vestanmegin við kirkjuna (bakvið).



Nýtt heimilisfang:
Hjálparstarf kirkjunnar
Háaleitisbraut 66
103 Reykjavík
Sími 528 4400, Fax 528 4400

 **Hjálparstarf kirkjunnar**



HITAR UPP Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði hitar hér upp á æfingu með íslenska landsliðinu í Magdeburg.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



FORELDRAR

KVIKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

SÝND Í SAMBÍÓUNUM

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir

Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON

Aðalhlutverk **INGVAR E. SIGURÐSSON**, **NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR**, **VÍKINGUR KRISTJÁNSSON** ofl.

Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARDARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR / B.T.B

Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON

Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON

Handrit RAGNAR BRAGASON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON & LEIKHÓPURINN

Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

ÚRSPLIT LEIKJA Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

LIVERPOOL-CHELSEA	2-0
1-0 Dirk Kuyt (4.), 2-0 Jermaine Pennant (18.).	
ASTON VILLA-WATFORD	2-0
1-0 Gavin Mahon, sjálfsmark (86.), 2-0 Gabriel Agbonlahor (90.).	
FULHAM-TOTTENHAM	1-1
1-0 Vincenzo Montella, viti (84.), 1-1 Pascal Chimbonda (88.).	
MIDDLESBROUGH-BOLTON	5-1
1-0 Gary Speed, viti (6.), 2-0 Abel Xavier (10.), 3-0 Mark Viduka (23.), 3-1 Kevin Nolan (25.), 4-1 Stewart Downing (45.), 5-1 Mark Viduka (84.).	
NEWCASTLE-WEST HAM	2-2
0-1 Carlton Cole (18.), 0-2 Marlon Harewood (22.), 1-2 James Milner (45.), 2-2 Nolberto Solando (45.).	
PORTSMOUTH-CHARLTON	0-1
0-1 Andy Faye (79.).	
READING-SHEFFIELD UNITED	3-1
1-0 Shane Long (43.), 2-0 Ulises De la Cruz (50.), 3-0 Stephen Hunt (70.), 3-1 Christian Nade (77.).	
MANCHESTER CITY-BLACKBURN	0-3
0-1 Morten Gamst Pedersen (44.), 0-2 Pedersen (62.), 0-3 Matt Derbyshire (90.).	

STADA EFSTU LIÐA

MAN. UNITED	23	18	3	2	52-16	57
CHELSEA	24	15	6	3	41-19	51
LIVERPOOL	24	14	4	6	37-16	46
ARSENAL	23	12	6	5	43-19	42
BOLTON	24	12	4	8	28-26	40
PORTSM.	24	10	7	7	34-24	37
READING	24	10	4	10	34-32	34
TOTTENHAM	24	9	6	9	29-32	33

Liverpool minnkaði bilið í Chelsea í fimm stig með því að leggja liðið 2-0 á heimavelli sínum í gær:

Liverpool með sannfærandi sigur á Chelsea

FÓTBOLTI Liverpool er nú aðeins fimm stigum frá Chelsea sem situr í öðru sæti ensku úrvalsdeildarinnar eftir að hafa unnið verðskuldaðan sigur á Englandsmeisturunum í gær 2-0. Dirk Kuyt og Jermaine Pennant skoruðu mörkin í gær. Síðan Rafael Benítez tók við Liverpool hafði liðinu aldrei tekist að sigra Chelsea í deildinni en það breyttist í gær. Leikmenn Liverpool komu einfaldlega mun ákveðnari til leiks.

Petr Cech mætti aftur í mark Chelsea eftir að hafa jafnað sig af höfuðmeiðslum en hann bar sérsmíðaðan hjálm í leiknum í gær. Endurkoma hans byrjaði ekki vel því eftir aðeins fjórar mínútur hafði hann fengið á sig mark. Jaime Carragher átti langa sendingu fram völinn sem Peter Crouch náði að skalla til Dirk Kuyt. Sá hollenski gerði allt rétt, lék á varnarmenn Chelsea og skoraði. Paulo Ferreira var ekki á tánum í upphafi leiks og markíð skrifast að stóru leyti á hann.

Yfirburðir Liverpool í upphafi voru algjörir og Pennant skoraði



FRÁBÆR FRAMMISTAÐA Markaskoraranir Kuyt og Pennant fagna hér marki þess síðarnefnda.

NORDIC PHOTOS/GETTY

sitt fyrsta deildarmark fyrir félagið á áttundu mínútu. Boltinn barst til Pennant sem stóð fyrir utan teiginn, tók boltann á lofti og átti

frábært skot í þverslána og inn. Chelsea náði að þjappa vörn sinni betur saman eftir þetta en liðið náði aldrei að ógna marki heima-

manna í fyrri hálfleiknum og staðan 2-0 í hálfleik.

Liverpool hafði leikinn í sínum höndum í síðari hálfleik og var það John Arne Riise sem komst næst því að skora þegar hann átti skot í slána af löngu færi. Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var þungur á brún eftir leikinn en ef Manchester United sigrar Arsenal í dag nær liðið níu stiga forystu í deildinni.

Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, sagði eftir leikinn að allir hjá félaginu væru í skýjunum með úrslitin. „Allir sigar á heimavelli eru góðir en þegar við náum að sigra meistarana þá er það sérstaklega góður sigur. Þetta eru frábær úrslit fyrir okkur en við megum ekki gleyma því að við erum enn í þriðja sæti og enn er mikið verk fyrir höndum. Við þurfum bara að einbeita okkur að því að spila líka svona vel í næsta leik,“ sagði Gerrard sem vildi hann telji liðið eiga möguleika á sjálfum titlinum.

- egm

Gönguskór



4.995 kr.

Gönguskór



3.995 kr.

Kuldaskór með mannbroddum




3.499 kr.

Devold Active buxur og bolur dömu og herra



35% afsláttur

Toread-dömuúlpur



12.390 kr.

Toread-herraúlpur



12.875 kr.

Toread-útivistarbuxur



3.355 kr.

Barnakuldaskór



1.970 kr.

Barnakuldaskór




1.970 kr.

Kvenkuldastígvél



4.494 kr.

Vinnuskyrtur



2 stk. 1.250 kr.

Devold-húfur



990 kr.

Campingaz-ferðasalerni



6.900 kr.

Didriksons-úlpur




40% afsláttur

Nielsen-fluguhjól




1.737 kr.

Powerhunter-felubirgi



16.730 kr.

Ameristep-rúllubaggi



13.425 kr.

Mad Dog-vöðlur 3,5 mm Neoprene

8.950 kr.

Mad Dog Max4 veiðijakki

5.950 kr.

Mad Dog Max4 veiðibuxur


2.950 kr.

Nielsen-veiðistangir



Frá 5.720 kr.

Loop-veiðivörur



25-40% afsláttur

Loop-stangasett



19.900 kr.

Pathfinder-bakpoki



3.495 kr.

Birt með fyrirvara um texta- og myndabrengl.

RISÓ

Heiðar Helguson var rekinn út af á móti Tottenham og Fulham gerði sitt sjötta jafntefli í röð:

West Ham glataði enn og aftur sigrinum

FÓTBOLTI Middlesbrough, Reading, Aston Villa og Blackburn unnu öll góða sigra í ensku úrvalsdeildinni í gær en lítið gengur að sama skapi hjá Bolton, Manchester City, Sheffield United og Watford. Eggert Magnússon þurfti líka að horfa enn einu sinni upp á sína menn í West Ham missa stig út úr höndunum en Hermann Hreiðarsson og félagar unnu langbráðan sigur.

West Ham gerði 2-2 jafntefli við Newcastle á útivelli en fyrri mark liðsins var fyrsta útimark þess í 906 mínútur. Alan Curbishley, stjóri West Ham, var brjáláður eftir leikinn og þá sérstaklega með fyrri mark Newcastle. „Ég er svo vonsvikinn með fyrsta markið þeirra sem breytti öllum gangi leiksins. Línumaðurinn fór upp með flaggið en tók það svo aftur niður,“ sagði Curbishley sem vildi fá rangstöðu. Carlton Cole og Marlon Harewood komu West Ham í 2-0 en West Ham missti annan leikinn í röð niður í jafntefli. „Það er eitt að ná ekki að vinna leiki en það er annað að kunna ekki að vinna leiki af því að það er svo langt síðan að það gerðist síðast. Það er

það sem er að gerast hjá okkur,“ bætti Curbishley við en West Ham hefur aðeins fengið 3 stig út úr síðustu sex leikjum.

Heiðar Helguson var rekinn út af á 52. mínútu í 1-1 jafntefli Fulham á heimavelli á móti Tottenham. Heiðar fékk þá sitt annað gula spjald fyrir brot. „Ég sagði H að fara varlega en hann gerir allt af fullum krafti og við getum ekkert breytt því. Ég held að hann hafi samt ekkert komið við hann,“ sagði Chris Coleman um brottrekstur Heiðars. Fulham komst engu að síður yfir í leiknum en jöfnunarmark Tottenham leit dagsins ljós tveimur mínútum fyrir leikslok. Þetta var sjötta jafntefli Fulham í röð sem fyrir vikið datt niður í 14. sætið.

Reading komst upp í 7. sætið með 3-1 sigri á Sheffield United, Ívar Ingimarsson lék allan leikinn en Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í leikmannahópi Reading. Ívar fékk gott færi í upphafi leiks en skallaði boltann yfir. Keith Gillespie hjá Sheffield var rekinn út af aðeins 10 sekúndum eftir að hann kom inn á sem varamaður.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton unnu sinn fyrsta útsigur í 15 mánuði en Amdy Faye skoraði sigurmarkið 11 mínútum fyrir leikslok. Hermann lék allan leikinn í vörn Charlton.

Morten Gamst Pedersen skoraði tvö mörk í 0-2 útsigri Blackburn á Manchester City og Mark Viduka var með tvö mörk í óvæntum 5-1 sigri Middlesbrough á Bolton. Eftir frábært gengi Bolton fyrir áramót hefur liðið aðeins uppskorið eitt mark og eitt stig í þremur leikjum á nýja árinu. Boro hefur hins vegar unnið alla þrjá leiki ársins og skorað í þeim 11 mörk.

Sam Allardyce, stjóri Bolton, fordæmdi heimsku El-Hadji Diouf, sem lét reka sig út af fyrir að brúka munn. Þetta var ekki okkar dagur. Ég get ekkert sagt um úrslitin eða rauða spjaldið því við fengum bara það sem við áttum skilið. Downing, Yakubu og Viduka gerðu útslagið í þessum leik,“ sagði Allardyce. Gareth Southgate, stjóri Boro var í skjýgunum. „Við erum búnir að skora 16 mörk í síðustu fimm leikjum og



RAUÐA SPJALDIÐ Heiðar Helguson var gert að yfirgefa völlinn eftir 52 mínútna leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

ég vil að mínir menn sæki og sýni okkar stuðningsmönnum sóknarbolta. Með framhaldi á þessari spilamennsku fyllum við völlinn í hverri viku,“ sagði Southgate.

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Iceland Express deild kv.

BREIÐABLIK-GRINDAVÍK 57-71
Stig Breiðabliks: Victoria Crawford 22, Telma Fjalarsdóttir 21 (18 frák.), Lóa Másdóttir 5 (10 frák.), Ragnheiður Theodórsdóttir 4, Dóra Þrándardóttir 2, Freyja Sigurjónsdóttir 2, Sara Ólafsdóttir 1.
Stig Grindavíkur: Tamara Bowie 28 (19 frák.), Hildur Sigurðardóttir 17, Ingibjörg Jakobsdóttir 12, Alma Garðarsdóttir 7, Íris Sverrisdóttir 3, Jovana Stefánsdóttir 3, Lija Sigmarsdóttir 1.

DHL-deild kvenna

ÍBV-STJARNAN 14-27
Mörk ÍBV: Pavla Plaminkova 7, Hekla Hannesdóttir 2, Valentina Radu 2, Pavla Nevarilova 2, Sæunn Magnúsdóttir 1.
Mörk Stjörnunnar: Kristín Clausen 6, Elísabet Gunnarsdóttir 5, Sólveig Lára Kjærnested 4, Kristín Guðmundsdóttir 3, Hildur Harðardóttir 2, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2, Rakel Bragadóttir 2, Anna Bryndis Blöndal 2, Alina Petrasche 1.

STADAN

STJARNAN	12	10	0	2	358-243	20
VALUR	11	8	2	1	298-254	18
GRÓTTA	13	9	0	4	336-301	18
HAUKAR	13	8	0	5	369-319	16
FRAM	13	5	3	5	300-323	13
ÍBV	12	5	2	5	306-312	12
HK	12	3	1	8	308-368	7
FH	12	2	1	9	263-319	5
AKUREYRI	12	0	1	11	226-325	1

- 66j

Primus-ferðagasgrill með slöngu og prístíjafnara



4.500 kr.

Campingaz-hitari



24.900 kr.

Campingaz-hitari með ljósi



29.900 kr.

Daxara 147 kerra



59.900 kr.

Arinkubbar 6x3 lbs. í kassa



1.190 kr.

Primus-ferðalugt



4.500 kr.

Mótórhjólakerra



67.900 kr.

Chair-broil-gasgrill CB 6000



9.900 kr.

Campingaz-gasgrill 30689



9.900 kr.

Campingaz-gasgrill 30690



9.900 kr.

Grillvörur



30% afsláttur

Útsala

AFSLÁTTUR ALLT AÐ

80%

19.-28. janúar



Ellingsen

– fullt hús ævintýra



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630

Opið mánud.-föstud. 8-18, laugard. 10-16 og sunnud. 12-16

> BILL MURRAY

Fæddur 21. september 1950. Bill var fimmti af níu börnum sem Edward og Lucille Murray eignuðust. Í skóla var hann mikið í íþróttum og eitthvað í leiklist en datt úr skóla eftir að hafa verið handtekinn með marjúána. Þá lífó hann í útvarpið ásamt félögum sínum Dan Aykroyd, Gildu Radner, og John Belushi. Þar opnuðust honum dyrnar að „Saturday Night Live“ þar sem hann vakti verðskuldaða athygli. Síðan hefur hann leikið í fjölmörgum vinsælum myndum en Stöð 2 Bíó sýnir í dag myndina Lost in Translation þar sem hann er í aðalhlutverki.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI LEIÐAST LÆKNAR OG LÖGFRÆÐINGAR

Læknir í teinóttu, lögfræðingur í hvítum sloppi

Starfsstéttir sem maður myndi ætla að væru almennt frekar óspennandi hafa veitt amerískum sjónvarpsskaldum endalaus innblástur sem hefur skilað sér í ótrúlegum fjölda vinsælla sjónvarpsþátta. Þarna fara fremstir í flokki læknar og lögfræðingar sem lífa alveg hreint ótrúlega spennandi einkalífi að maður tali ekki um hasarinn sem virðist einkenna hvern einasta vinnudag hjá þeim. Ég hef aldrei alveg séð hvað heillar við lækna og lögfræðinga. Allar spítalaheimsóknir mínar hafa verið með eindæmum niúrdrepani og leiðinlegar og samskipti mín við lögfræðinga, sem hafa sem betur fer verið takmörkuð, hafa verið svo sterl að ég get ekki ímyndað mér annað en að meðallögfræðingur gæti drepit naut úr leiðindum á klukkustund og myndi svo rukka fyrir það eins og 12.000 krónur með bros á vör. Þættir eins og Gray's Anatomy, E.R., Chicago Hope, L.A. Law, Boston Legal, The Practice og hvað þetta heitir allt saman eru því ekki í neinum tengslum við hversdagslegar hugmyndir mínar um lækna og lögfræðinga. Þetta dót allt getur samt verið ágætis skemmtun og spítalar og



JAMES WOODS Leikur lögfræðing sem gæti verið læknir í Shark.

réttarsalir virka vel sem umgjörð sjónvarpsþátta, eins og hvað annað. Persónusköpun, söguþráður og leikaraval ræður fyrst og fremst úrslitum.

Þessa dagana túlka tveir frábærir leikarar lækni og lögfræðing í sjónvarpinu. Hugh Laurie er í stuði sem dr. House í samnefndum þætti og erkitöfarinn James Woods sýnir tennurnar í lagadramanu Shark. Báðir leika þeir yfirburðamenn á sínu sviði. Hrokafulla og skemmtilega kjaffora snillinga sem leiða andaktuga hjörð ungra læringa til gæstra sigra á sjúkdómum og afbrotamönnum.

Þrátt fyrir góða takta leikaranna sem bera þetta uppi er hætt við því að þetta þynnist fljótt út. Hver þáttur er öðrum líkur og um leið og leikararnir hætta að heilla í stöðluðum hlutverkunum verða þessir þættir jafn áhugaverðir og biðstofuseta á heilsugæslustöð eða þras um ógreiddar stöðumælasektir.

EKKI MISSA AF



► 16.50 Ísland - Úkraína Rúv



► 18.00 Lost in Translation Stöð 2 Bíó



► 19.45 Sjálfstætt fólk Stöð 2



► 20.00 Pink Floyd Sirkus



► 19.50 NFL Sýn

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
08.01 Sammi brunavörður (21:26)
08.58 Disneystundin
09.23 Sígildar teiknimyndir (19:42)
09.30 Alvöru dreki (1:3)
10.21 Allt um dýrin (14:25)
10.45 Jón Ólafs (e)
11.25 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007
12.15 Spaugstofan (e)
12.40 Söngvakeppni Sjónvarpsins - Úrslit (e) Kynntar verða niúrdreppur.
12.55 Tíu fingur (11:12)
13.55 Lithvörf
14.00 Alþjóðlegt mót í frjálsum íþróttum Bein útsending frá Laugardal.
16.00 Stundin okkar (18:30)
16.30 HM-stofan
► 16.50 HM í handbolta Bein útsending frá leik Íslendinga og Úkraínumanna í Magdeburg.
18.30 HM-stofan
18.50 Tákn málsfréttir
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Tíu fingur (12:12)
21.10 Við kóngsins borð (1:6) (Ved kongens bord) Norsk spennuþáttaröð.
22.10 Helgarsportíð
22.35 Gerry (Gerry) Bandarísk bíómynd frá 2003.
00.15 HM í handbolta (e)
01.45 Kastljós
02.15 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 Lost in Translation
08:00 Home alone 2
10:00 Finding Neverland
12:00 Hope Floats (Vonameisti)
14:00 Home alone 2
16:00 Finding Neverland
► 18:00 Lost in Translation (Rangtúlkun)
20:00 Hope Floats (Vonameisti)
22:00 The Woodsman (Einfarinn) Stranglega bönnuð börnum.
00:00 Courage under Fir
02:00 To Kill a King (Kóngamorð)



- 07.00 Myrkfælnu draugarnir (66:90)
07.15 Pocoyo
07.25 William's Wish Wellingtons
07.30 Addi Panda
07.35 Barney
08.00 Stubbarnir
08.25 Doddi litli og Eyrnastór
08.35 Kalli og Lóla
08.45 Könnuðurinn Dóra
09.10 Grallararnir (Tiny Toons)
09.30 Litlu Tommi og Jenni
09.50 Kalli litli kanína og vinir hans
10.10 Ævintýri Jonna Quests
10.30 Bratz
10.55 Sabrina - Unglingsnormin
11.20 Galdrastelpurnar (19:26)
11.40 Ljónagrín (Father of the Pride)
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Silfur Egils
14.00 Neighbours (Nágarnnar)
15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn Íslenskur skemmtiþáttur.
16.50 Hot Properties (5:13)
17.15 Freddie (1:22)
17.45 Martha (Paige Davis)
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Kompás
► 19.45 Sjálfstætt fólk
20.20 Cold Case (3:24) (Óupplýst mál) Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta.
21.05 Twenty Four - NÝTT (1:24) (24) Vinsælasti spennuþáttur ársins á Stöð 2 síðustu árin og margfaldur Golden Globe- og Emmy-verðlaunabáttur snýr aftur í sjöttu þáttaröðinni sem sögð er sú mest spennandi til þessa. Stranglega bönnuð börnum.
21.55 Numbers (12:24) (Tölur)
22.40 60 mínútur (60 Minutes)
23.30 X-Factor (9:20) (Sagan)
00.25 The Diary of Ellen Rimbauer Alvöru draugamynd byggð á persónum eftir Stephen King. Stranglega bönnuð börnum.
01.50 Good Murder (Myrt til góðs)
03.00 Good Murder Seinni hluti.
04.15 Cold Case (3:24) (Óupplýst mál)
05.00 Twenty Four - NÝTT (1:24)
05.45 Fréttir
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SIRKUS TV

- 14.30 Tekinn (e)
15.00 Till Death Do Us Part: Carmen (e) Það virðist vera sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakomin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru.
15.30 American Dad 3 (e)
16.00 Star Stories (e)
16.30 Brat Camp USA (e)
17.15 Trading Spouses (e)
18.00 Seinfeld (13:24) (e) Jerry gagnrýnir leikkonu harðlega við upphaf ferils hennar, Elaine fær hugmyndir eftir að hafa séð dularfulla teiknimynd.
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Seinfeld (14:24) (e)
19.35 Four Kings (e)
► 20.00 Pink Floyd - The Dark Side
20.55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957 Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23.janúar.
21.00 Vanished (12:13)
21.50 Weeds (12:12)
22.20 Till Death Do Us Part: Carmen Það virðist vera sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakomin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll þörin virðast skilja um leið og tökum lýkur. Ofurgellan Carmen Electra og metró rokkaninn Dave Navarro eru ekki undanskilin þeirri gullnu reglu og í þessum þáttum fáum við að fylgjast með undirbúningi brúðkaups þeirra og lífinu í kjölfarið.
22.50 Ali G (e)
23.20 Janice Dickinson (e)
23.50 KF Nörd (2:15) (Frá hræðslu til hugrekks)
00.35 The Loop - NÝTT (e)
01.00 Pepper Dennis (e)
01.45 Entertainment Tonight (e)
02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 09.45 Vörutorg
10.45 2006 World Pool Championships
12.45 Love, Inc. (e)
13.15 Out of Practice (e)
13.45 2006 Land Rover G4 Challenge
14.15 One Tree Hill (e)
15.15 Queer Eye for the Straight Guy
16.15 America's Next Top Model (e)
17.15 Million Dollar Listing (e)
18.15 Rachael Ray (e)
19.10 Battlestar Galactica (e)
20.00 2006 Land Rover G4 Challenge
20.30 Celebrity Overhaul - Lokapáttur Ástralskir raunveruleikaþættir þar sem fræga fólk er tekið í gegn. Þættirnir spanna sex vikur og á þeim tíma er lífi stjarnanna umturnað varanlega.
21.30 Boston Legal
22.30 30 Days Mögnuð þáttaröð frá Morgan Spurlock, mannum sem vakti heimsathygli þegar hann gerði heimildarmyndina Super Size Me. Þar prófaði hann að lífa eingöngu á mat frá McDonald's skynbitakeðjunni í einn mánuð og tefldi lífi sínu í hættu. Í þessari þáttaröð heldur hann áfram með sama þema og prófar að setja sig í spor annarra í einn mánuð.
23.30 Da Vinci's Inquest Þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómsstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.

00.20 C.S.I. - NÝTT (e)

- 01.20 Heroes (e)
02.20 Vörutorg
03.20 The Real Housewives of Orange County (e)

SKJÁR SPORT

- 11.30 Að leikslokum (e)
12.30 Líðið mitt
13.25 Wigan - Everton (beint)
15.50 Arsenal - Man. Utd (beint)
18.00 Ítölsku mörkin (frá 15. jan)
19.20 Ítalski boltinn (beint)
21.30 Man. City - Blackburn (frá 20. jan)
23.30 Fulham - Tottenham (frá 20. jan)
01.30 Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



Kompás leigði sér litla íbúð í Reykjavík og fylgdist með barnaníðingum koma, hver á fætur öðrum.

DÆMDUR BARNANÍÐINGUR Í AFPLÁNUN GENGUR LAUS

Kompás á sunnudag kl. 19.10 strax á eftir fréttum á Stöð 2



GOTT FOLKMCANN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.10

Kompás

Í Kompásþætti kvöldsins verður brugðið út af vanunum og tekið fyrir eitt mál, fyrri hlutinn af tveimur. Þar heldur Kompás áfram umfjöllun sinni um barnaniðinga. Í febrúar í fyrra myndaði Kompás karlmenn sem sóttust eftir félagsskap barnungrar stúlku. Í lok þáttarins voru menn varaðir við því að næst þegar þeir reyndu að táldraga börn á Netinu þá skyldu þeir vara sig: Það gæti verið Kompás. Og nú var Kompás aftur á ferð. Í fyrri þættinum af tveimur, á sunnudagskvöld kl. 19.10, svarar þekktur afplánunarfangi auglýsingum þrettán ára barna á einkamálasíðu. Með aðstoð falinna myndavéla er fylgst með því þegar hann kemur í heimsókn í þeirri trú að eftir honum bíði þrettán ára stúlka með bundið fyrir augu.



▶ VIÐ MÆLUM MED ARSENAL - MAN. UTD. SKJÁR

SPORT 15.50

Það verður boðið upp á sannkallaðan stórleik í enska boltanum í dag þegar Arsenal tekur á móti Manchester United á sínum nýja og stórglæsilega leikvangi. United er á toppi úrvalsdeildarinnar og sagði Carlos Queiroz aðstoðarþjálfari liðsins fyrir skömmu að liðið stefndi á fleiri en einn titil á leiktíðinni. Arsenal er í baráttu um Meistaradeildarsæti en það má reikna með alvöruslag eins og alltaf þegar þessir erkiþjendur mætast.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Fréttir 08.05 Morgunandakt 08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 09.00 Fréttir 09.03 Lóðrétt eða lárétt 10.00 Fréttir 10.05 Veðurfregni 10.15 Vilhjálmur Tell - svissnesk þjóðhetja og goðsagnapersóna (3:3) 11.00 Guðsþjónusta í Háteigskirkju 12.00 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 13.00 Útvarpsleikhúsið: Harún og sagna-hafið eftir Salman Rushdie. (1:2) 13.40 Sunnudagskonsert 14.10 Söngvámál 15.00 Sögumenn: Fáfræðin er óvinur lýðræðisins (Aftur á föstudag) 16.00 Fréttir

16.08 Veðurfregni 16.10 Nærmynd (Áður flutt 2005) 17.00 Síðdegi skógarþúkanna 18.00 Kvöldfréttir 18.26 Seiður og hólög 19.00 Afsprengi 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.00 Fréttir 22.10 Veðurfregni 22.15 Til allra átta 23.00 Andrarímur 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

08.05 PGA Tour 2007 - Highlights

09.00 Evrópumótardöin

13.00 Box - Nicolay Valuev vs. Jaamel McCline

13.50 Box - Ricky Hatton vs. Juan Urango

14.40 Ali's 65th (Ali's 65th) Þriðji og síðasti þátturinn um Muhammad Ali í tilefni af því að í janúar eru liðin 65 ár frá fæðingu hans.

15.25 Ameríski fótboltinn

15.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Betis og Racing Santander.

17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Barcelona og Gimnastic.

▶ 19.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin Útsending frá leik í ameríska fótboltanum. Á sama tíma verður leikur Mallorca og Real Madrid í beinni útsendingu á Syn Extra.

23.30 NFL - ameríska ruðningsdeildin Útsending frá leik í ameríska fótboltanum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignir á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.30 Mickeys klubhus 6.55 Den lille røde traktor 7.05 Søndagsfandango 7.30 Lille Nørd 8.00 Store Nørd 8.30 Junior 9.00 Hannah Montana 9.25 Flight 29 savnes! 9.50 Helt sikkert DR 10.00 Grænser for ytringsfrihed 10.30 Nydansk og iværksætter 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 Boogie Listen 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 14.00 Revy Danmark 2006 15.00 Liz - historien om Elizabeth Taylor 16.30 Bamses Billedbog 17.00 Familien Knurhår 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Forbrydelsen 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.55 Dødens Detektiv 21.20 OBS 21.25 Pauline på stranden 22.55 DR1 Dokumentaren - Sig det ikke til nogen

NRK1

6.30 Stå opp! 6.40 Lisa 6.50 Teddy og Annie 7.00 Willy Nilsen på camping 7.25 Bravo Bibbi! 7.40 Disneytimen 8.35 Familien Pling 9.00 NRKs sportssøndag 10.55 V-cup skiskyting 11.50 NM på ski 2007 12.00 NM på ski 2007 12.55 V-cup skiskyting 13.45 VM skøyter sprint 2007 15.30 V-cup langrenn 16.00 Sport i dag 16.30 Åpen himmel 17.00 Willy Nilsen på camping 17.20 Småspøkelsene 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Planeten vår 20.05 Catch Me If You Can 22.20 Kveldsnytt 22.35 Rally: VM-runde fra Monte Carlo 23.25 Nytt på nytt 23.55 Ingen grunn til begeistring

SVT 1

7.00 Bollbompa-bandet 7.01 Storasyter och lill-bror 7.05 Gull-Pian 7.30 Karsten och Petra 7.40 Barmen på Lilla Akademien 8.35 Alpint: Världscupen Cortina 10.00 Lilla sportspegeln 10.35 Sanne Salomonsen 50 år 11.35 Alpint: Världscupen Cortina 13.10 På spåret 14.10 Candide 17.00 Se min värld 17.30 Tillbaka till Vintergatan 18.00 Nära djuren 18.30 Rapport 19.00 Playa del Sol 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Den sista munksålen 22.10 Rapport 22.20 Snapphår 23.20 Försvunnen 0.05 Sändningar från SVT24

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



VIÐURKENNT NÁM Í TÓNVINNSLU LAGASMÍÐAR OG HLJÓÐUPPTAKA

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA



Tónvinnslnámið er aðalnámsbraut Tónvinnskólans. Skólinn fékk nýlega viðurkenningu Digidesign sem viðurkenndur Pro Tools skóli, en Pro Tools er útbreiddasta upptökuforrit í heimi. Að námi loknu fá nemendur því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Það veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á Reason tónlistarforritinu.

Vinnuástaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á
www.tonvinnskuli.is.



DIPLOMA

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

HRÓSID ...



... fær Edda Guðmundsdóttir sem fagnar sjötugsafmæli sínu í dag með því að opna málverkasýningu.

HIN HLIÐIN: MARÍA HULD MARKAN TÓNLISTARKONA Í AMIINU

Fullkonnunaráráttan kemur sér vel


Eg er að semja tónverk fyrir útskriftartónleikana mína úr tónsmíðadeild LHÍ. Er líka að undirbúa tónleikaferð hljómsveitar minnar, amiinu, sem verður lagt í á vordögum.
Augnlitur: Gráblár.
Starf: Tónlistarkona.
Fjölskylduhagur: Gift.
Hvaðan ertu? Reykjavík.
Ertu hjátrúarfull? Í góðu hófi.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Gömlu Taggart-þættirnir.
Uppáhaldsmatur: Ferskt sushi.
Fallegasti staður: Mér finnst erfitt að gera upp á milli, þar sem ég hef ferðast mjög víða. Mjög ofarlega á blaði verð ég að setja Montraux í Sviss en hér heima er það Snæfellsnesið.
iPod eða geislaspilar: iPod þegar maður er á ferðinni en gamli góði geislinn heima.

Að hitta góða vini og að ferðast til staða sem maður hefur ekki komið til áður.
Hvað er leiðinlegast? Að þrifa.
Helsti veikleiki: Ætli það sé ekki að vera með helst til mikla fullkonnunaráráttu.
Helsti kostur: Fullkonnunaráráttan getur komið sér vel.
Helsta afrek: Að detta ekki niður af toppnum á fjögurra hæða píramída af fólki fyrir framan 5.000 áhorfendur í Boston.
Mestu vonbrigðin: Að verða ekki skautadrottning.
Hver er draumurinn? Margir og miklir.
Hver er myndnastur/fyndnust? Kötturinn á neðri hæðinni.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Tillitsleysi.
Hvað er mikilvægast? Að lifa lífinu til fulls og njóta þess.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Menn hafa sett orð **Pórarins Tyrtingssonar** yfir-læknis Vogs um að fyrrum skjólstaðingar Byrgis veltust milli ofsatrúarhópa í pólitískt samhengi. Að vonum enda beindi Pórarinn mjög spjótum sínum að Framsóknarflokknum – dregur flokkinn til ábyrgðar bæði vegna ófremdarástands í málefnum fíkla sem og að virðast byggja stefnu sína á því að alkóhólismi sé synd en ekki sjúkdómur. Þó menn vilji leggja yfirlýsingar Pórarins upp sem lið í baráttu SÁÁ fyrir auknu fjármagni telur Pórarinn sjálfur framgöngu sína ekki til þess fallna að sækja gull í greipar hins opinbera því í mála-flokknum halda Framsóknarmenn um budduna og hafa gert lengi. Nema þá að Pórarinn sé að veðja á að **Jón Sigurðsson** verði áhrifalaus eftir komandi kosningar – og leggja mikið undir.



Fréttablaðið hefur þegar greint frá því að feðginin **Lára og Ómar Ragnarsson** munu koma fram og keppa í sérstökum góðgerðarþætti Meistarans

hans **Loga Bergmanns Eiðssonar**. Tveir slíkir munu marka upphaf annarrar þáttaraðar. Fjölskyldubema er uppi hjá Loga í þessum tiltekna þætti því þeir sem munu etja kappi við feðginin eru bræðurnir **Steingrímur Sævarr** og **Jón Ólafssynir**. Ekki er búið að ganga frá því hverjir eigast við í hinum þættinum en Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að leitað hafi verið til **Guðna Ágústssonar**, varaformanns Framsóknarflokksins, sem lengi var á báðum áttum þar til hann komst að þeirri niðurstöðu að þátttaka hentaði sér ekki á þessum tímamarki. En Guðni hefur sem kunnugt er átt í strangri prófkjörsbaráttu við Hjalmar Árnason síðustu vikurnar. -jbg

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 RÚV-bíll 2 Hundraðasta skiptið.
- 2 Tony Blair og David Attenborough
- 3 Foreldrar

ARNAR JÓNSSON: TUTTUGA ÁRA SLYS REYNIST AFDRIFARÍKT

Stórleikari úr leik vegna meiðsla

„Jahhh, sko... maður nennir náttúrulega ekki að vera í fýlu vegna slyss sem gerðist fyrir 20 árum. Það væri til að æra óstöðugan,” segir Arnar Jónsson stórleikari.

Á fimmtudagskvöld þurfti Sigurður Skúlason að hlaupa í skarðið fyrir Arnar í Bakkynjum eftir Evripides sem nú er verið að sýna í Þjóðleikhúsinu. „Með glæsibrag,” segir Arnar. Forföll stórleikarans eiga sér langa sögu, söguna endalausau að sögn Arnars. Forsaga málsins er sú að hann hrundi niður af stillans árið 1984 og maskaði þá báða hæla auk þess að brjóta ökkla.

„Já, rúm tuttugu ár. Jahh, þá var ómegðin orðin svo mikil, viðkoman, að það þurfti að bæta við hæð ofan á húsið mitt. Ef þú vandar til verks, setur upp stillans og ferð við þriðja mann upp í fimm metra hæð og ætlar að negla dekk-ið þar, og hefur valið langband sem er með földum kvisti þá ertu nokkuð öruggur um að fara niður.“

Þetta var sem sagt fimm metra fall og Arnar telst heppinn að hafa sloppið lifandi frá þeirri flugferð. Arnar var í hjólastól í hálf tveim árum og þurfti að læra að ganga upp á nýtt.

„Ég var orðinn býsna flinkur að dansa í hjólastólum. En þessu fylgdi brjós-klos og svo kom hálf-prótesa í hægra hné og er ég með stál þar. Og nú er það vinstra hné sem er að stríða mér. Við þessu mátti búast og bara að taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti.“

Arnar segist ekki ætla að svekkja sig um of á þessu og heldur í vonina að „kroppa meg í þetta“. Að þetta sé brjós-klos sem sé að þrengja sér út. En það kemur í ljós eftir helgi hvort það er eitthvað meira. Arnar vill ekkert upplýsa hvort þetta muni hafa áhrif á fleiri verkefni á sviði leiklistarinnar. Segist ekki þora að segja meira en þetta:

„Ég þarf að vera orðinn nokkuð



ARNAR JÓNSSON Fyrir rúmum tuttugu árum datt hann niður, eina fimm metra, og maskaði báða hæla. Þau meiðsla elta hann alla tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

góður í golfið í vor. Ég fór einmitt í það á sínum tíma til að fá hæfilega göngu, blóðflæði í gang niður í fætur, en náði því lagi að ég er nú orðinn keppnismaður í golfi. Níu í forgjöf.“

Aðspurður hvernig frúin – Þórhildur Þorleifsdóttir – taki öllu

þessu ef litið er til þess að hann geti ekki verið til mikils gagns heima við svona á sig kominn segir Arnar Þórhildi ýmsu vana í þessum efnunum. Þegar slysið varð á sínum tíma voru þau með þrjú litil börn.

„Hún hefur haft fullar hendur

út af þessu slysi. Það er alveg áreiðanlegt. Svo ætla ég að skakklappast niður í Þjóðleikhúsi í kvöld [föstudags] en dóttir okkar, hún Sólveig, er að frumsýna.

Maður verður að standa með sínum.“

jakob@frettabladid.is

Súr hrogn og hvalsrengi

„Við vildum brydda upp á einhverju nýju og nýta eitthvað af því sem hafið hefur upp á að bjóða,“ segir Högni Snær Hauksson, starfsmaður fiskbúðarinnar Hafbergs. Fiskbúðin býður mikið úrval af þorrafiski nú þegar þorrablotin dynja yfir með tilheyrandi súrmat. Mestu athyglina hafa þó súr hrogn vakið í fisk-borðinu og útskýrir Högni að þau séu soðin og svo sett í súr. Nú stendur yfir hrognatímabilið og því grá-upplagt að nýta hrognin og koma þeim á þorrahlað-borðið. „Gestum og gangandi hefur verið boðið að smakka og þetta hefur mælst ágætlega fyrir,“ segir Högni.

Fiskmeti leikur stórt hlutverk hjá Íslendingum á stórhátíðum og merkisdögum. Nægir þar að nefna kæstu skötuna sem borin er fram á Þorláksmessu. Auðlind hafnsins er ekki síður



ÞORRAFISKUR Einhverjir súpa hveljur yfir þeim súrmat sem landinn lætur ofan í sig á þorranum.



KÁTIR MEÐ ÞORRAFISKUR Þeir Sigurður Fjeldsted og Högni Snær með fisk fyrir þorrablotin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

mikilvæg á þorranum en þá gæða Íslendingar sér á hákarli, súrum hval og hvalsrengi en það er fitan sem er næst kjötinu. „Á þorranum eru Íslendingar duglegir við kaupa eitthvað til að smakka og vilja brydda upp á einhverju skemmtilegu,“ segir Högni en viðurkennir að sumir skjóti signum fiski með í pokann til að fylla út í magann.

-fgg

★★★★★
 „Ég hvet ykkur til að sjá þessa mynd, hafið það gott og notalegt og njótið þess að horfa á íslenska snilld“
 Gagnrýni / Baggalútur.is
 Sýnd í Smárabíói • Regnbogunum • Nýja bíói Keflavík • Borgarbíói Akureyri
 Fjarðarbíói Patreksfirði á sunnudaginn kl 20.00
 20% afsláttur ef greitt er með korti frá Kaupþingi FRÉTTABLAÐIÐ

GRALLARARNIR GERÐU ALLT VITLAUST Á AKUREYRI
NÚ LOKSINS Í REYKJAVÍK! – ÖRFÁAR SÝNINGAR



KARÍUS OG BAKTÚS

Forsala hefst á miðvikudag!

**Miðasalan opnar kl. 13.00
– fyrstir koma fyrstir fá!**

Sun. 4. feb. kl. 13
Sun. 4. feb. kl. 14
Sun. 4. feb. kl. 15
Sun. 11. feb. kl. 13
Sun. 11. feb. kl. 14
Sun. 11. feb. kl. 15
Sun. 18. feb. kl. 13
Næstu sýningar: 25. feb. og 4. mars.

Einstakt forsölutilboð:

Þeir fyrstu 1.000 sem kaupa miða og lofa að bursta tennurnar með Colgate fá miðann á aðeins 1.000 kr!

Sýnt í Borgarleikhúsinu. Miðasala í síma 568 8000 og á netinu, www.borgarleikhus.is



LEIKFÉLAG
AKUREYRAR



Nú er tónlistin úr leikritinu komin út á geisladisk.

Sýningin tekur 25 mínútur í flutningi.
Miðaverð 1.450 kr.

Samstarfsaðili:



BORGARLEIKHÚSIÐ



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Vinstrigræðgi valdagrænna

Því miður virðast mér nýleg orð formanns Samfylkingarinnar um að flokkurinn beri sjálfur ábyrgð á því hvernig fyrir honum er komið vera gleymd og grafin. Undanfarið hefur forysta flokksins nefnilega verið órög við að slá annan tón í opinberri umræðu. Þetta er valdagræðginni í Steingrími að kenna.

ÞEGAR Steingrímur J. Sigfússon stakk upp á því í haust að stjórnarandstaðan stillti saman strengi sína til að bjóða öflugan valkost við núverandi ríkisstjórn gat formaður Samfylkingarinnar ekki stillt sig um að rifja upp þá tíma þegar gamli fjórflokkurinn ummyndaðist í þann nýja og ýjaði að því að um „sinna-skipti“ væri að ræða hjá Steingrími, því hann vildi ekki taka þátt í meintu kosningabandalagi vinstrimanna fyrir átta árum. Margrét Frímansdóttir segir í völdum æviminningum sínum að það hafi verið af því að hann fékk ekki nóg völd þar.

AUÐVITAÐ hentar það Samfylkingunni mun betur að stilla vinstri grænum upp sem sundrunarflá á vinstri vængnum en að horfast í augu við þá staðreynd að sjálf yfirgaf Samfylkingin vinstri vænginn með manni og mús strax árið 1999. Eða var það kannski vinstristefnan sem á sínum tíma rak þáverandi formann flokksins á fund verndarans í vestri, gestgjafans í Guantanamo, til að grátbiðja hann að fara nú ekki með morðtólin sín af landinu? Voru þau skilaboð frá íslenskum vinstrimönnum?

SÖMULEIÐIS hentar flokknum illa að rifja upp afstöðu sína til Kárahnjúkavirkjunar, nú á dögum almennrar umhverfisvitundar. Enda hefur hann komið sér upp glænýrri umhverfisstefnu, í beinni andstöðu við þá gömlu, fyrst skoð-anakannanir benda til þess að slíkt sé líklegt til vinsælda. Um leið er umhverfisstefna vinstri grænna, sem hefur verið óbreytt frá 1999 – úthrópuð sem lýðskrum.

EN þetta með valdagræðgina veldur mér heilabrotum. Mig minnir nefnilega að fyrir átta árum hafi byrinn ekki beint verið með Steingrími í brólti sínu. Ef mig misminnir ekki var hann allur í segl Samfylkingarinnar. Hafi Steingrímur séð það fyrir þá að eftir aðeins átta ár yrði líklegra að þjóðin treysti honum en Samfylkingunni og hann því stofnað Vinstrigræna af ein-skærri valdagræðgi árið 1999 – verður að hrósa honum fyrir fram-sýnina. Slíkum manni er greinilega treystandi fyrir völdum!

www.icelandexpress.is/jobs

Við erum í skýjunum!



Vegna stóraukinna umsvifa óskar Iceland Express eftir að ráða flugliða.

» **Kæri lesandi:** Þetta er Iceland Express sem talar. Í dag auglýsum við eftir fólki í störf flugliða sem geta hjálpað okkur að gera gott fyrirtæki enn betra. Áætlaður lestími þessarar auglýsingar er tvær mínútur.

Við erum bjartsýn að eðlisfari, enda höfum við fengið góðan meðbyr frá okkar viðskiptavinum. Í sumar munum við auka kraftinn enn frekar – taka hressilegan vaxtarkipp og fljúga til hvorki meira né minna en 13 áfangastaða um

alla Evrópu. Því viljum við ráða áhugasama, dugmikla og jákvæða einstaklinga sem hafa gaman að vera á ferð og flugi og vilja vinna á skemmtilegum vinnustað.

Við bjóðum upp á liflegt vinnuumhverfi, fjölbreytt starf og skemmtilegt samstarfsfólk.

Mundu bara að umsóknarfresturinn rennur út 28. janúar. Við vonum að þú hafir átt ánægjulegan lestur og óskum þér góðs sunnudags.

Nánari upplýsingar:
www.icelandexpress.is/jobs

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is



Töfrandi tilboð í janúar!

AEG
10-20% afsláttur

brabantia
20% afsláttur

..o.m.fl.
TEFAL
20% afsláttur

OPÍÐ Í DAG FRÁ KL. 13 TIL 18 - GRÍPTU GÆSINA!!

ORMSSON
SMÁRALIND

GERÐU DÚNDUR GÓÐ KAUP!